DANSHÓPURINN ÚT OG SUÐUR

*Línudans er góð líkamsrækt*

Heilsa tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




JÓN ÁSGEIR

*Keyrði alltaf á löglegum hraða*

Fékk enga sektarmiða í Gumball

FÓLK 38




Reyksuðukassar



Maíblað Veiðihornsins fylgir blaðinu í dag

veidihornid.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. maí 2006 — 123. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Nýta tækifærin



Íslenska tríóið Ampop er um þessar mundir í Sviss en þar hitar sveitin upp fyrir Zutones.

FÓLK 38

### Áhugamannasýning ársins

Leiksýningin Þuríður og Kambsránið í uppfærslu Leikfélags Selfoss var valin besta áhugamannasýning leikársins sem er að ljúka.

MENNING 28

### Um kosningar



„Það er eins og kosningabaráttan fari eitthvað í taugarnar á sumu fólki," skrifar Valgerður Bjarnadóttir. „Mér finnst rétt að staldra aðeins við þessa óþolinmæði og þreytu, og spyr sjálfa mig, hvenær eiga stjórnmálamenn að láta í sér heyra ef ekki fyrir kosningar?"

Í DAG 18

### Dómararnir klárir



Landsbankadeildin hefst á sunnudaginn og eru dómarar deildarinnar óðum að komast í rétta formið. Þeir hafa verið við æfingar hjá einkaþjálfara Eiðs Smára frá áramótum.

ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI EÐA HAFGOLA** - í dag verður hæglætisveður. Bjart með köflum og hætt við þokulofti við norður- og austurströndina. Hiti 7-18 stig hlýjast í uppsveitum suðvestan til.

VEÐUR 4


*Árangur skiptir máli*

Reykjavík er frábær

xS

Samfylkingin


# Lyf Actavis tífalt dýrari hér

**Þunglyndislyf frá Actavis kostar 2.162 krónur í Danmörku en 17.658 krónur hér. Verðmunurinn er allt að tífaldur á mörgum lyfja þeirra í þessum löndum. Ríkið niðurgreiðir flest lyf og er verðið ákveðið í samráði við það.**

**LYFJAVERÐ** Allt að tífaldur verðmunur er á lyfjum Actavis á Íslandi og í Danmörku.

Actavis skrifaði fyrir tæpum tveimur árum, ásamt fleiri lyfjaframleiðendum, undir samkomulag við heilbrigðisráðuneytið um að ná sambærilegu lyfjaverði hér og á Norðurlöndunum á tveimur árum.

Þunglyndisflyfið Oropram/Citaham er verðlagt á 17.658 krónur hjá Lyfjastofnun en Danir greiða rétt rúmar 2.162 krónur fyrir lyfið miðað við verðskrá dönsku lyfjastofnunarinnar. Munur á lyfjunum er nafnið eitt. Blóðfitulækkandi lyf sem kallast Sivacor hér á landi kostar 6.624 krónur en kostar rétt tæpar 645 krónur í Danmörku. Þar kallast lyfið Simvastatin. Svona mætti lengi telja.

Ingunn Björnsdóttir, dósent í lyfjafræði við lyfjafræðiháskólann í Danmörku, segir að svo virðist sem Actavis reyni að fara í kringum samninginn um lægra lyfjaverð með því að kalla lyfið sínu nafninu í hvoru landi.

„Verðmunurinn kom mér gjörsamlega á óvart. Ég gerði ráð fyrir að Actavis stæði við sinn hluta samningsins og ég gerði líka ráð fyrir því að ef þeir færu út af sporinu væri þeim kippt á það aftur, og Lyfjagreiðslunefndin hefði séð til þess," segir Ingunn: „Ég get ekki séð lógískar skýringar á verðmuninum, nema að Íslendingar séu að niðurgreiða lyf ofan í Dani."

Halldór Kristmannsson, talsmaður Actavis, segir markaðina ólíka og nöfnin á lyfjunum því einnig. Actavis tapi á versluninni við Dani: „Actavis ákveður ekki verðið á lyfjunum hér. Við komum með verðtillögu sem tekur mið af meðalverði á hinum Norðurlöndunum. Lyfjagreiðslunefnd þarf að samþykkja útreikningana," segir Halldór og bætir við: „Actavis hefur staðið við samninginn. Það hefur lækkað verð lyfja sinna um 170 milljónir króna og söluveltuna um fjórtán prósent frá því að samningurinn var gerður."

Landlæknisembættið hefur verðmuninn til skoðunar og hefur kynnt heilbrigðiseftirlitinu niðurstöðuna.

Einar Magnússon hjá heilbrigðisráðuneytinu segir í athugun hvort Actavis fari á svig við samninginn: „Við vissum af því að á markaði á Norðurlöndum væru til samheitalyf sem væru ódýrari en hér. Þau lyf eru einfaldlega ekki seld á Íslandi. Það hefur enginn séð sér hag í því að flytja þau inn." Einar segir að stundum séu umbúðir lyfjanna ólíkar en oft sé ekki hægt að útskýra verðmuninn.

- gag



**TEIKNAÐ VIÐ ÁRBÆJARSAFN** Þrjár stúlkur sem eru nemendur í Ártúnsskóla notuðu veðurblíðuna í gær til að teikna myndir af gömlu húsunum sem eru í Árbæjarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓNAS GARÐARSON** Jónas sést hér við vettvangsrannsókn í smábátahöfn Snarfara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjóslysið á Viðeyjarsundi:

## Matthildur ekki við stýrið

**DÓMSMÁL** Réttarmeinafræðingur sem bar vitni fyrir dómi í gær sagði það afar ólíklegt að Matthildur V. Harðardóttir hefði verið við stýrið þegar skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri í september í fyrra.

Jónas Garðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, er ákærður fyrir manndráp af gáleysi, en Friðrik Á. Hermannsson og Matthildur létu lífið í sjóslysinu. Jónas hélt því fram fyrir dómi að Matthildur hefði stýrt bátnum þegar slysið varð. Ákæruvaldið krefst þess að Jónas verði dæmdur í þriggja ára fangelsi. - mh /sjá síðu 16

Lögreglan í Reykjavík handtók mann á leiksvæði Hagaborgar:

## Veifaði hnífi á leikskólalóð

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fimmtugsaldri, sem veifaði hnífi á leiksvæði leikskólans Hagaborg við Fornhaga var handtekinn um fjögurleytið í gær af lögreglunni í Reykjavík. Það var starfsfólk leikskólans sem gerði lögreglu viðvart þegar það varð mannsins vart. Brást hún skjótt við, fór á staðinn, setti manninn í járn og flutti á lögreglustöðina.

Það var klukkan 15.50 sem lögreglunni barst tilkynning um að maður væri að veifa hnífi í allar áttir á leiksvæði Hagaborgar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði sambýliskona mannsins beðið hann að sækja barn sitt á leikskólann. Henni var ókunnugt um að hann hefði við að neyta fíkniefna.

Héraðslæknir var kallaður á lögreglustöðina í gær vegna þessa manns og annars, sprautufíkils um tvítugt, sem kominn var á svokallaðan „dauðaskammt" af verkjalyfinu contalgini. Hann hafði verið í sjálfsvígshugleiðingum og var lögreglan beðin um aðstoð. Hún fór í Breiðholt í gær, þar sem maðurinn hélt til, handtók hann og færði á lögreglustöðina. Hlutdeild héraðslæknis felst í því að koma fólki sem svo er ástatt um inn á geðdeild, en þar hefur lögregla aðgang að einu til tveimur neyðarplássum á sólarhring.

Talsvert ber á því að fólk neyti svokallaðra „harðra" fíkniefna þessa dagana að sögn lögreglu, en neyslan virðist ganga nokkuð í bylgjum. -jss


Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

xF

www.xf.is
www.f-listinn.is



## SPURNING DAGSINS

*Ertu að tryggja hagsmuni þína í bak og fyrir?*

Já, ég er að því.

Runólfur Birgisson er bæjarstjóraefni vinstrimanna á Siglufirði. Hann er sjálfur í Sjálfstæðisflokknum. Margur mun því ætla að hann verði sáttur hvort sem vinstrimenn sigra eða sjálfstæðismenn.

Lögreglan í Reykjavík rannsakar tvö mál sem tengjast einum einstaklingi:

# Milljóna fjársvik í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík hefur nú til rannsóknar tvö umtalsverð fjársvikamál, þar sem sami maður kemur við sögu í báðum tilvikum.

Í fyrra tilvikinu var maðurinn úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku vegna svika á vöru út úr byggingavöruverslun. Tekið var í heimildarleysi út á reikning, sem viðskiptavinur verslunarinnar var með, vörur að andvirði tæpar milljónir króna.

Skömmu síðar barst lögreglunni kæra vegna úttektar úr heimabanka starfsmanns í Brimborg. Þar höfðu verið teknar út 1,8 milljónir króna á einu bretti og millifærðar inn á reikning sama manns og að ofan er getið. Í fyrstu barst grunur að konu sem sá um hreingerningar innan fyrirtækisins, en hún er systir mannsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur lögregla ekki lengur ástæðu til að ætla að hún hafi yfirfært peningana. Lögreglan hefur meðal annars unnið að því að rekja IP númer tölvunnar sem yfirfærslan var gerð úr. Talið er óyggjandi að maðurinn hafi fengið fjárhæðina en leitað er vitorðsmanns eða viðorðsmanna, sem álitið er að hafi haft nauðsynlegar upplýsingar um heimabankann sem rænt var úr undir höndum.




**HEIMABANKAR** Allnokkur mál vegna rána úr heimabönkum hafa verið til rannsóknar hjá lögreglu.

Bæði þessi mál eru enn í rannsókn þar sem játningar liggja ekki fyrir í þeim. -jss

Breskur aðalsmaður:

## Reyndist vera bandarískur

**BRETLAND, AP** Komið hefur í ljós að maður á fimmtugsaldri, sem í áratug þóttist vera breskur aðalsmaður, er í raun bandarískur.

Maðurinn var handtekinn í janúar í fyrra og dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að þykjast vera Christopher Edward Buckingham jarl, sem lést árið 1963 aðeins átta mánaða gamall. Maðurinn situr í fangelsi á Bretlandi því hann hefur ekki viljað gefa upp sitt rétta nafn. Í raun heitir hann þó Charles Albert Stopford, fæddur í Flórída. Ættingjar hans þekktu hann á myndum, en hans hefur verið saknað í Bandaríkjunum í 20 ár. - gb

Ástjörn í Hafnarfirði:

## Fólk fari ekki í skærlit föt

**NÁTTÚRA** Fólk sem á leið nærri Ástjörn í Hafnarfirði á að forðast að klæðast skærlitum fötum og ekki vera með hávaða eða annan skarkala.

Ástæðan er sú að fuglavarp er að hefjast og því er búið að takmarka umferð um friðlandið. Ástjörn og svæðið í kringum hana er friðlýst í samræmi við náttúruverndarlög. Við tjörnina er að finna eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi. ■



**NAPOLITANO AND D'ALEMA** Giorgio Napolitano kom á síðustu stundu í staðinn fyrir Massimo D'Alema sem frambjóðandi vinstrimanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar á Ítalíu:

## Fyrsta umferð árangurslaus

**ÍTALÍA, AP** Fyrsta umferð forsetakosninganna á Ítalíu fór fram í gær. Enginn frambjóðandi fékk tilskilinn meirihluta, tvo þriðju hluta atkvæða.

Forseti Ítalíu er kosinn af sérstöku þingi kjörmanna, sem er sameinað þing efri og neðri deildar þjóðþingsins ásamt fulltrúum frá 20 héruðum landsins.

Miðju- og vinstriflokkar undir forystu Romanos Prodi nefndu á síðustu stundu Giorgio Napolitano sem frambjóðanda sinn, en hann fékk ekki stuðning miðju- og hægriflokkanna undir forystu Silvios Berlusconi. - gb



**ÞÓRDÍS ÓLÖF EIRÍKSDÓTTIR OG FREYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR** Gríðarleg mannekla er á sambýlum og heimilum fyrir fjölfatlaða og horfurnar ekki góðar. Launin eru afspyrnu lág, rétt rúmar 100 þúsund krónur. Þórdís Ólöf Eiríksdóttir og Freydís Guðmundsdóttir telja að laununum sé um að kenna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fólki verður hjálpað á salernið og búið

**Manneklan er svo mikil á sambýlum fyrir fatlaða að starfsmenn eru beðnir um að reyna að fá vini og ættingja í vinnu. „Neyð," segir félagsliði. Ef samkomulag næst ekki verður setuverkfall í sólarhring og svo í fjóra daga um miðjan maí.**

**FJÖLFATLAÐIR** Erfitt verður að halda uppi grunnþjónustu á sambýlum og heimilum fyrir fjölfatlaða úti um allt land ef sólarhrings setuverkfall starfsmanna á þessum heimilum verður að veruleika um miðjan maí. Ef ekki hefur samist er ætlunin að boða fjögurra sólarhringa setuverkfall skömmu síðar.

Freydís Guðmundsdóttir er forstöðuþroskaþjálfi á heimili fyrir fjölfötluð ungmenni í Árlandi 9 í Reykjavík. Á heimilinu búa fimm unglingar sem þurfa mikla aðstoð. Freydís segir að ófremdarástand verði á heimilinu ef setuverkföllin skella á. Einungis verði hægt að sinna lágmarksþjónustu.

„Þau geta ekki farið á fætur. Þeim verður hjálpað á klósettið og gefið að borða en annars verða aðrir að koma til skjalanna. Við verðum sennilega að leita til aðstandenda ef til verkfallanna kemur, annars getur fólkið ekki farið á fætur," segir Freydís.

Þórdís Ólöf Eiríksdóttir er félagsliði á heimili við Árland. „Það eru yfirvofandi erfiðleikar við að manna heimilið í sumar, fá afleysingafólk og eins fólk í fastar stöður. Þetta hefur verið viðvarandi vandamál í vetur og farið versnandi. Ástandið er víða svo slæmt að aðeins er hægt að sinna algjörri lágmarksþjónustu, gefa fólkinu að borða og hjálpa því við það nauðsynlegasta. Við höfum áhyggjur af því sem er framundan," segir hún.

Fólksflóttinn á sambýlum og heimilum fyrir fjölfatlaða hefur gert það að verkum að álagið hefur aukist á þeim sem eftir eru. „Þetta er krefjandi og slítandi vinna og um leið gefandi en það er ekki endalaust hægt að standa aukavaktir," segir Þórdís Ólöf.

Félagsliðar á sambýlum og heimilum fyrir fatlaða í Reykjavík fara fram á launahækkun til jafns við það sem greitt er fyrir sambærileg störf hjá sveitarfélögunum. Munurinn þarna á milli segja þær Freydís og Þórdís Ólöf nema tugum þúsunda króna. „Við berjumst fyrir því að okkar laun verði lagfærð svo að þau verði mannsæmandi," segir Þórdís Ólöf.

„Neyðin er slík að Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra í Reykjavík biður starfsmenn að kynna vinnustað sinn fyrir vinum og vandamönnum með það í huga að einhver áhugasamur vilji koma í afleysingar eða fasta vinnu. Það hefur aldrei gerst áður."

ghs@frettabladid.is

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Réttindalaus** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði í gær ökumann á meira en 130 kílómetra hraða. Ökumaðurinn reyndist réttindalaus og má hann búast við því að fá háa fjársekt auk þess sem hann fær prófið nokkrum mánuðum seinna en hann hefði annars fengið.

**Ók útaf veginum** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á Þrengslavegi um hádegisbilið í gær. Þrír farþegar voru í bílnum auk ökumanns en enginn þeirra slasaðist mikið. Bifreiðin var flutt af vettvangi með kranabifreið og er hún talin ónýt.



**FRELSINU FEGNIR**

Námuslys í Tasmaníu:

## Tveir sluppu lítið meiddir

**NÁMUSLYS** Tveimur áströlskum námuverkamönnum, Brant Weeb og Todd Russell, var bjargað í gær úr námu í Tasmaníu en þeir höfðu verið lokaðir inn í henni síðan jarðskjálfti reið yfir hinn 25. apríl.

Í fyrstu voru mennirnir þrír en 44 ára gamall Ástrali, Larry Knight, lést vegna áverka sem hann hlaut.

Paul James Reynolds, sem stýrði björgunarstarfinu á vettvangi, sagði menn sína hafa unnið afrek og hrósaði tvímenningunum fyrir áræðni þeirra og þol. „Það er ótrúlegt að þeir hafi bjargast, miðað hversu aðstæðurnar voru erfiðar." - mh


Samfylkingin | Reykjavík 2006





Íransforseti skrifar Bandaríkjaforseta bréf:

# Leggur til nýjar lausnir

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti skrifaði George W. Bush Bandaríkjaforseta bréf í gær, þar sem hann leggur til „nýjar lausnir" á deilu landanna sem ágerist æ meir. Annar háttsettur fulltrúi Íransstjórnar sagði bréf Ahmadinejads opna á hugsanlega nýja leið til samningalausna, en talsmenn Bandaríkjastjórnar sögðu bréfið litlu breyta og ítrekuðu kröfuna um að Íranar hætti við kjarnorkuáætlun sína.

Bréfi Ahmadinejads virtist af hálfu Írana ætlað að slá vopnin úr höndum Bandaríkjamanna, sem þrýsta á um að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki í vikunni nýja ályktun um kjarnorkumál Írana. Með bréfinu kveður altént við heldur annan tón en Ahmadinejad hefur annars látið í sér heyra að undanförnu. Hann hefur í ræðum sínum ítrekað lýst Bandaríkjastjórn og bandamönnum hennar sem yfirgangs tuddum sem hefðu einsett sér að hindra Írana í að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.



**VILL FRIÐMÆLAST** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti brosti sínu blíðasta á ráðstefnu í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spennan vegna hinnar væntanlegu öryggisráðsályktunar jókst enn í gær, er fulltrúi Kínverja í ráðinu sagði að ályktunartillagan sem fram væri komin gæti leitt til nýs stríðs. Skoraði hann á fulltrúa Breta og Frakka að falla frá stuðningi við að í ályktuninni væri minnst á hugsanlegar refsiaðgerðir eða hernaðaraðgerðir gegn Írönum. - aa



„Sá sem alltaf hækkar flugið hlýtur einhverntíma að hrapa"
Að sjúga rokk og ról
ekki aftur snúið"
Gaman að byrja
UTANGARÐSMENN
BUBBI Á LEIÐ TIL AMERÍKU
EGO
Rokkárið
Bubbi dreginn að
DAS KAPITAL
Bubbi kóngur markaðshyggjunnar
Sögulegar
MX-21
GCD
Bubbi, rokkari eða trúbadúr?
Engir venjulegir tónleikar ...
BUBBI 06.06.06
AFMÆLISTÓNLEIKAR 6. JÚNÍ Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Fram koma helstu hljómsveitir Bubba í gegnum tíðina: Utangarðsmenn, EGO, Das Kapital, MX–21, GCD og svo hann sjálfur með kassagítarinn. Einnig koma fram aðrir þekktir listamenn sem munu taka lög eftir afmælisbarnið. Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði!
Miðasala í verslunum Og Vodafone.
Miðaverð: 4.900 kr. í stæði. UPPSELT Í SÆTI
Nánari upplýsingar á www.ogvodafone.is, þjónustuver 1414.
GLITNIR
og vodafone
Heyrumst!
GAMLA BÍÓ! ROKKAÐ

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 08.05.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,36 | 71,7 |
| Sterlingspund | 132,98 | 133,62 |
| Evra | 91,06 | 91,56 |
| Dönsk króna | 12,208 | 12,28 |
| Norsk króna | 11,709 | 11,777 |
| Sænsk króna | 9,781 | 9,839 |
| Japanskt jen | 0,6419 | 0,6457 |
| SDR | 106,21 | 106,85 |

*Gengisvísitala krónunnar*
126,172

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þegar eru 210 starfsmenn Keflavíkurflugvallar komnir með trygga vinnu.

# Enn eru um sjötíu störf í boði

**VARNARLIÐIÐ** Um 140 starfsmenn Keflavíkurflugvallar hafa verið skráðir til starfa hjá opinberum íslenskum aðilum við rekstur flugvallarins. Þetta er gert í samræmi við lög sem Alþingi samþykkti fyrir helgina vegna brotthvarfs bandaríska varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli í haust.

Á annað hundrað flugvallarstarfsmenn sóttu fund í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í gær með Geir H. Haarde utanríkisráðherra og Árna Sigfússyni, bæjarstjóra Reykjanesbæjar.

„Auk starfsmannanna 140 hafa 70 í viðbót horfið til nýrra starfa,“ segir Árni. Við getum verið nokkuð sátt við þá hreyfingu sem er á málinu. Hins vegar hvet ég starfsmenn á varnarsvæðinu til þess að huga strax að sínum málum en bíða ekki starfslokanna í haust með að leita að annarri vinnu.“

Árni segir að um 145 manns hafi sótt námskeið sem efnt hafi verið til af hálfu starfsgreinafélaga og Reykjanesbæjar. „Um 60 fyrirtæki hafa leitað til okkar þannig að enn eru um 70 störf sem bjóðast. Við erum nokkuð bjartsýn miðað við hve skammt er síðan línurnar skýrðust,“ segir Árni. - jh



**ÁRNI SIGFÚSSON BÆJARSTJÓRI REYKJANESBÆJAR** „Getum verið nokkuð sátt við þá hreyfingu sem er á málinu.“



**EINN UPPREISNARMANNA** Friðarsamningar í Darfúr hafa vakið von. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðarviðleitni í Darfúr:

# Bush vill senda friðargæslulið

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti vill að Sameinuðu þjóðirnar sendi friðargæslulið til Darfúrhéraðs í Súdan, nú þegar friðarsamkomulag hefur verið undirritað milli stjórnvalda í Darfúr og stærsta uppreisnarliðsins.

Bush fagnaði friðarsamkomulaginu, sem undirritað var á föstudaginn, og sagði það vekja nýja von fyrir þetta stríðshrjáða hérað. Tveir smærri hópar uppreisnarmanna eru þó ekki aðilar að samkomulaginu.

Bush vill tvöfalda 7.500 manna friðargæsluliðið, sem Afríkuríki hafa í héraðinu, og setja það undir stjórn Sameinuðu þjóðanna. - gb

## LÖGREGLUMÁL

**Bílvelta í Jökuldal** Tveir erlendir ferðamenn sluppu með skrámur þegar bíll þeirra valt útaf þjóðveginum í Jökuldal um miðnætti í fyrrakvöld. Er bíll þeirra talinn ónýtur eftir velturnar.

# Einhliða upptaka evrunnar er sögð gerleg en óráðleg

**Hervé Carré, einn æðsti embættismaður Evrópusambandsins á sviði efnahagsmála, segir að Íslendingar geti einhliða tekið upp evru, án aðildar að myntbandalaginu og ESB. Hins vegar væri slík ráðstöfun áhættusöm.**

**EVRÓPUMÁL** Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar taki upp evruna einhliða, kjósi þeir það, en erfitt er að sjá að slík ráðstöfun geti samræmst efnahagslegum hagsmunum landsins. Þetta sagði Hervé Carré, nýskipaður yfirmaður Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, á morgunverðarfundi sem haldinn var í tilefni af Evrópudeginum á Hótel Nordica í gær, en hann á að baki áratugaferil í stjórnsýslu ESB og var sem slíkur einn hugmyndasmiða Efnahags- og myntbandalagsins.



**HERVÉ CARRÉ**

Carré svaraði fyrirspurn um möguleikann á einhliða upptöku evru á þennan veg, með vísan til þess að með slíkri ráðstöfun væri kostum þess að vera með sjálfstæðan gjaldmiðil kastað án þess að kostir myntbandalagsaðildar kæmu í staðinn, svo sem hvað varðar þátttöku í mótun peningamálastefnunnar og baktryggingu Seðlabanka Evrópu ef til fjármálakreppu kæmi á Íslandi. Einhliða evrutenging væri því áhættusöm og erfitt að sjá að hún hentaði opnu og háþróuðu hagkerfi eins og því íslenska. Þau fordæmi sem til væru um einhliða notkun evru sem lögeyris, svo sem í Kosovo og Bosníu, væru engan veginn sambærileg við þá stöðu sem Ísland væri í. Þau lönd sem notuðu bandaríkjadal sem lögeyri, svo sem Panama og Kosta Ríka, væru að efnahagsuppbyggingu svo gerólík Íslandi að þar væri heldur ekki um að ræða fordæmi sem ættu við um Ísland.



**FJÖLMENNT** Fjöldi fólks mætti á fundinn og tók þátt í umræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Carré var aðalræðumaður á morgunverðarfundi um hlutverk evrunnar í hnattvæðingunni sem haldinn var í tilefni af Evrópudeginum 9. maí, en að fundinum stóðu fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, Euro-Info skrifstofan, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Í erindi sínu lagði hann meðal annars áherslu á það hvernig myntbandalagið hefði hjálpað aðildarþjóðunum að bregðast við þeim áskorunum sem hnattvæðingin hefði haft í för með sér. Hann sagðist binda vonir við að endurnýjaður stöðugleikasáttmáli Efnahags- og myntbandalagsins yrði til þess að auka tiltrú á og kynda undir hagvexti á evrusvæðinu. Að sínum dómi væri hinn efnahagslegi ávinningur af myntbandalaginu ekki enn að fullu kominn fram.

audunn@frettabladid.is




**Umsóknarfrestur er til 29. maí.**
Allar nánari upplýsingar á www.ru.is og hjá námsráðgjöfum í síma 599 6200.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK · HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞOKULOFTIÐ KALDA**
Í þessum hlýindum sem verið hafa gerist það að svalur sjórinn fyrir norðan og austan dregur upp þokubakka hér og hvar. Þar sem þokan gerir sig gildandi er ískalt. Ennfremur er einnig mun svalara þar sem hafgolan nær sér upp. Hitinn í dag verður 7-18 stig en svalara þar sem þokuloftið verður. Reyndar eru heldur minni líkur á því í dag en í gær.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hægviðri eða hafgola. Hálfskýjað eða léttskýjað. Hiti 11-15 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C léttskýjað | París | 16°C skúrir | Alicante | 23°C léttskýjað |
| Osló | 23°C léttskýjað | Berlín | 23°C léttskýjað | Mallorca | 21°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 17°C léttskýjað | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Krít | 21°C léttskýjað |
| Gautaborg | 23°C léttskýjað | Friedrichshafen | 20°C heiðskírt | Las Palmas | 21°C léttskýjað |
| London | 14°C skúrir | Barcelona | 18°C léttskýjað | Miami Florida | 32°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# risaSMÁR




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32578 05/2006

## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
En risaSMÁR er snilld.
Íslenskar hitabylgjur eru ekki heitar á heimsmælikvarðanum.
Samt breytist Ísland í Suðurhafseyju og kulvísasta fólk fer út á götur í sundklæðum. Íslenskar hitabylgjur eru risaSMÁAR.**

**Yaris** er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi.
**Yaris** er risaSMÁR.

risaSMÁR. Settu það í orðabókina þína.



**Verð frá 1.489.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



## KJÖRKASSINN

*Á að reisa innanlandsflugvöll á Lönguskerjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26% |
| Nei | 74% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fylgjast með Landsbankadeildinni í fótbolta í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Bandaríkjaforseti velur nýjan yfirmann CIA:

# Blæs nýju lífi í gamlar deilur

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti valdi í gær Michael Hayden herforingja sem næsta yfirmann leyniþjónustunnar CIA. Bæði stjórnarandstæðingar úr Demókrataflokknum og flokksfélagar Bush úr Repúblikanaflokknum hafa gagnrýnt þetta val, meðal annars á þeim forsendum að yfirmaður leyniþjónustunnar eigi ekki að hafa bakgrunn í hernum.

Bush minntist í gær hvorki á gagnrýnendur Haydens né nokkur efnisatriði gagnrýninnar, heldur sagði eingöngu: „Mike Hayden er afskaplega hæfur í þetta embætti.“ Til þess að Hayden hreppi embættið þarf staðfestingu frá þinginu, en áður en þingið veitir staðfestingu sína fara fram yfirheyrslur þar sem Hayden þarf meðal annars að svara fyrir störf sín sem yfirmaður bandaríska þjóðaröryggisráðsins.

Sem yfirmaður þess bar Hayden ábyrgð á umdeildum hlerunum, sem komust í hámæli síðastliðinn vetur. Fastlega er reiknað með því að þær deilur blossi upp að nýju. Hljóti Hayden staðfestingu þingsins tekur hann við af Porter Goss, sem hafði ekki gegnt embætti yfirmanns CIA nema í tæp tvö ár þegar hann sagði óvænt af sér á föstudaginn. - gb



**HAYDEN OG BUSH** Bandaríkjaforseti fylgdist með í gær þegar Hayden ræddi við blaðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Verðbólgan ræður framtíð krónunnar

**Forystumenn iðnaðar og atvinnulífs telja að mikil verðbólga á næsta ári samfara niðursveiflu geti ráðið úrslitum um framtíð krónunnar. Framvindan verði undir því komin hvernig semjist um kaup og kjör á vinnumarkaði.**

**KRÓNAN** Forystumenn samtaka atvinnulífs og iðnaðar telja að ögurstund krónunnar geti runnið upp takist ekki að hemja verðbólgu á sama tíma og hagvöxtur minnkar á næsta ári.

„Við munum fara í gegnum afar mikilvægt próf að þessu leyti,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Við sjáum fram á nokkra niðursveiflu og þá er nauðsynlegt að ná verðbólgunni mjög langt niður á sama tíma. Ef verðbólgan verður há í niðursveiflu næsta árs er mjög erfitt að sjá hvernig hemja ætti hana í uppsveiflu á árinu 2008 og eftir það. Þá væri krónan í rauninni fallin á prófinu. Búið er að stilla allt hagkerfið inn á lága verðbólgu og taka allar verðbólguvarnir úr sambandi. Verðbólga við þessi skilyrði yrði afar dýr fyrir fyrirtækin og heimilin.“

Vilhjálmur segir að það sé ekki síst á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins að ná verðbólgunni niður fyrir 2,5 prósent. „Það hvílir mikil ábyrgð á þeim.“

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að vinnumarkaðurinn eigi eftir að taka afstöðu til þess hvort gengisfelling og verðbólguskot af völdum þess sé tilefni til að hækka laun. „Við óttumst að ef samið verður um miklar launahækkanir fari verðbólgan úr böndunum.“

Sveinn segir að menn hafi það gegn upptöku evrunnar að efnahagslífið hér sveiflist ekki með hagsveiflu innan Evrópusambandsins. Hér sé reynt að kæla hagkerfið með háum vöxtum á sama tíma og ESB reynir að örva hagvöxt með lágum vöxtum. „Þrátt fyrir þessi varnaðarorð er ekki annað að sjá en að löndum eins og Írlandi, Finnlandi og Lúxemborg gangi bærilega vel með evruna. Ef efnahagsstjórnin er traust þola löndin mikinn hagvöxt. Helsti kostur evrunnar eru minni sveiflur og minni viðskiptakostnaður milli landa, meiri samkeppni og meiri samkeppnishæfni,“ segir Sveinn.

„Ef við teldum að hætta væri á meiri verðbólgu hér en innan ESB væri upptaka evrunnar ótvíræður kostur. Auk þess væri gengisstöðugleiki gagnvart evrusvæðinu kostur. Menn hefðu frekar tækifæri til að flytja sín viðskipti og tengjast svæðinu meira. Ókosturinn er sá að með upptöku evrunnar væru menn að afsala sér einum þætti í aðlögunarhæfni hagkerfisins,“ segir Vilhjálmur Egilsson.

johannh@frettabladid.is



**SVEINN HANNESSON**



**VILHJÁLMUR EGILSSON**









Áfengisdrykkja á meðgöngu:

# Danskar konur drekka mest

**DANMÖRK** Danskar konur drekka mest allra kvenna í Evrópu á meðgöngutímanum.

Áttatíu prósent þeirra drekka eitthvað á þessu tímabili og ein af hverjum fimm hefur drukkið meira en sjö áfengiseiningar á einu kvöldi. Þetta sýna nýjar tölur frá dönskum heilbrigðisyfirvöldum sem greint var frá í gær. Samkvæmt þarlendum sérfræðingum er greinanlegur munur á þroska barna mæðra sem ekkert drekka á meðgöngu og þeirra sem drekka þrjár áfengiseiningar á viku. - ks



**STRIKIÐ Í KAUPMANNAHÖFN** Í rannsókninni kemur ekki fram hvort barnshafandi konur í höfuðborginni drekki meira en konur annars staðar í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sykurskert Kókómjólk

# Sykurskert Kókómjólk er helmingi léttari!

*Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.*

*Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.*












***Sykurskert Kókómjólk er fáanleg um allt land.***

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver sigraði í Formúlu 1 keppninni í kappakstri um helgina?

2 Hvað heitir forseti Ítalíu?

3 Hvað heitir yngsti leikmaðurinn í enska landsliðshópnum í fótbolta?

SVÖRIN ERU Á S. 38

Nýjar kenningar um þróun veðurfars í framtíðinni:

# Spá meiri öfgum í veðurfari

**ÍTALÍA** Flóð og þurrkar við Miðjarðarhafið, meiri snjór í austanverðri Evrópu og mun breytilegra veðurfar í Norður-Ameríku en verið hefur er meðal þess sem ítalskir vísindamenn hafa reiknað út að verði raunin næstu áratugina eða svo.

Byggja þeir á upplýsingum frá hundruðum reiknilíkana um þróun veðurfars á jörðu fram á næstu öld og er spáin svartsýn enda verða allar breytingar á veðri og vindum mun örari en nú.

Mestar verða breytingarnar við Miðjarðarhafið og í norðausturhluta Evrópu. Mun minna mun rigna við Miðjarðarhafið í náinni framtíð samkvæmt spám Ítalanna sem aftur eykur líkurnar á langvarandi þurrkum og flóð verða algengari þess á milli.

Mun meiri snjór mun falla í Norður- og Norðaustur-Evrópu og margar og tíðar breytingar verða á stórum hluta Bandaríkjanna og Kanada gangi spárnar eftir. Í heildina telja vísindamennirnir að meiri öfgar færist í veðurfar víða um jörð sem geri öllu verra en nú er að spá fyrir um veðrið. - aöe



**MEIRI SNJÓR** Norðurlandabúar mega búast við almennt meiri snjókomu upp úr miðri öld samkvæmt nýjum spám vísindamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitarfélagið Ölfus:

# Bætur vegna uppsagnar

**DÓMSMÁL** Sveitarfélagið Ölfus var fyrir héraðsdómi dæmt til að greiða fyrrverandi forstöðumanni Egilsbúðar og bókasafni Þorlákshafnar rúmar tvær milljónir króna vegna ólögmætrar uppsagnar.

Voru rök sveitarfélagsins þau að uppsögn mannsins hefði verið liður í endurskipulagningu og breytingum á rekstri og staðsetningu umræddss bókasafns en dómari taldi að bæjarráð hefði átt að standa að uppsögn mannsins en ekki bæjarstjórinn eins og raunin varð. Voru manninum því dæmdar bætur að upphæð 2,2 milljónir en hann fór upphaflega fram á bætur upp á 6,7 milljónir. - aöe

## VESTMANNAEYJABÆR

Vestmannaeyjar fengu formleg kaupstaðarréttindi árið 1918 og var fyrsti bæjarstjórnarfundur haldinn í febrúar 1919. Þá bjuggu um tvö þúsund manns í Eyjum og fór mjög fjölgandi eins og sést á því að um 1930 var íbúafjöldinn komin í tæplega 3.400 manns. Mestur varð hann 1972 er liðlega 5.300 manns bjuggu í Eyjum. Þann 1. desember á síðasta ári bjuggu þar 4.275 manns samkvæmt tölum Hagstofunnar.

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 3.100
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 2.802 (90,3%)

**Listi Framsóknarflokksins og óháðra (B)** 431 atkvæði - 1 fulltrúi
**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)** 1.266 atkvæði - 3 fulltrúar
**Vestmannaeyjalistinn (V)** 1.006 atkvæði - 3 fulltrúar

Meirihlutasamstarf 2002-2006 hefur verið með öllum listum á víxl. Fyrst voru D- og B-listi í samstarfi, síðan B- og V-listi og loks D- og V-listi.

**Bæjarfulltrúi B-lista:**
Andrés Sigmundsson

**Bæjarfulltrúar D-lista:**
Guðjón Hjörleifsson
Arnar Sigurmundsson
Selma Ragnarsdóttir

**Bæjarfulltrúar V-lista:**
Lúðvík Bergvinsson
Guðrún Erlingsdóttir
Stefán Óskar Jónasson

**KOSNINGAR 2006:**
**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:**
1. Elliði Vignisson framhaldsskólakennari
2. Páley Borgþórsdóttir lögfræðingur
3. Páll Marvin Jónsson sjávarlíffræðingur
4. Gunnlaugur Grettisson skrifstofustjóri

**Efstu menn F-lista, frjálslyndra og óháðra**
1. Arnar G. Hjaltalín, formaður Drífanda
2. Hanna B. Jóhannsdóttir stuðningsfullt.
3. Sara Hamilton grunnskólakennari
4. Georg Arnarson sjómaður

**Efstu menn á V-lisa, Vestmanneyjalist.:**
1. Lúðvík Bergvinsson, bæjarfulltrúi og alþingismaður
2. Hjörtur Kristjánsson læknir
3. Kristín Jóhannsdóttir, menningar- og markaðsfulltrúi
4. Páll Scheving framkvæmdarstjóri

Frambjóðendur í Vestmannaeyjum takast á við óróa á kjörtímabilinu:

# Þurfa að ná trausti kjósenda

**KOSNINGAR** Sú óvenjulega staða er uppi í bæjarstjórn Vestmannaeyja við lok þessa kjörtímabils að þar er enginn minnihluti heldur bara einn meirihluti. Hann er reyndar sá þriðji á fjórum árum. Allt hófst þetta með samstarfi D- og B-lista en oddviti Framsóknar gekk úr skaftinu ári eftir kosningar og tók upp samstarf við V-listann. Hann var þó einn um þá skoðun í flokknum og skapaði sú staða mikla óvissu. Síðan slettist upp á vinskapinn við V-listann og þá var bara einn kostur eftir, samstarf D- og V-lista, sem hefur gengið áfallalaust fyrir sig síðustu misseri.

Deilurnar í Framsóknarflokknum virðast hins vegar hafa haft þær afleiðingar að hann býður ekki fram við komandi kosningar. Í hans stað sem þriðja framboð kemur F-listi frjálslyndra og óháðra og nái hann manni eða mönnum inn getur svo farið að hann ráði því hvort það verður D- eða V-listi sem heldur völdum eftir kosningar. Þó er ekki útilokað að listarnir haldi samvinnunni áfram því fulltrúar hvoru tveggja eru sammála um að vel hafi tekist til í samstarfinu hingað til. - ssal





**VESTMANNAEYJAR** Mikill órói hefur verið í bæjarstjórn Vestmannaeyja á kjörtímabilinu. Þrír listar eru í framboði og hugsanlega getur F-listi ráðið hverjir stjórna í Eyjum.

Arnar G. Hjaltalín F-lista:

## Bjóðum upp á nýjan valkost



Frjálslyndir og óháðir bjóða nú fram í fyrsta sinn í Eyjum. Arnar G. Hjaltalín formaður Drífanda stéttarfélags fer fyrir listanum en hann kemur úr röðum óháðra. „Þetta er þverpólitískur listi skipaður fólki úr ýmsum áttum“, segir Arnar.

Hann leggur áherslu á að þetta sé ekki klofnings- eða óánægjuframboð. „Við viljum bara bjóða upp á annan valkost því hinum flokkunum hefur engan veginn tekist að stjórna bæjarfélaginu. Fjármálin eru meira og minna í rúst, hér hefur ekkert gerst í atvinnumálum, skólamálin eru í upplausn og héðan er viðvarandi fólksflótti“. Arnar segir F-listann vilja snúa þessari þróun við en til þess þurfi meðal annars hjálp frá ríkisvaldinu. „Við viljum viðurkenna vandann“, segir hann.

Fari svo að F-listinn nái mönnum í bæjarstjórn gæti hann ráðið hvort D-listi eða V-listi nær meirihluta. „Við látum málefnin ráða komi til þess“, segir Arnar og er bjartsýnn á góðan árangur F-listans.

Elliði Vignisson D-lista:

## Einn flokk til ábyrgðar



Elliði Vignisson framhaldsskólakennari er oddviti D-listans en hann var í fjórða sæti listans síðast. Hann viðurkennir að yfirstandandi kjörtímabil hafi ekki verið neinu líkt í bæjarpólitíkinni. „Við höfum haft þrjá meirihluta og endum með sjö manna meirihluta og engan minnihluta. Það er búinn að vera skelfilegur ófriður í bænum og kosningabaráttan snýst um að frambjóðendur verða að ávinna sér traust bæjarbúa, því það er ekki til staðar“, segir Elliði. Hann óttast að staðan 3-3-1 geti komið upp að nýju með tilkomu nýs framboðs Frjálslyndra og óháðra. „Fólk ætti að hugsa sig vel um áður en það kýs og þess vegna göngum við fram undir kjörorðinu: Einn flokk til ábyrgðar“.

D-listinn leggur höfuðáherslu á samgöngu- og atvinnumál auk þess sem mikilvægt sé að koma á sátt og samlyndi í bænum. „Okkur vantaði tæpt eitt prósent atkvæða í viðbót síðast til að ná hreinum meirihluta og stefnum á að ná honum núna“, segir Elliði.

Lúðvík Bergvinsson V-lista:

## Umskipti orðið í fjármálum



Lúðvík Bergvinsson alþingismaður fer fyrir Vestmannaeyjalistanum en hann var líka í efsta sætinu 2002. V-listinn komst í meirihluta 2003 þegar upp úr samstarfi D- og B-lista slitnaði og hefur verið í meirihluta síðan, síðustu misserin með D-lista. „Þrátt fyrir ólgu í bæjarstjórn á kjörtímabilinu hefur þetta verið vinnusamt tímabil sem hefur skilað bæjarfélaginu fram á við á flestum sviðum“, segir Lúðvík. Hann segir algjöran viðsnúning hafa orðið í fjármálum bæjarins, sem hafi verið rjúkandi rúst þegar V-listinn komst í meirihluta. „Við höfum þurft að taka erfiðar og oft óvinsælar ákvarðanir en við erum farin að sjá til sólar”.

V-listinn leggur áherslu á samgöngu- og atvinnumál og uppbyggingu við höfnina. Lúðvík segir mikil sóknarfæri í atvinnumálum, ekki síst í ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Hann segir V-listann taka úrslitum kosninganna hver sem þau verða. „En eigum við ekki að segja að bænum sé best borgið ef við fáum meirihluta“, segir Lúðvík.

IMPREZA SUBARU

Úlfur í sauðagæru





Beinskiptur Sedan WRX 3.150.000,-
Beinskiptur Wagon WRX 3.250.000,-

Við fyrstu sýn lítur Subaru Impreza WRX út fyrir að vera einungis fágaður sportbíll, en svo er alls ekki. Impreza er eins og eldfjallasvæði, kyrrlátur á yfirborðinu en undir niðri býr ólgandi kraftur. Impreza finnur sig vel á götum borgarinnar en býr líka yfir 230 hestafla krafti sem er nóg til að sigra í hörðustu rallýkeppnum. Þitt er valið.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.5 lítra vél – 230 hestöfl – Fjórhjóladrifinn – 4ra dyra – 17” álfelgur – Vindskeið og margt fleira

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ódýrt bensín

16 stöðvar

# -3 kr.

# aukaafsláttur af lítranum með ÓB-frelsi

ÓB-frelsi er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á ob.is. Kortið er án endurgjalds og veitir þriggja króna aukaafslátt á hvern lítra, sem dregst frá hinu lága verði sem fyrir er á öllum ÓB-stöðvunum. Hægt er að millifæra inn á kortið í heimabanka. Allar upplýsingar um ÓB-frelsi er að finna á vefsíðu ÓB, www.ob.is




Himinn og haf / SÍA

Vopnaburður ungmenna við Hólagarð í Breiðholti:

# Einstakt atvik

**LÖGREGLA** Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að lögregluþjónninn sem gaf Fréttablaðinu upplýsingar um hópamyndun unglinga við Hólagarð í Breiðholti síðastliðið laugardagskvöld hafi málað ástandið full dökkum litum. „Þetta atvik á laugardagskvöldið er einstakt atvik. Við höfum farið í gegnum allar okkar skrár og það kemur ekkert fram um vopnaburð fyrr en nú. Lögregluþjónninn heimfærði ástandið þetta kvöld yfir á almennt ástand.“

Geir Jón segir að vissulega sé hópamyndun við Hólagarð sem hefur verið til óþurftar fyrir fólk og skemmdarverk hafi verið framin. Hann segir að nú verði gæsla hert mjög. Öll hópamyndun verði leyst upp strax og þeir einstaklingar sem beri ábyrgð á hvers konar lögbrotum muni verða færðir til foreldra og haft samband við barnaverndaryfirvöld ef þurfa þykir.

Verslunareigendur í Hólagarði eru þeirrar skoðunar að lýsingar Bjarna Jónssonar, kráareiganda í Hólagarði, séu ýktar og gefi ekki rétta mynd af stöðu mála. Bjarni segist aftur á móti standa við allt sem hann hefur sagt. „Við erum búin að ræða við rekstrarfélagið að húsinu í fleiri ár vegna þessa vanda. Þessi skrílslæti hafa verið hér viku eftir viku, meira og minna í allan vetur.“

- shá




**Á BLAÐAMANNAFUNDI Í GÆR** Forsætisráðherra Breta sagðist ekki geta nefnt ákveðna dagsetningu fyrirfram um afsögn sína, því þá yrði honum ókleift að stjórna lengur.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Situr af sér óveðrið

**Tony Blair ætlar ekki að láta undan þrýstingi um að segja af sér, þrátt fyrir hvert vandræðamálið á fætur öðru og afhroð í kosningum í síðustu viku.**

**LONDON, AP** Tony Blair sagðist í gær ákveðinn í því að sitja áfram sem forsætisráðherra Bretlands, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir jafnt eigin flokksmanna sem annarra um að hann segi af sér sem fyrst. Hann sagði sigur sinn í kosningunum á síðasta ári ótvírætt merki þess að breska þjóðin vildi hafa hann í þessu embætti.

Hann gagnrýndi sérstaklega þá félaga í Verkamannaflokknum sem krefjast afsagnar hans, nú í kjölfar afhroðs sem flokkurinn beið í sveitarstjórnarkosningum í síðustu viku. Hann sagði suma þeirra vilja draga flokkinn aftur til vinstri og út af miðju stjórnmálanna.

„Ég mun berjast gegn því allt til enda,“ sagði Blair á mánaðarlegum blaðamannafundi, sem hann hélt í gær.

Hann tók það fram að hann myndi segja af sér nógu löngu fyrir næstu kosningar, sem líklega verða haldnar árið 2009, til þess að gefa eftirmanni sínum svigrúm til þess að festa sig í sessi. Hins vegar gæti hann ekki nefnt neina dagsetningu fyrirfram, því það myndi gera sér ókleift að sinna starfi sínu.

„Að koma með tímaáætlun myndi einfaldlega lama starf stjórnarinnar, stofna í hættu þeim nauðsynlegu breytingum sem við erum að gera fyrir Bretland og þess vegna skaða landið,“ sagði Blair. „Það myndi ekki binda enda á þessa truflun, heldur aðeins fara með hana upp á nýtt stig.“

Blair sagðist „að sjálfsögðu“ enn líta svo á að Gordon Brown fjármálaráðherra væri besti kosturinn í leiðtogaembætti flokksins, þegar að því kemur að Blair segir af sér.

Vandræði Blairs hafa hins vegar orðið vatn á myllu stjórnarandstöðunnar. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, sem vann mikinn sigur í sveitarstjórnakosningunum í síðustu viku, boðaði til blaðamannafundar í gær, klukkustund áður en blaðamannafundur Blairs hófst. Þar sagði hann að Íhaldsflokkurinn myndi standa sig miklu betur í ríkisstjórn heldur en Verkamannaflokkurinn, þar sem allt logar í illdeilum.

„Það ríkir borgarastríð á æðsta stigi stjórnsýslunnar,“ sagði Cameron. „Þeir eru óhæfir,“ bætti hann við, „þeim er að þrjóta krafturinn og hugmyndirnar, sundraðir frá toppi til táar.“

gudsteinn@frettabladid.is


– allt fyrir garðinn
Landslagsráðgjöf MEST
Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu varðandi garðinn. MEST býður upp á gott úrval af hellum & garðeiningum, skrautsteypu og skrautsteinum.
Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.
mest
– allt til bygginga



Brýnt að endurskoða slökkvistarf á mörgum svæðum eftir brunann að Mýrum:

# Sumarhúsasvæði í hættumat

**BRUNAVARNIR** „Í ljósi brunans að Mýrum gerðum við okkur ljóst að við þurfum að vinna hættumat fyrir hvert og eitt einasta þeirra stóru sumarhúsasvæða á landinu enda er gríðarleg hætta á ferð ef slíkur bruni verður í nágrenni slíkra staða,“ segir Björn Karlsson brunamálastjóri.

Þrátt fyrir að umfang sinubrunans á Mýrum fyrr í vor hafi verið með eindæmum hér á landi hafa slökkviliðsmenn og fleiri lýst yfir áhyggjum ef svipaður bruni yrði nálægt fjölmennum sumarhúsasvæðum á borð við þær í Skorradal, Grímsnesi eða á Flúðum. Hefur Brunamálastofnun þegar fundað vegna málsins og fyrirhugað er að útbúa sérstakt hættumat fyrir hvert og eitt svæði. „Bruninn á Mýrum kom okkur öllum í opna skjöldu og það var margt sem við lærðum þar,“ segir Björn. „Þó aldrei hafi annar eins bruni komið upp áður verðum við að gera ráð fyrir að svo geti orðið og það nálægt byggðum. Þess vegna hefjum við þetta starf, til að vera eins vel undirbúnir og hægt er þegar og ef slíkt gerist aftur, og tökum meðal annars sérstaklega á vinsælum sumarhúsasvæðum.“ - aöe



**BRUNINN AÐ MÝRUM** Stærð og umfang sinubrunans að Mýrum fyrr í vor kom slökkviliðsmönnum í opna skjöldu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


# NÁM
## SAMHLIÐA STARFI
**Umsóknarfrestur er til 10. maí!**

Nánari upplýsingar á
www.endurmenntun.is og í síma 525-4444

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
– að vaxa og dafna
ARGUS / 06-0266




**KJÖTSKROKKAR** Ýmsar kjötvörur eru afar viðkvæmar og mengast auðveldlega. Mikilvægt er að hafa góða kælingu á slíkum vörum.

Örverur í kjötvörum:

# Sex prósent sýna jákvæð

**MATVÆLAEFTIRLIT** Alls fimm sýni af 77 alls stóðust ekki viðmiðunarreglur Umhverfisstofnunar um örverur í unnun kjötvörum samkvæmt eftirlitsverkefni stofnunarinnar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Eru það um sex prósent allra sýna en niðurstöðurnar eru talsvert betri en fyrir tveimur árum þegar sams konar athugun fór fram. Þá reyndust þrettán prósent alls kjötáleggs yfir leyfilegum mörkum en aðeins 4,5 prósent nú. - aöe

Fékk bætur vegna vinnuslyss:

# Vinnuveitandi bar ábyrgð

**DÓMSMÁL** Flutningafyrirtækið Flytjandi var í gær dæmt til greiðslu 3,4 milljóna króna í skaðabætur til handa karlmanni sem varð fyrir vinnuslysi við störf og hlaut varanlega örorku af.

Átti slysið sér stað fyrir áramótin 1999 þegar viðkomandi ók lítilli rafknúinni trillu á lóð fyrirtækisins. Rann hún til vegna ísingar og bleytu og slasaðist maðurinn við. Reyndist trillan biluð við skoðun Vinnueftirlitsins auk þess sem maðurinn var aðeins sextán ára gamall þegar slysið varð og hafði því engin réttindi á tækið. - aöe

## SUÐUR-AFRÍKA

**Stjórnarskráin 10 ára** Þess var minnst í Suður-Afríku í gær að rétt tíu ár eru liðin síðan fyrsta stjórnarskrá landsins eftir afnám aðskilnaðarstefnunnar gekk í gildi. Thabo Mbeki forseti, fyrirrennari hans Nelson Mandela, Desmond Tutu biskup og fleiri tignargestir tóku þátt í hátíðardagskrá af þessu tilefni í Höfðaborg.

## DÓMSMÁL

**Sýknaður vegna ölvunaraksturs** Karlmaður var sýknaður af ákæru um ölvunarakstur fyrir Héraðsdómi Suðurlands þar sem engin óyggjandi gögn er sönnuðu sekt mannsins komu fram fyrir rétti. Er um áfellisdóm yfir lögreglu að ræða enda var rannsókn ábótavant að mati dómara.

**Máttu selja bílskúr** Eigendum bílskúrs að Kambaseli í Reykjavík var heimilt að selja bílskúr sinn er tilheyrði eign þeirra til annarra en íbúa húsfélagsins samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Var það mat dómsins að aðrir íbúar hefðu ekki átt forkaupsrétt á eigninni.





Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér hentuga lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**

LÝSING

# „Algjör milli“

„Maður getur orðið algjör milli ef maður bara sparar peninga. Maður setur smá peninga í sjóð í hverjum mánuði og svo þegar maður er hættur að vinna, eins og gamli skólastjórinn, getur maður gert alls konar skemmtilega hluti. Ég ætla að smíða mér risastóra seglskútu og sigla alla leið til Afríku.“

Það er aðeins einn viðbótarlífeyrissparnaður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun.

Viðbótarsparnaður

Allianz



01 - 8776

Laugavegur 176 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

VILTU VERÐA KENNARI?

www.unak/kennaradeild

Í kennaradeild Háskólans á Akureyri er boðið upp á nám til B.Ed. gráðu á grunnskólabraut og leikskólabraut.

Á grunnskólabraut er lögð áhersla á kennslufræði og grunngreinar grunnskólans, stærðfræði og íslensku, en jafnframt er leitast við að veita yfirlit um aðrar greinar. Nýnemar eru innritaðir í almennt nám en á öðru ári geta þeir valið um nokkur kjörsvið.

Á leikskólabraut eru m.a. kennd leikskólafræði, listir, uppeldisgreinar og vísindi. Nýnemar eru innritaðir í almennt nám en að loknu þriggja missera námi geta þeir valið um fjögur kjörsvið.

Umsóknarfrestur er til 5. júní

Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á www.unak.is.

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Sveigjanleiki – nemendur geta valið um að stunda staðnám eða fjarnám
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu samfelldu vettvangsnámi og eflingu gagnrýnnar hugsunar



„Nám við kennaradeild HA veitti mér góðan grunn til að takast á við fjölbreytt starf kennarans. Kennsla er afar gefandi starf því börnin eru einlæg, skemmtileg og fróðleiksfús.“

Erna Jónsdóttir
kennari í Brekkuskóla


Þróunarsjóður grunnskóla:

# Þrettán milljónum úthlutað

**MENNTAMÁL** Alls hefur þrettán milljónum króna verið úthlutað úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir næsta skólaár en 54 skólar lögðu fram umsóknir um styrki að þessu sinni.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra úthlutaði styrkjunum að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd og hlaut Hjallastefnan hæsta styrkinn að þessu sinni; eina milljón króna til þróunar kynjanámskrár. Álftanesskóli hlaut 700 þúsund til þróunar lýðræðislegra vinnubragða með aðferðum uppeldis til ábyrgðar. Tilgangurinn með úthlutun þessari er að efla nýjungar og nýbreytni í skólastarfi grunnskóla landsins. **- aöe**



**ÁLFTANESSKÓLI** Hlaut næsthæsta styrkinn úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir næsta skólaár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LEIKSKÓLINN LEIKGARÐUR** Formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta segir að ummæli Sigrúnar Birgisdóttur aðstoðarleikskólastjóra um brotthvarf barna úr skólanum séu stórlega orðum aukin.

Breyting á aldurshópi barna á Leikgarði:

# Verið að leysa úr brýnni þörf

**DAGVISTUN** „Það er mjög brýn þörf fyrir fleiri pláss fyrir börn stúdenta á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Úr henni er verið að leysa,“ segir Þórlindur Kjartansson, formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, um fyrirhugaða breytingu á leikskólanum Leikgarði.



**ÞÓRLINDUR KJARTANSSON**

Breytingin felst í því að Félagsstofnun yfirtekur rekstur Leikgarðs af Reykjavíkurborg 1. september næstkomandi. Leikskólinn hefur tekið inn börn á aldrinum tveggja til sex ára en við breytinguna verður aldurshópurinn lækkaður.

Þórlindur segir að ummæli Sigrúnar Birgisdóttur aðstoðarleikskólastjóra um brotthvarf barna úr skólanum séu stórlega orðum aukin, en hún hefur sagt að allt að helmingur foreldra sem eiga börn í skólanum hafi óskað eftir flutningi á aðra leikskóla. Þórlindur segir að eftir að tilkynnt hafi verið um breytinguna hafi ellefu beiðnir um flutning barna borist en plássin séu 68.

„Það er forgangsmál að leysa úr þeirri þörf sem er til staðar hjá okkar stúdentum,“segir Þórlindur. „Leikgarður er inni á okkar stúdentagörðum og við viljum hafa þjónustu okkar þar. Með því að yfirtaka reksturinn erum við að tryggja börnum stúdenta gæslu, bæði yngri aldurshópunum og hinum eldri.“ **- jss**

Þjónustusamningar ríkisins:

# Skerpt á helstu reglum

**STJÓRNMÁL** Ný reglugerð hefur verið gefin út varðandi svokallaða þjónustusamninga ríkisins en gerðar eru ríkari kröfur en hingað til hefur verið um faglegan undirbúning slíkra samninga.

Áréttað er að öll innkaup á grundvelli slíkra samninga falli undir lög og reglur um opinber innkaup og sæti almennu útboði sé um tiltekna lágmarksupphæð að ræða.

Margir af stærstu og mikilvægustu samningum ríkisins eru þjónustusamningar við einkafyrirtæki um rekstur hjúkrunarheimila, menntastofnana og um sjúkraflutninga svo fátt eitt sé nefnt. **- aöe**

Meistaraprófsritgerð um fólk án atvinnutengdra réttinda:

# Afar illa sett í veikindum

**SJÚKRATRYGGINGAR** Fólk án atvinnutengdra réttinda er afar illa sett í veikindum en réttindi íslenskra launþega á greiðslum undir sömu kringumstæðum virðast þokkalega tryggð hafi fólk áunnið sér atvinnutengd réttindi. Atvinnurekendur og stéttarfélög mynda öryggisnet launþega í veikindum en ríkið gegnir lágmarkshlutverki. Þetta eru fáeinar af niðurstöðum meistaraprófsritgerðar Unnar Ágústsdóttur um þann hluta sjúkratrygginga sem snýr að beinum greiðslum til einstaklinga í veikindaorlofi. Rannsóknin fól meðal annars í sér samanburð við fjögur önnur lönd; Bretland, Noreg, Danmörku og Þýskaland.

Unnur kemst að þeirri niðurstöðu að íslenska sjúkradagpeningakerfið sé afar atvinnutengt, réttindi áunnin og þau fylgi stéttarfélagsaðild. Íslenska sjúkradagpeningakerfið samanstendur af launagreiðslum frá vinnuveitendum, greiðslum úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, sem byggjast á greiðslum frá vinnuveitendum og sjúkradagpeningum almannatrygginga. „Almannatryggingahlutinn er tiltölulega lítið hlutfall af heildarpakkanum, sem þýðir að réttindin eru mjög atvinnutengd og bundin stéttarfélagsaðild að stórum hluta," segir Unnur. - jss



**GREIÐSLUR Í VEIKINDUM** Atvinnutengd réttindi eru mikilvæg vegna greiðslna í veikindum.


VEFSMÍÐI

## Vefsíðugerð framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja halda áfram og bæta við kunnáttu sína og getu við gerð faglegra vefsvæða. Ásamt kennslu á forritið Dreamweaver kynnast nemendur gagnagrunnstengdum vefsvæðum. Farið er stuttlega í gerð gagnagrunnstaflna með Microsoft Access og hvernig tengja má vefsíður við gagnagrunna.
Einnig er farið í notkun CSS stíla fyrir vefsíðugerð.



Námskeið þetta hentar vel þeim nemendum sem tekið hafa Vefsíðugerð grunn, grunnnámskeið í Dreamweaver eða hafa sambærilega þekkingu eða undirstöðu.
Lengd: 36 stundir. Hefst 17. maí og lýkur 31. maí.Verð kr. 39.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Maðurinn hlaut þungan dóm þar sem hann hafði ítrekað rofið skilorð.

Skilaði ekki farsíma:

## Sjö mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður var í gær dæmdur til sjö mánaða fangelsisvistar fyrir að neita að skila farsíma sem hann fékk lánaðan.

Þungur dómur mannsins er þó aðeins að litlu leyti vegna stuldar farsímans en aðallega vegna ítrekaðra rofa á skilorði en hann á langan sakaferil að baki og hefur margoft hlotið dóma vegna brota sinna. Hefur hann álíka oft brotið reynslulausn og þótti dómara málsins því sjö mánaða fangelsisdómur næg refsing. - aöe

Réttarhöld í Svíþjóð:

## Þrír grunaðir um hryðjuverk

**SVÍÞJÓÐ, AP** Réttarhöld standa yfir í Svíþjóð yfir þremur mönnum sem grunaðir eru um að hafa skipulagt sprengjuárás gegn Orði lífsins í Uppsölum og Ísraelsvænni kirkju. Lögregla handtók mennina eftir að einn þeirra setti myndband með sjálfum sér á netið þar sem hann hótaði Evrópubúum. Mennirnir neita sök.

Mennirnir voru handteknir um miðjan janúar á kjörstað Íraka í Kista, norðan við Stokkhólm, að sögn Dagens Nyheter. Þeir eru 19, 22 og 25 ára gamlir og einn þeirra viðurkennir að hann hafi sent sænskum fjölmiðlum bréf þar sem sagði að sænskur hluti hryðjuverkasamtakanna al-Kaída lýsti verknaðinum á hendur sér. - ghs

### KÍNA

**Reynt að breiða yfir námuslys** Rannsókn á slysi sem varð í námu í Henan-héraði í Mið-Kína í síðustu viku og kostaði tíu verkamenn lífið leiddi í ljós að eigendur námunnar reyndu að breiða yfir það sem gerðist. Frá þessu greindu kínverskir ríkisfjölmiðlar í gær. Eigendunum yrði refsað. Þúsundir námaverkamanna farast árlega við vinnu sína í Kína.

### DANMÖRK

**Íkveikjuárás í Korsør** Sveitarstjórnarfulltrúi úr Danska þjóðarflokknum varð fyrir því í fyrrinótt að íkveikjuárás var gerð á heimili hans í Korsør á Sjálandi. Fulltrúinn, Fritz Neumann, sagði hann og marga kollega hafa fengið hótunarbréf frá herskáum múslimum.




Verkmenntaskólinn
– framhaldsskóli í fremstu röð
á Akureyri



Fjölþætt nám til starfsréttinda eða stúdentsprófs.

Hefur þú kynnt þér einn fjölmennasta og fjölbreyttasta framhaldsskóla landsins?

- Bóknámsbrautir til stúdentsprófs – viðskipta- og hagfræðibraut-, náttúrufræði-, félagsfræða- og listnámsbraut
- Fjölbreytt iðn- og starfsnám
- Stúdentspróf að loknu starfsnámi
- Hraðferð til stúdentsprófs
- Heimavist









Kíktu á heimasíðuna okkar www.vma.is til að fá frekari upplýsingar.

Umsóknarfrestur til 12. júní.



ATHYGLI EHF




Gildir 9. maí á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Chicago Town réttir
99 kr/pk.
Myllu Baguette 2 stk
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/pk.
Holta pylsur
99 kr/stk.
Súpur
99 kr/2 stk.
Smoothie 2 stk.
99 kr/pk.
McCain kartöfluklattar
99 kr/stk.
Texas pizza
99 kr/stk.
Pringles dippers
99 kr/4 stk.
Camay sápur 4 stk.
99 kr/stk.
GK ís vanillu, súkkulaði
99 kr/kg.
Perur 1 kg. pakki
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Fjöldi brautskráðra stúdenta




Heimild Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** EFNAHAGS- OG MYNTBANDALAG EVRÓPU

# *Mynt 300 milljóna Evrópubúa*

Evran, sameiginlega Evrópumyntin, er nú mjög til umræðu á Íslandi í tilefni af þeim hremmingum sem gengissveiflur krónunnar valda íslensku efnahagslífi.

**Hvernig kom myntbandalagið til?** Árið 1988 hóf störf sérskipuð nefnd, sem leiðtogar aðildarríkja ESB fólu það hlutverk að vinna skýrslu um það hvernig mögulegt væri að koma í framkvæmd efnahags- og myntbandalagi með sameiginlegri mynt.

**Hver voru aðildarskilyrðin?** Til að skapa forsendur fyrir sameiginlegri peningamálastefnu fyrir allt tilvonandi evrusvæðivoru ákveðin nokkur grunnskilyrði sem þau lönd þyrftu að uppfylla sem vildu gerast aðilar (síðar kölluð „Maastricht-skilyrðin“):

a) Verðbólga má ekki vera meira en 1,5 prósentustigum hærri en meðaltal í þeim þremur aðildarlöndum þar sem verðbólgan er lægst. b) Skuldir ríkissjóðs mega ekki vera meiri en sem nemur 60 prósentum af vergri landsframleiðslu. c) Fjárlagahalli má ekki verða meiri en 3% af vergri landsframleiðslu. d) Gengi gjaldmiðils viðkomandi lands verður að hafa haldist stöðugt síðustu tvö árin fyrir inngöngu í EMU.

Stöðugleikasáttmálinn svokallaði, sem bætt var við árið 1997, hafði að markmiði að skjóta frekari stoðum undir þessi skilyrði.

**Hvenær komst EMU til framkvæmda?** Þriðji og síðasti áfangi EMU kom til framkvæmda árið 1999. Þá var gengi gjaldmiðla ESB-ríkjanna 11, sem þá uppfylltu Maastricht-skilyrðin og sóttust eftir þátttöku, bundinn föstu, óafturkræfu gengi við evruna. Evran var



tekin upp sem rafrænn gjaldmiðill og Seðlabanki Evrópu (ECB) tók til starfa. Í samráði við seðlabanka aðildarríkjanna tekur Seðlabanki Evrópu ákvarðanir um stýrivexti á evru-svæðinu, með verðbólgumarkmið í fyrirrúmi. Í ársbyrjun 2002 voru evru-seðlar og -mynt sett í umferð í aðildarlöndum EMU, sem þá voru orðin 12. Íbúar þeirra eru um 300 milljónir. Þrjú ESB-lönd standa eftir sem áður utan EMU, hvert á sínum forsendum, en þau eru Bretland, Danmörk og Svíþjóð. Ríkin tíu sem gengu í ESB árið 2004 eru öll skuldbundin til að taka upp evruna þegar þau hafa uppfyllt skilyrðin.

**Heimild: Auðunn Arnórsson o.fl.: Ísland og Evrópusambandið: EES, ESB-aðild eða „svissnesk lausn“? Reykjavík 2003.**

### TÍMAÁS ATBURÐA FRÁ ÁREKSTRI TIL BJÖRGUNAR Á SLYSSTAÐ

- **01.38** Skemmtibáturinn Harpa steytir á Skarfaskeri. Friðrik lætur lífið á innan við mínútu vegna alvarlegra brjóstholsáverka samkvæmt skýrslu réttarmeinafræðings. Jónas tvílærbrotnar og kona hans slasast mikið, brýtur tíu rif og lunga fellur saman.
- **01.49** Matthildur hringir í neyðarlínuna. Getur ekki upplýst um hvar slysstaðurinn er. Eiginkona Jónasar ræðir einnig við starfsmann neyðarlínunnar. Erfiðlega gengur að fá staðfest hvar slysið varð. Í kjölfarið fylgja fjögur símtöl frá eiginkonu Jónasar þar sem hún ítrekar beiðni um hjálp og leggur áherslu á að báturinn sé að sökkva.
- **01.54** Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra fær boð um slysið en á þessum tíma liggur ekki fyrir hversu alvarlegt það er.
- **01.58** Skemmtibátnum er siglt af skerinu á fjögurra til sjö mílna hraða. Jónas stýrir þá bátnum.
- **02.04** Sent er út neyðarútkall til björgunarsveita. SMS-skilaboð með orðunum „bátur á reki, grunur um ölvun“ sent til björgunarsveitar- og lögreglumanna.
- **02.05** Jónas Garðarsson hringir og ítrekar beiðni um hjálp.
- **02.06** Skemmtibáturinn veltur. Eiginkona Jónasar hringir og segir að „tvö séu dáin“, og á þar við Friðrik og Matthildi. Þetta var sjötta símtalið til neyðarlínunnar. Matthildur, sem slapp nánast ómeidd úr árekstrinum, drukknar þegar bátnum hvolfir. Fjórum sinnum í viðbót er hringt í neyðarlínuna og beiðni um aðstoð er ítrekuð.
- **02.10** Björgunarbáturinn Gróa Pétursdóttir kemur á slysstað.
- **02.23** Báturinn á hvolfi. Jónas er hálfur ofan í sjónum en eiginkona hans og sonur komust á kjöl. Jónas heldur í hönd konu sinnar meðan þau bíða hjálpar.
- **02.24** Björgunarskipið Ásgrímur Björnsson kemur á slysstað.
- **02.35** Lögregla og slökkvilið kölluð til. Lögreglumenn fara á slysstað. Ekki hafa enn borist upplýsingar frá fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra til lögreglunnar í Reykavík um hversu alvarlegt slysið er. Lögreglumenn hefja strax aðgerðir sem miða að því að velta bátnum við, til þess að komast að Friðriki og Matthildi sem eru inni í bátnum. Það tekst í tvígang en báturinn snýst jafnóðum við aftur.
- **02.42** Lögreglan kallar til þyrlu Landhelgisgæslunnar.
- **03.11** Jónasi, eiginkonu hans og syni er bjargað.
- **03.28** Báturinn sekkur.



**JÓNAS GARÐARSSON** Jónas sést hér horfa inn í bát sem er sambærilegur þeim er fórst á Viðeyjarsundi. Báturinn var skoðaður gaumgæfilega í gær í tengslum við málið.




# Neitar staðfastlega að hafa verið við stýrið

**Ákæruvaldið gerir kröfu um að Jónas Garðarsson verði dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi, vegna sjóslyss á Viðeyjarsundi sem varð í september í fyrra.**

Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, neitaði því staðfastlega að hafa stýrt skemmtibátnum Hörpu þegar hann steytti á Skarfaskeri í september í fyrra með þeim afleiðingum að Friðrik Á. Hermannsson og Matthildur V. Harðardóttir létu lífið. Aðalmeðferð málsins lauk í gær en Jónas er ákærður fyrir manndráp af gáleysi og brot á siglingalögum. Hann viðurkenndi að hafa drukkið rauðvín og gin meðan á siglingunni stóð en rúmlega eitt prómill af áfengi mældist í Jónasi tæplega tveimur og hálfum tíma eftir að slysið varð.

Fyrir dómi sagðist Jónas hafa „orðið við beiðni Friðriks um að leyfa Matthildi að stýra bátnum“, en framan af ferðinni hafði Jónas verið við stjórnvölinn. Hann var eigandi bátsins og eini maðurinn um borð sem var með réttindi til þess að stýra bátnum.



**BÁTURINN HÍFÐUR UPP** Skemmtibáturinn Harpa fórst á Viðeyjarsundi úti fyrir Reykjavík í fyrra. Hann var 9,9 metra langur af gerðinni Silksö, smíðaður í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/ TEITUR



**VETTVANGSFERÐ VIÐ AÐALMEÐFERÐ** Sækjandi, verjandi og dómarar ásamt ákærða, Jónasi Garðarssyni, fóru niður í smábátahöfn Snarfara í gær og skoðuðu bát sem er sambærilegur við skemmtibátinn Hörpu sem fórst á Viðeyjarsundi í september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík komst að þeirri niðurstöðu að Jónas hefði verið við stýri bátsins þegar hann steytti á Skarfaskeri. Áverkar sem hann hlaut á læri og úlnliðum þóttu benda til þess að hann hefði stýrt bátnum, auk þess sem skemmdir á innréttingum við stýrið þóttu styðja þá kenningu lögreglu.

Matthildur slapp ómeidd úr árekstrinum og sagði réttarmeinafræðingur fyrir dómi að afar „ólíklegt væri að hún hefði sloppið svo vel ef hún hefði verið við stýrið þegar slysið varð“. Hún drukknaði þegar báturinn sökk skömmu eftir áreksturinn.

Dómarar sögðu túlk finnska réttarmeinafræðingsins ekki hæfan til starfans vegna tengsla sinna við Jónas, en í upphafi átti Borgþór Kjærnested að starfa sem túlkur, en hann var fyrir nokkrum árum náinn samstarfsmaður Jónasar.

Við skýrslutöku hjá lögreglu, sem spiluð var í dómssal í gær, sagðist ellefu ára gamall sonur Jónasar ekki hafa vitað hver hefði verið við stýrið þegar báturinn steytti á skerinu þar sem hann var sofandi niðri í bátnum þegar slysið varð. Hann sagði pabba sinn hafa verið við stýrið eftir áreksturinn og framan af bátsferðinni en hann gat ekki greint frá því hver hefði stýrt bátnum þegar hann steytti á skerinu. Hann greindi lögreglumönnum frá því að pabbi sinn væri „alltaf við stýrið í bátsferðum á skemmtibátnum“.

Kröfurnar í málinu nema samtals tæplega þrjátíu milljónum króna. Tveir synir Matthildar fara fram á tíu milljónir króna í bætur auk einnar milljónar í útfararkostnað. Hæstu kröfuna um bætur gerir sonur Friðriks en hún nemur rúmlega tólf milljónum króna.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
ritstjorn@frettabladid.is

# Sófa dagar

# 15-60% afsláttur

## Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Lífskjarastefna framtíðarinnar.

## Að gegnsýra pólitíkina

Það er of djúpt í árinni tekið að skólapólitík hafi ekki verið til á Íslandi. Framhjá hinu verður hins vegar ekki litið að skólapólitísk markmið hafa löngum verið í skugga þrefs um kennslukaup, byggingar og formúlur til þess að deila út skattpeningum til skóla.

Pólitísk umræða á Íslandi snýst um efnahagsmál og atvinnumál. Skipulag stjórnarráðsins byggir á atvinnuháttum liðins tíma. Menn geta verið heilan mannsaldur á Alþingi án þess að tala um skólamál.

Landbúnaðarráðherrann rekur háskóla. Hvaða vit er í því annað en að réttlæta að ráðherrann hafi nóg að gera? Öll atvinnuvegaráðuneytin reka rannsóknarstofnanir sem í raun réttri eru háskólastofnanir. Allar ríkisstjórnir hafa verið undir sömu sök seldar í þessum efnum.

Nú er að sönnu verið að stíga ný skref varðandi nokkrar rannsóknarstofnanir er tengst hafa atvinnuvegunum. Það getur hugsanlega leitt til betri og nánari tengsla við háskólaumhverfið. Ýmislegt er þó óljóst þar um. En í þessu efni þarf að stíga stærri skref til að mynda varðandi hafrannsóknir. Aðalatriðið er að hér þarf að móta markvissa stefnu. Kaupskapur milli úreltra atvinnuvegaráðuneyta á einfaldlega ekki að ráða menntastefnunni.

Nýtt frumvarp til laga um háskóla er einnig framfaraskref. Þar er gerður úr garði rammi fyrir allt háskólastarf í landinu, bæði kennslu og rannsóknir, og lagalegt umhverfi þess mótað. En þar með er sagan ekki öll sögð. Það þarf sál í múrverkið.

Menntastefnan er atvinnupólitík eða lífskjarapólitík framtíðarinnar. Fyrir þá sök þarf að gefa henni meira stjórnmálalegt vægi. Engum blöðum er um það að fletta að lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni munu ráðast af því hversu vel mun takast til um að efla almenna menntun, verkmenntun, háskólamenntun og rannsóknir.

Háskóli Íslands hefur um margt verið staðnaður. Nú hefur nýr rektor sett skólanum skýr og háleit markmið. Skólinn sjálfur þarf að gera upp ýmis innri málefni. En menntapólitíkin þarf með skýrum hætti að sýna á hvern veg hún styður við þetta markmið.

Aðrir háskólar eru einnig að vinna merkilegt starf. Þar er margur mikilvægur vaxtabroddur. Umfram allt hefur þar komið fram eftirtektarvert frumkvæði. Þar eru líka tækifæri til þess að rækta það í menntun og rannsóknum sem stenst samjöfnuð á við það besta.

Hitt dylst engum að kröftunum er dreift um of. Veruleg hætta er á því að skýr og nauðsynleg markmið um að lyfta háskóla- og rannsóknastarfinu í landinu náist ekki þróist mál áfram á þann veg.

Það var skynsamleg ráðstöfun þegar Tækniháskólinn sameinaðist Háskólanum í Reykjavík. Það er gott til þess að vita að áhugi er á að sameina Kennaraháskólann og Háskóla Íslands. En hér þarf meira að koma til.

Háskólamenntun á Íslandi þarf að komast á það stig að hingað sæki erlendir námsmenn og vísindamenn. En á sama hátt er brýnt að íslenskir námsmenn haldi áfram að sækja menntun til útlanda í einhverjum mæli. Það eykur á fjölbreytni þekkingarinnar.

Í því samhengi þurfum við að huga að því að afstaða okkar til alþjóðlegrar samvinnu eins og innan Evrópu taki mið af því hvernig við treystum sem best möguleika okkar til menntunar og rannsókna. Markmið í menntun og rannsóknum þurfa í raun réttri að gegnsýra alla pólitík.


## Sjálfstæðisfélögin í Hafnarfirði

**Vorferð eldri borgara 11. maí 2006.**

*Ágætu Hafnfirðingar.*

Fimmtudaginn 11. maí n.k. bjóða Sjálfstæðisfélögin í Hafnarfirði eldri borgurum í skoðunarferð um ný hverfi Hafnarfjarðar og nágrennið.
Leiðsögumenn eru Haraldur Þór Ólason og Almar Grímsson.
Rútur verða við Hraunsel kl.13.15 og lagt verður af stað kl. 13.30.
Íbúar á Hrafnistu, Hjallabraut 33 og Höfn verða sóttir ef þeir óska.
Staðfesting í síma 555-0142.

*Boðið upp á kaffiveitingar hjá Íshestum í lok ferðar og fyrirtækið kynnt*

*Allir velkomnir.*




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Eflum áhugann**
„Vald kjósandans er orðið of lítið en vald flokksforystu of mikið. Það hygg ég að sé ein af ástæðunum fyrir minnkandi áhuga almennings," segir Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í hugvekju um lýðræði á vefsíðu sinni. „Þannig er ekki kosið um ríkisstjórn í alþingiskosningum, sem er það sem kjósandinn er fyrst og fremst að hugsa um. Kjósandinn getur ekki gefið svör við því hvaða flokka hann vill í ríkisstjórn af þeirri einföldu ástæðu að hann er ekki spurður. Hann getur heldur ekki valið ráðherraefni af sömu ástæðu. - Það er einfalt að gefa almenningi kost á auknum áhrifum bæði í vali á flokkum í ríkisstjórn og fulltrúum á Alþingi.



**Ráðherrana út af**
Kristinn snýr sér þessu næst að framkvæmdavaldinu og segir: „Það er líka orðin knýjandi nauðsyn að losa alþingismenn undan ofurþunga ráðherravaldsins. Ráðherrar eiga að framkvæma stefnuna, sem löggjafarþingið setur þeim og til þess að það kerfi virki, sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, verður að ýta ráðherrunum út af þinginu. Of mikið vald í fárra höndum spillir lýðræðinu."
Þarna tekur Kristinn undir með Siv Friðleifsdóttur sem ásamt þingmönnum annarra flokka flutti tillögu síðastliðinn vetur um að breyta stjórnarskránni á þann veg að þingmenn víki úr sæti á þingi ef þeir taka við ráðherraembætti. Þennan vilja er að finna í samþykktum Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar.

**Þjóðaratkvæði?**
Efasemdir eru farnar að vakna um að stjórnarskrárnefnd Jóns Kristjánssonar skili á tilsettum tíma haldgóðum tillögum um breytingar á stjórnarskránni. Kaflinn um vald forseta og þjóðaratkvæðagreiðslur er eldfimur, en um hann er fjallað í einni af þremur undirnefndum sem nú eru að störfum. Hinar tvær nefndirnar fjalla annars vegar um dómstóla og framsal á ríkisvaldi, en hins vegar um mannréttindi og auðlindir. Það best er vitað er enn ráðgert að skila áfangaskýrslu í sumar. Því er enn hugsanlegt að stjórnarskrárbreytingar kyndi vel undir heitum umræðum á þingi á vetri komanda.



johannh@frettabladid.is

## Um kosningar

Í DAG
LÝÐRÆÐI



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Mér finnst rétt að staldra aðeins við þessa óþolinmæði og þreytu, og spyr sjálfa mig, hvenær eiga stjórnmálamenn að láta í sér heyra ef ekki fyrir kosningar?*

Nú eru um tvær og hálf vika til sveitarstjórnarkosninga. Stjórnmálamennirnir á þönum út um allt að tala við kjósendur, segjandi hvað þeir hyggist gera komist þeir til valda eða haldi þeir völdum, allt eftir því hver í hlut á. Það er eins og kosningabaráttan fari eitthvað í taugarnar á sumu fólki. Mér finnst rétt að staldra aðeins við þessa óþolinmæði og þreytu, og spyr sjálfa mig, hvenær eiga stjórnmálamenn að láta í sér heyra ef ekki fyrir kosningar? Ætli við mundum muna sérlega vel hvað þau segðust ætla að gera eða beita sér fyrir ef allir frambjóðendur hefðu þagað síðan síðasta sumar? Hugmynd sem er náttúrlega bara bull, vegna þess að síðasta sumar vissum við ekki hverjir yrðu í framboði, nema að óskastaða sumra þeirra sem helga starfskrafta sína stjórnmálavafstri væri uppi, sem sagt að aldrei sé skipt um frambjóðendur.

Sú skoðun að þeir sömu eigi alltaf að vera í framboði er næsta stig við að þeir sömu eigi alltaf að vera við völd, sem ég held að sé það sama og að afnema lýðræðið. Einmitt vegna þess að kosningar eru aðferð í lýðræðisþjóðfélagi til að veita fólki, almenningi, völd, er ég svolítið eða öllu heldur mjög óhress með þá sem býsnast og þreytast á því sem kallað er kosningabrölt. Á kosningadag hafa kjósendur, við, möguleika á að skipta um fólkið sem stjórnar sameiginlegum málum okkar og þar með skipta um þær áherslur sem eru í sveitar- eða landsstjórninni.

Fræg eru ummæli Churchill um að lýðræðið væri vont stjórnarfyrirkomulag en öll önnur sem reynd hefðu verið væru verri. Vilmundur Jónsson fyrrum landlæknir sagði: „Kosturinn við lýðræðið er að losna má við valdhafana án þess að þurfa að skjóta þá."

Einmitt vegna þess að við þekkjum ekkert annað betra stjórnarfyrirkomulag þá verðum við að virða lýðræðið og bera virðingu fyrir stofnunum þess. Hornsteinn stofnana lýðræðisins er kosningar. Hvaða boðskap eru flokkarnir að flytja okkur núna, um hvað erum við að kjósa?

Fljótt á litið virðist mér þetta geta litið einhvern veginn þannig út. Frjálslyndi flokkurinn segir að málið snúist um að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Bé-listinn sem kýs að vera í gegnsæjum dularklæðum og kalla sig ekki Framsóknarflokk vill fara með flugvöllinn út á Löngusker. Sjálfstæðisflokkurinn vill komast til valda og Samfylkingin vill ekki að hann komist til valda og ég hef ekki alveg náð hvað Vinstri-grænum liggur helst á hjarta.

Það er góðs viti að þeir, sem létu Vegagerðina valta yfir sig þegar hryllingurinn sem Hringbrautin er í Vatnsmýrinni var lögð, hafa lært af mistökunum og ætla nú að vinna öðru vísi að lagningu næsta stórmannvirkis sem er Sundabrautin. Ég er því ánægð með yfirlýsingu Dags um að skoða eða athuga möguleika á að leggja þá götu í göng. Gott væri ef samgönguráðherrann hlutstaði líka á fólk og áttaði sig á því að þjóðin vill miklu fremur eyða peningum í Sundabrautargöng en Héðinsfjarðargöng, enda mun fleiri sem mundu njóta góðs af þeim fyrrnefndu.

Öldrunarmál, sem kölluð eru, hafa verið mikið til umræðu. Þau snúast um hvernig búið er að gamla fólkinu. Ég er ekki viss um að það leysi neinn vanda að flytja ábyrgð á þessum málum frá ríki til sveitarfélaga, um það verður heldur ekki kosið í þessum kosningum. Vandinn í málefnum aldraðra verður ekki leystur nema með því að veita meiri peningum til þeirra mála.

Það er svolítið fyndið að heyra Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn býsnast yfir ástandinu. Flokkarnir sem þeir eru í hafa á annan áratug ráðið yfir ríkiskassanum og stefnunni í heilbrigðis- og félagsmálum. Er líklegt að eitthvað breytist við að Sjálfstæðisflokkurinn nái meirihluta í Reykjavík, eða maðurinn í dularframboðinu nái svokallaðri oddaaðstöðu? - það get ég ekki séð. Til að eitthvað breytist til batnaðar í málefnum aldraðra þarf að fella ríkisstjórnina í alþingiskosningum sem verða eftir ár.

Góð byrjun á því verkefni væri að kjósendur sýndu hug sinn til afreka þessara flokka í stjórn ríkisins og við launasetningu ráðherra, með því að kjósa þá heldur ekki núna.

## Eiga foreldrar að borga fyrir alla?

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR

HERMANN VALSSON
FRAMBJÓÐANDI

Framboðin eru nú óðum að kynna stefnu sína gagnvart leikskólum og grunnskólum borgarinnar - m.a. um það hver eigi að borga fyrir menntun barnanna okkar. Það kemur ekki á óvart að Samfylkingin ætlar að standa við samþykktir Reykjavíkurborgar um 7 tíma gjaldfrjálsan leikskóla. Hitt eru meiri tíðindi að Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að snúa við stefnu borgarinnar í þessu máli og láta foreldra greiða leikskólagjöld áfram. Búast má við að þessi viðsnúningur verði eitt af stóru kosningamálunum í borginni.

Vinstrigræn fagna þeirri stefnu sem mótuð hefur verið um gjaldfrelsi leikskóla, enda vorum við fyrst til að kynna þá hugmynd fyrir þingkosningarnar 2003. Hins vegar viljum við ganga alla leið og greiða fyrir leikskólavist allan daginn úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa. Jafnframt viljum við bjóða upp á gjaldfrjálst tómstundastarf í grunnskólum sem nær yfir allan daginn.

Hvers vegna viljum við létta þessum kostnaði af foreldrum? Er ekki eðlilegt að þeir greiði sjálfir fyrir gæslu barna sinna? Það finnst okkur ekki. Höfum í huga að það er hagstætt fyrir atvinnurekendur og allt samfélagið að báðir foreldrar vinni úti. Hagvöxtur undanfarinna áratuga hefur að stórum hluta orðið vegna þess að fyrirvinnum heimilanna hefur fjölgað. Að mati hagfræðinga og stjórnmálamanna er aukinn hagvöxtur jákvæður fyrir þjóðarbúið og samfélagið. Er þá ekki rétt að samfélagið létti undir með foreldrum til að skapa þennan hagvöxt? Að sjálfsögðu kemur það mismunandi út fyrir heimilin, en best fyrir efnaminnsta fólkið. Við viljum hugsa um það, enda virðast aðrir flokkar ekki vera tilbúnir til þess.

Þess vegna segjum við: Gjaldfrjálsan leikskóla allan daginn. Gjaldfrjálst tómstundastarf í grunnskólum. Þetta er ekki aðeins hagsmunamál foreldra í borginni heldur okkar allra.

*Höfundur skipar 5. sætið á V-lista Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík.*


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Hefurðu séð annað eins úrval?



**Simms G3 veiðijakki.**
Gore-tex filman tryggir 100% vatnsheldni og frábæra útöndun.
**Aðeins 44.900 eða aðeins 4.024 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Simms Classic Guide veiðijakki.**
Gore-tex filman tryggir 100% vatnsheldni og frábæra útöndun.
**Aðeins 34.900 eða aðeins 3.161 á mánuði í 12 mánuð i vaxtalaust.**



**Simms Rivertek veiðijakki.**
Nýr jakki frá Simms. Gore-tex filma.
**Aðeins 39.900 eða aðeins 3.592 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Simms Freestone veiðijakki.**
Nýr jakki frá Simms. Góð öndunarfilma.
**Aðeins 21.900 eða aðeins 2.040 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Hydro Vent veiðijakki.**
Nýi jakkinn frá Scierra kominn. Fullt verð 36.900.
**Vortilboð aðeins 29.990 stgr eða aðeins 2.856 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Iso-tec veiðijakki.**
Sá hlýjasti frá Scierra. Vatnsheldur með góðri útöndun.
**Fullt verð 29.900. Vortilboð aðeins 23.990 stgr eða aðeins 2.343 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Norðurá.**
Frábær jakki frá Scierra. Vatnsheldur með góðri útöndun.
**Fullt verð 26.800. Vortilboð aðeins 21.900 stgr eða aðeins 2.115 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Scierra Aquatex veiðijakki.**
Vinsæll jakki frá Scierra. Vatnsheldur með góðri útöndun.
**Fullt verð 17.995. Vortilboð aðeins 14.495**



**DAM veiðijakki.**
Frábær reynsla á Íslandi sl. 2 ár. Vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
**Fullt verð 14.995. Vortilboð aðeins 11.995**



**Ron Thompson Aquasafe veiðijakki.**
Nýr jakki frá Ron Thompson. Vatnsheldur með góðri útöndun.
**Fullt verð 12.995. Vortilboð aðeins 9.995**



**Scierra Voyager veiðitaska.**
Níðsterkt efni. Vatnsheldur botn. Burðarhandfang og axlaról. 2 stærðir.
**Verð frá 6.995. Vortilboð aðeins frá 5.595**



**Scierra Voyager mittistaska.**
**Fullt verð 4.480. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 3.595**



**Scierra Voyager hjólatöskur.**
Vinsælar töskur sem hlífa öllum hjólunum þínum. Hólf fyrir línur, tauma og fleira. 2 stærðir. **Verð frá 3.995. Vortilboð aðeins frá 3.195**



**Scierra Voyager Brjósttaska.**
Sameinar kosti veiðitösku og vestis.
**Fullt verð 4.995. Vortilboð aðeins 3.995**



**Ron Thompson Field Gear bakpokastóll** með eða án baks.
**Verð frá 2.995. Vortilboð aðeins frá 2.395**



**Ron Thompson Field Gear vöðlutaska.** Vinsæl taska undir vöðlurnar. Vatnsheldur botn. Lok sem loftar. Áföst motta til að standa á þegar farið er í eða úr vöðlunum.
**Frábært verð. Aðeins 3.995**



**Ron Thompson Field Gear Traveller taska.**
**Frábært verð. Aðeins 3.995**



**Ron Thompson Field Gear veiðitaska** með plastboxum undir spúna, öngla, túpur og fleira.
**Frábært verð. Aðeins 4.995.**



**Reyksuðukassarnir**
vinsælu eru nú fáanlegir í 3 stærðum. Þú töfrar fram veislu á fáeinum mínútum.
**Verð aðeins frá 5.995.- Reyksag aðeins 595.- fatan.**



**Ron Thompson Picknik bag.**
Nestistöskurnar vinsælu frá Ron Thompson nú komnar aftur. Tilvalið í veiðitúrinn, sumarbústaðinn, fellihýsið og ferðalagið.
**Frábært verð. Aðeins 4.995**



**Simms G3 Veiðivesti.**
Toppurinn í veiðivestum í dag. 2 litir.
**Verð aðeins 16.900**



**Simms Classic Guide** veiðivesti. Snilldarlega hannað, níðsterkt vesti.
**Verð aðeins 10.900**



**Simms Rivertek vöðluskór.** Sterkir skór úr gerviefni. Filtbotn.
**Verð aðeins 12.900**



**Simms L2 vöðluskór.**
Einhverjir léttustu skórnir á markaðnum. Filtbotn eða Aquastealth sóli.
**Verð aðeins frá 13.900**



**Simms Freestone vöðluskór.** Níðsterkir skór úr gerviefni. Góður ökklastuðningur. Filtbotn með eða án nagla.
**Verð aðeins frá 11.900**



**Simms Classic Guide vöðluskór.** Leðurskór frá Simms. Filtbotn.
**Verð aðeins 14.900**

**Frábært úrval af gleraugum, veiðihöttum, sérhönnuðum úrum fyrir veiðimenn og útivistarfólk.**

**veiðihornid.is**



## SUMARLEGAR BUMBULÍNUR Í SUNDI

Óléttar konur geta tollað í tískunni á sundlaugarbakkanum.

TÍSKA 7

## KENNIR BÖRNUM AÐ SYNDA

Ólafur Þór Gunnlaugsson hefur rekið sundskólann Svamla í rúm tuttugu ár.

HEILSA 4



# allt



## ALLT HITT

**[HEILSA TÍSKA]**

**Ráðstefna** um heilbrigðar samgöngur, Látum hjólin snúast, verður haldin 11. maí. Lýðheilsustöð, Umhverfissvið Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Landssamtök hjólreiðamanna standa fyrir ráðstefnunni, sem haldin verður á Grand Hótel. Skráning fer fram hjá Lýðheilsustöð.



**Skóframleiðandinn** Patric Cox hefur sett fyrirtæki sitt á sölu. Fyrirtækið er metið á tíu milljónir punda. Patric Cox er þekktur fyrir framsæknar auglýsingar á vöru sinni og er nýbúinn að halda upp á tuttugu ára starfsafmæli sitt. Cox hefur enn ekki tjáð sig um fyrirhugaða sölu.

**Matareitranir** verða sífellt algengari í Danmörku. Matvælasérfræðingar segja ástæðuna vera aukinn innflutning á kjötvörum þar sem hærra hlutfall af innfluttu kjöti er sýkt af salmonellu og kamfílobakter en það danska. Samkvæmt frétt Politiken er tíu sinnum algengara að salmonella finnist í útlensku kjúklingakjöti en innlendu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 9. maí, 129. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.33 | 13.24 | 22.18 |
| Akureyri | 4.02 | 13.09 | 22.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Þór Tómasson, efnaverkfræðingur hjá Umhverfisstofnun, hóf nýlega sitt þriðja sumar þar sem hann hjólar frá heimili sínu á Seltjarnarnesi í vinnu á Suðurlandsbraut og heim aftur að vinnudegi loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hjólar í vinnuna

***Nú þegar bensínverðið hefur aldrei verið hærra hefur sala á hjólum aukist mjög. Margir eru byrjaðir að hjóla í vinnuna og heim aftur en Þór Tómasson efnaverkfræðingur hefur gert slíkt síðastliðin tvö sumur.***

Fyrir tveimur árum ákvað Þór að gefa sjálfum sér hjól í afmælisgjöf og ákvað hann að nota gjöfina sína til þess að koma sér í og úr vinnu. Hann hjólar því samtals rúmlega sextán kílómetra vegalengd í hvert skipti sem hann mætir til vinnu og kemur sér heim aftur. Þór segist vanalega reyna að vera minnst hálftíma á leiðinni í vinnuna en sé mun fljótari heim. „Ég reyni að fara rólega í vinnuna, til þess að verða ekki útblásinn, og síðan er hægt að hjóla af krafti heim.“

Fyrir utan að hjóla í vinnuna segist Þór ekki hjóla neitt sérstaklega mikið. „Ég hef ekki hjólað neitt sérstaklega mikið fyrir utan að ég tók þátt í hjólreiðakeppni í fyrra, þar sem hjólað var frá Hafnarfirði til Bláa lónsins. Ég var nú reyndar ekki að keppa þar upp á tíma heldur einungis til skemmtunar,“ segir Þór og hlær. Aðspurður segist Þór ekki stefna á neinn frekari frama í kapphjólreiðum.

Þó að Þór stundi þessa miklu líkamsrækt á sumrin segir hann að kílóin fljúgi ekki af sér. „Þau myndu gera það ef ég væri ekki að borða meira í staðinn. Ég hef því ekki lést að neinu ráði.“ Í staðinn segist Þór hafa fengið aukið þol auk þess sem hann komi yfirleitt betur upplagður til vinnu. „Ég er að minnsta kosti miklu betur vakandi, það er engin spurning. Svo hefur maður líka tíma til þess að velta málunum fyrir sér á leiðinni og er því hressari andlega þegar maður mætir á morgnana.“

Þór stefnir ótrauður á að halda þessari hefð sinni áfram og er alveg sama hvort bensínverðið sé hátt eða lágt. „Þetta er það sem menn eiga að gera og meirihluti fólks gæti léttilega gert þetta. Nú er einmitt hjólavika og fólk ætti að nota tækifærið og hjóla af krafti. Síðan er alveg hægt að halda áfram þó að vikan sé búin,“ segir Þór glaðbeittur að lokum. *steinthor@frettabladid.is*



Herdís Storgaard hefur bent á margt sem til bóta hefur horft í öryggismálum barna.

## Í forystu á sviði forvarna

HERDÍS STORGAARD HEFUR VERIÐ RÁÐIN YFIRMAÐUR FORVARNAHÚSSINS SEM SJÓVÁ ER AÐ SETJA Á LAGGIRNAR.

Markmið Forvarnahússins er að vera í forystu á sviði forvarna sem snúa að fjölskyldum og börnum, umferðinni og fyrirtækjum. Herdís hefur um árabil starfað að slysavörnum barna og nú síðast sem verkefnisstjóri hjá Árvekni innan Lýðheilsustöðvar. Sjóvá hrósar happi yfir að fá hana til liðs við Forvarnahúsið að sögn Þórs Sigfússonar, forstjóra Sjóvár. „Starf Herdísar gegnum tíðina hefur skilað gríðarlegum árangri og Forvarnahúsið vill nýta hennar reynslu og þekkingu,“ segir hann og bætir því við að Forvarnahúsið eigi að verða breiður vettvangur stofnana og fyrirtækja og nú þegar hafi nokkur fyrirtæki bæst í hóp bakhjarla þess.




**Þó svo að sólin sé skemmtileg** getur hún verið skaðleg. Sólin hér á landi er sérstaklega varasöm. Förum því varlega.




















Tuttugu og fimm manns æfa reglulega línudans með Út og suður. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Línudans er góð líkamsrækt

***Danshópurinn Út og suður, sem skipaður er eldri borgurum, tekur sporið minnst einu sinni í viku.***

„Þetta er einhver besta leikfimi sem völ er á,“ er samdóma álit félaganna í Út og suður á línudansunum. Þeir segjast erfiða og svitna hæfilega þó að kennarinn sleppi þeim við svæsnustu snúninga sveitadansanna úr villta vestrinu.

Ekta sveitatónlist hljómar af diskum og gleði og góðlátlegt grín einkennir hópinn, sem reynir að hittast vikulega til að sletta úr klaufunum. Samtals eru 25 manns í hópnum en ýmis forföll geta hamlað því að allir mæti í einu. Sumir hafa verið með í þrjú til fjögur ár með hópnum, aðrir byrjuðu í haust og enn aðrir eftir síðustu áramót.



Jóna Þórunn stjórnar „með harðri hendi“.



Línudansarnir sameina leikfimi og skemmtun.

Þegar Fréttablaðið mætir á staðinn er verið að æfa fyrir sýningu síðar um daginn á Vorhátíð félags- og þjónustumiðstöðvarinnar í Bólstaðarhlíð. Danssporin eru stigin af öryggi undir stjórn Jónu Þórunnar Vernharðsdóttur.

# Starfsmenn Reykjavíkurborgar hjóla á fundi á nýjum hjólum

***Umhverfissvið Reykjavíkurborgar keypti fjögur reiðhjól til notkunar fyrir starfsmenn.***

Vegna átaksins Hjólað í vinnuna sem hófst í síðustu viku keypti Umhverfissvið Reykjavíkurborgar fjögur hjól sem ætluð eru starfsfólki til notkunar í vinnu, til dæmis til að fara á fundi eða í eftirlit. Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, segir að Umhverfissvið vilji með þessu sýna gott fordæmi og hún vonast til að starfsmenn þess verði duglegir að nota hjólin sem vinnutæki.

Ellý segir að hjólunum hafi verið vel tekið og það hafi mjög góð áhrif á starfsmenn að hjóla á milli staða, fá sér ferskt loft og hreyfa sig aðeins. Hún vonast til að fleiri fyrirtæki og stofnanir kaupi hjól fyrir starfsmenn sína því það sé til bóta bæði fyrir umhverfið og heilsu allra.



Starfsfólk Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar getur nú hjólað í vinnunni.

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Þegar sumarið „dettur inn“ ...

Ég held að sumarið hafi bara „dottið inn“ um helgina. 20 stiga hiti og sól. Ég hélt hreinlega að mælirinn væri bilaður hjá mér, en svo var sem betur fer ekki. Yndislegt að ganga út úr húsi og finna að það er eiginlega hlýrra úti en inni. Dásamlegt hvað við Íslendingar erum snögg að bregðast við hitanum frá sólinni með hlýju brosi, léttara skapi og stuttbuxum! En ég ætlaði nú ekki bara að tala um veðrið, heldur minna á að nýta það til hreyfingar.

**Að hreyfa sig áður en slappað er af**

Auðvitað er notalegt að sitja á kaffihúsi og liggja í heitu pottunum, en áður en við gerum það skulum við endilega koma blóðinu aðeins á hreyfingu. Tökum góðan sundsprett áður en við skríðum í heita pottinn. 20 ferðir! Tekur enga stund og þú nýtur heita pottsins enn betur! Hoppum á hjólaskautana, einn hring í Elliðaárdalnum eða niðri við Nauthól. Snilldaræfing fyrir læra, rass og kvið. Hjólum einn góðan hring í hverfinu okkar, förum í góða og röska göngu í Heiðmörk og tökum nestiskörfuna með eða klippum trén og reytum arfa í garðinum. Nú er engin afsökun að þurfa að koma börnunum fyrir í pössun, eins og oft þegar æft er á líkamsræktarstöðvum. Þau koma bara með og hafa ekki síður gaman af. Nýtum góðviðrisdagana í uppbyggilega samveru með fjölskyldunni, vinum, náttúrunni og ekki síst líkamanum og allt kemur það margfalt til baka.

**Endurnærandi ávaxtadraumur fyrir tvo**

Að lokum langar mig að gefa ykkur uppskrift til að fagna komu sumars. Nú fyrst finnst mér ég geta sagt við ykkur: Gleðilegt sumar! (Vona bara að það verði ekki beljandi rigning eða slagveður þegar þessi grein verður birt.)

2 kíví
1 appelsína
2 litlir bananar í sneiðum
8 þurrkaðar apríkósur eða döðlur, gróft skorið
4 tsk. lífrænar kókosflögur (fæst í Fjarðarkaupum, Fræinu og öðrum heilsubúðum)
4 tsk. hveitikím
4 msk. lífrænt jógúrt frá Biobu

Skerðu kíví í tvennt og skafðu kjötið innan úr með teskeið. Settu kíví í matvinnsluvél eða blandara ásamt banana og appelsínu, þurrkuðu ávöxtunum, kókosflögunum og hveitikími. Kveiktu á matvinnsluvélinni og bættu lífræna jógúrtinu saman við. Berðu fram í glasi með röri. Ef þér finnst blandan of þykk, bættu þá pínulitlu vatni saman við í mjórri bunu.

*Njóttu! Kær kveðja,*
*Borghildur*



100% náttúrulegt
• 100% náttúrulegir jurtalitir
• Engin skaðleg aukaefni
• Ekkert ammóníak
• Laust við festiefni (Resorcinol)
• Þægilegt og fljótlegt í notkun
• 30 litir (Hægt að blanda fleiri)
Einnig sjampó, hárnæring o.fl.
Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana
DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570


Ashtanga jóga námskeið
19. - 23. maí með Rolf Naujokat
Rolf byrjaði að stunda jóga á Indlandi árið 1975. Þar bjó hann og kenndi jóga í rúmlega 25 ár. Rolf er einn virtasti og vinsælasti Ashtanga jógakennari í heiminum í dag. Hann fékk æðstu viðurkenningu hjá sínum meistara (gúru) Sri. K. Pattabhi Jois árið 1996 til að kenna Ashtanga jóga. Hann ferðast nú víða um heim og heldur námskeið.
Styrkur, sviti, einbeiting og þol einkennir Ashtanga jóga. Það byggist á seríum saman settar af líkamsstöðum / æfingum sem fólk lærir smám saman utan að.
Verð: 18.500 kr.
Sjá dagskrá á www.yogashala.is
Námskeiðið hentar öllum, byrjendum og lengra komnum
yoga shala
Engjateigur 5 – Reykjavík
Sími: 5530203 – Netfang: yoga@yogashala.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


Hress hópur í fyrsta tíma kerrupúls á vegum Hress. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Með börnin út að skokka í kerrum

***Kerrupúl er ný grein innan heilsuræktar á Íslandi. Námskeið í því er hafið hjá Hress í Hafnarfirði.***

Kerrupúl er ætlað foreldrum með börn á vagna- og kerrualdri og er eingöngu æft utan dyra. Það er blanda af styrktarþjálfun og þolþjálfun og útiveran spilar stórt hlutverk í árangrinum að sögn Lindu Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra Hress í Hafnarfirði. Hún segir tímana byggða upp á röskri göngu og æfingum með vagnana og kerrurnar sem hjálpartæki og að sjálfsögðu eru börnin með. Þessa þjálfunarleið segir hún hafa verið að ryðja sér til rúms í Bandaríkjunum og nú ætlar Hress að vera fyrst til hér á landi að prófa þessa nýjung. Áhuginn er mikill og milli tíu og tuttugu mæður hófu sprettinn í gærmorgun með kerrur og vagna og litlu angana innanborðs á aldrinum frá fjögurra vikna upp í tæplega tveggja ára. Mæting er þrisvar í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum klukkan 10.30. „Þetta var alveg þrælgaman og börn og mæður mjög ánægð,“ segir Linda, sem hljóp með í fyrsta tímanum. Hún segir veðrið hafa leikið við hópinn en vafalaust verði hann líka hress í rigningu og roki. „Þetta er blanda af röskri göngu og æfingum fyrir alla stærstu vöðvahópa líkamans,“ upplýsir hún og bætir við að lokum: „Á heimleiðinni var mikið spjallað um börn og hreyfingu. Þetta á greinilega eftir að slá í gegn og ég hvet allar mömmur til að drífa sig af stað með vagnana.“ Umsjón með kerrupúlinu hefur Ólöf Björnsdóttir og nánari upplýsingar fást í Hress í síma 565 2212.

*- gun*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun
Viltu ná glæsilegum árangri?

TT námskeið
Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega
TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar
Ný námskeið hefjast 21. maí
Skráning hafin!
Sumar-TT
TT-tímatafla

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | x | | x | | x |
| 07:20 | x | | x | | x |
| 08:20 | x | | x | | x |
| 12:05 | x | | x | | x |
| 16:20 | x | | x | x | |
| 17:20 | x | | x | x | |

Vertu velkomin í okkar hóp!

Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732







Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**Næstu námskeið hjá Maður lifandi**
09. maí 2006
Kennsla í notkun jurta og fæði við gigt – **Kolbrún Björnsdóttir**
10. maí 2006
Heilbrigði og hamingja – **Benedikta Jónsdóttir.**
16. maí 2006
Lifandi fæði – skapandi líf – **Ásta Arnardóttir**
23. maí 2006
Hveitigrassafinn – Kraftaverk jarðar! – **Ásta Arnardóttir**













Ólafur segir að því yngri sem börnin eru, þeim mun auðveldara eigi þau með að læra að synda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennir börnum að synda

***Ólafur Þór Gunnlaugsson hefur rekið sundskólann Svamla síðan 1985 og er með sundnámskeið fyrir börn í Grafarvogssundlaug.***

Í sundskólanum Svamla er boðið upp á ungbarnasundnámskeið en Ólafur er einn af þeim fyrstu sem kenndu ungbarnasund hér á landi. „Ég fór að kenna ungbarnasund árið 1990, fimm árum eftir að ég byrjaði með skólann,“ segir hann.

Á ungbarnasundnámskeiðunum taka foreldrarnir virkan þátt í kennslunni og fimmtán börn komast að á hvert námskeið. „Stundum detta einhver út og þá tek ég önnur inn í staðinn,“ segir Ólafur.



Gleðin er einlæg á sundnámskeiðunum.

Í sundskólanum er einnig boðið upp á svokölluð kútanámskeið, sem eru sundnámskeið fyrir þriggja til sex ára börn. „Á þessum námskeiðum er meiri sundkennsla og um leið er þetta ofsaleg styrking fyrir börnin. Ég læt þau sparka með fótunum, bæði á bakinu og maganum, og kenni þeim hringhreyfingar handa og fóta. Börnin synda tvö til þrjúhundruð metra í hverjum tíma og eru rosalega dugleg. Eftir tólf tíma eru þau yfirleitt öll laus við kútana,“ segir Ólafur.

Á kútanámskeiðunum eru einnig fimmtán börn á hverju námskeiði og foreldrarnir eru með þeim í lauginni eins og í ungbarnasundinu. „Foreldrarnir verða að vera með því það er einn kennari með fimmtán börn og stundum tekur tíma að fara á milli þeirra til þess að hjálpa þeim.“

Ólafur segir að börn hafi mjög gott af því að fara á sundnámskeið áður en þau byrji í skóla og því yngri sem þau séu, þeim mun auðveldara eigi þau með að læra að synda. „Ég finn mikinn mun á því hvort börnin byrja þriggja eða sex ára því þessi þriggja ára eru miklu djarfari og fljótari að taka af sér kútana á meðan þessi sex ára eru orðin varkárari og stundum svolítið hrædd við vatnið.“



Stundum er gott að hafa eitthvað til að halda sér í.



Ólafur er með sundnámskeið fyrir börn í Grafarvogssundlaug.



Ólafur kennir börnunum hringhreyfingar handa og fóta í vatninu.



Margt sniðugt má gera í sundlauginni.

# Genin ákveða greindina

***Geðlæknar hafa fundið gen sem hefur mikil áhrif á greind okkar.***



Þessir eineggja tvíburar ættu að vera jafngreindir.

Geðlæknar sem starfa við The Feinstein Institute of Medical Research í New York hafa unnið lengi að gena rannsóknum. Þeir telja sig nú hafa fundið gen sem hefur mikil áhrif á það hversu gáfuð við verðum. Þeir vilja meina að þessi nýja uppgötvun renni stoðum undir þá kenningu að genin hafi mikil áhrif á líðan okkar og jafnvel ekki minni en umhverfið.

Geðlæknarnir sem unnu rannsóknina í samstarfi við vísindamenn frá Harvard skoðuðu genasamhengi einstaklinga sem höfðu verið greindir með geðklofa og einstaklinga sem voru ekki með neina geðsjúkdóma. Rannsakendurnir fundu gen sem tengist geðklofa en er einnig talið hafa mikil áhrif á greind. Rannsóknin mun birtast í næsta tölublaði Human Molecular Genetics en hægt er að lesa hana í heild sinni á netinu.

*Frétt af www.persona.is*

## Hjólreiðaráðstefna

RÁÐSTEFNA UM HJÓLREIÐAR VERÐUR HALDIN Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK HINN 11. MAÍ.

Á fimmtudaginn verður ráðstefnan Látum hjólin snúast haldin á Grand Hótel frá klukkan 13 til 17. Á ráðstefnunni verður fjallað um gildi hjólreiða og svara leitað við því hvert heilsufarslegt mikilvægi þeirra sé. Lýðheilsustöð, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Landssamtök hjólreiðamanna standa fyrir ráðstefnunni, sem er öllum opin. Aðgangseyrir er enginn en þáttakendur eru beðnir um að skrá sig á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is



Á ráðstefnunni verður svara leitað við því hvert heilsufarslegt mikilvægi hjólreiða sé.



Hér er unnið gegn ofnæminu.

# Kossar gegn ofnæmi

***Langdregnir kossar geta dregið úr ofnæmisviðbrögðum.***

Þótt kossar geti auðveldlega borið kvefbakteríur og fleira á milli fólks getur líka verið fólgin í þeim heilmikil heilsubót. Kossar virðast hafa góð áhrif á fólk sem þjáist af frjókornaofnæmi og útbrotum en þá þurfa þeir líka að standa í um það bil hálftíma.

Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem var gerð við Satou-sjúkrahúsið í Japan. Hún var gerð á 24 konum og körlum sem kysstu maka sinn í 30 mínútur og við það dró úr framleiðslu histamíns, sem veldur ofnæmisviðbrögðum.

Önnur tilraun var gerð með faðmlögum án kossa en hún hafði ekki sömu jákvæðu virknina. Þessar skemmtilegu niðurstöður hefur breska götublaðið The Mirror eftir japönskum vísindamönnum.



# Siðareglur og heilræði

***Siðareglur og heilræði fyrir starfsfólk í kristilegu æskulýðsstarfi voru afhent á Prestastefnu 2006.***

Hans Guðberg Alfreðsson, fræðslufulltrúi á Biskupsstofu, kynnti reglurnar fyrir prestastefnu sem haldin var í Keflavík í apríllok. Prestum og djáknum voru afhentar siðareglurnar innrammaðar til að hengja upp í safnaðarheimilum.

Gefinn hefur verið út bæklingur með siðareglunum og heilræðunum sem einnig á að liggja frammi í kirkjum. Þetta verkefni er samstarfsverkefni Biskupsstofu, KFUM og KFUK á Íslandi, Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum og Æskulýðsnefndar Kjalarnessprófastsdæmis.





**Stuttbuxur** eru munaður sem Íslendingar geta aðeins nýtt fáa daga á ári. Tveir dagar bættust þó við um helgina.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga







# Stuttermabolir með skilaboð

*Töff og skemmtilegir fyrir sumarið.*

Undanfarin misseri hafa bolir með hvers kyns myndum, áletrunum og skilaboðum verið vinsælir. Í sumar verður hið sama upp á teningnum og því um að gera að fjárfesta í skemmtilegum stuttermabol. Íslenskir hönnuðir sækja á þennan markað og í verslunum á borð við Ósóma og Nakta apanum má finna skemmtilega og alíslenska hönnun í þessum dúr. Aðrar verslanir blanda saman því erlenda og innlenda, til dæmis Dogma.

Hér gefur að líta nokkra skemmtilega og frumlega boli.













# Sakleysið uppmálað

ÞEIR SEM ERU FLINKIR Í HÖNDUM GÆTU SEST VIÐ SAUMA Á NÆSTUNNI OG ÚTBÚIÐ FALLEGA BRÓDERAÐA STELPNAKJÓLA SEM VIRÐAST ÆTLA AÐ VERÐA VINSÆLIR Í ÁR EF MARKA MÁ TÍSKUSÝNINGAR UNDANFARIÐ.

Þegar vor- og sumartískan var kynnt á tískupöllunum út í heimi síðastliðið haust bar nokkuð á sakleysislegum hvítum blúndukjólum sem minntu einna helst á stækkaða telpnakjóla. Slíkir kjólar verða eflaust áberandi í sumar með skemmtilegum útsaumi, blúndubróderíi og borðum. Þeir sem eru flinkir við saumaskapinn gætu jafnvel saumað sér slíka kjóla og leitað hugmynda í gömlum handavinnubókum.

Þessi skemmtilegi kjóll frá Chloé er hvítur og stelpulegur og ákaflega sumarlegur. Hvítu blúndurnar eru á sínum stað og í hönnuninni gætir áhrifa frá sjötta og sjöunda áratugnum. Gæti vel átt við í sumrinu sem nú hefur innreið sína með sólríki og gleði.



Stelpulegur kjóll frá Chloé.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Litir og munstur

*Litagleði og prentmunstur eru áberandi í sumartísku Topshop í ár.*

Tvær línur eru þar allsráðandi: Miami Beach og Exotic, en einnig sendir Topshop frá sér fatalínu í takmörkuðu upplagi í lok maí. Miami Beach einkennist af fatatísku glamúrhúsmæðra Miami frá 6. og 7. áratugnum. Litrík prentmunstur eru þar í aðalhlutverki ásamt stórum fylgihlutum, eins og sólgleraugum og töskum. Skórnir eru að sjálfsögðu einnig í anda þessa tímabils.

Prentmunstur eru einnig áberandi í Exotic-línunni. Munstrin eru stór og gróf með fuglum og hitabeltisblómum. Litaspjaldið er með sterkum litum í bland við jarðliti sem gefa línunni afslappað yfirbragð. Nota má hvítar gallabuxur, stuttbuxur og capri-buxur til að gefa útlitinu meiri skerpu.

Fatalínan sem seld verður í takmörkuðu upplagi í lok mánaðarins er eftir hönnuðinn Celiu Britwell, einn þekktasta textílhönnuð Bretlands. Hún einkennist aðallega af kjólum og skyrtum með litríku og skemmtilegu munstri. Fatalínan var sett í forsölu í verslun Topshop í London á Oxford Circus fyrir skömmu og seldist upp á átta mínútum.


Flíkur úr hönnun Celiu Britwell sem seldar verða í takmörkuðu upplagi í lok mánaðarins.



# Sumarlegar bumbulínur í sundi

*Óléttar konur geta tollað í tískunni á sundlaugarbakkanum.*



Það er bæði hressandi fyrir sál og líkama að skella sér í sund. Við Íslendingar búum þjóða best í þeim efnum og getum valið úr úti- sem innilaugum. Yfirleitt er örstutt í næstu laug þar sem maður getur ýmist tekið góðan sundsprett í lauginni, látið heitt og gott vatnið nudda sig í pottinum eða jafnvel flatmagað á bakkanum þegar þannig viðrar. Óléttar konur eru þar engin undanteking og þykir gott að láta líða úr sér í lauginni eða jafnvel taka þátt í sundleikfiminni. Það virðist þó ekki alveg jafn auðsótt mál og að komast í laugina að finna sér sundfatnað við hæfi. Hægt er að fá klassískan svartan bol frá Speedo bæði í Intersport og Útilífi og svo er verslunin Tvö líf með ágætis úrval af bæði sundbolum og bikiníum. Enn einn möguleikinn er að láta sérsauma á sig sundföt hjá Gallerí Freydísi á Laugaveginum. Myndirnar sem fylgja greininni eru allar af sundfötum úr Tveimur lífum.















Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Bátar



Til sölu þessi glæsilegi Gáski 1000. Glæsilega innréttaður sem sportbátur en skráður sem fiskibátur. Uppl. 893 3985. addiat@islandia.is



Viðhaldið, Micro18 í ágætu standi. Utanb.mótor og kerra. Er í Kópavogsh. Verðh. 450 þús. S. 825 6490. http://www.hi.is/~brynjark/



Trophy 4,70m, 60 hö Mercury, með öllu, frábær vatnabátur, ganghraði ca 45 mílur, nýr bátur verð 1.390 þ. eða 1.490 þ. með kerru. Sportbúð Títan www.sportbud.is 517 8810 eða 697 7084.

**Gúmmíbátar & Gallar**
Viðgerðarþjónusta, 10 ára reynsla. Seago björgunarbátar & vesti. S. 660 7570 www.gummibatar.is

Til sölu 1/10 hlutinn úr seglskútunni Stjörnunni, uppl. í s. 897 3290.

Vil kaupa kvótalausan bát, lampamagnara og silfurborðbúnað. Uppl. í s. 696 2334.

4 manna gúmmibjörgunarbátur (samþykktur) óskast. Uppl. í s. 897 2000.

**Bátar til sölu!**
www.snarfari.is

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




Til sölu dekk 29" ónotuð continental 235/70 R16. Verð. 20.000 kr. Uppl. í s. 864 8866.

Óska eftir nýl. eða lítið slitnum 38" Dick Cepek dekkjum, Benni s. 893 5050.

## Varahlutir

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.




**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Flottir dömuskór í stærðum 42-44, Ásta skósali Súðarvogi 7, S. 553 6060. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18.

Má Mí Mó Stór útsala á allri vöru. Mikið úrval af mjög ódýrum efnum og bútum. Opið frá 12-18 og laugard. 12-16. S. 551 1808.

Trigano tjaldvagn til sölu. Árg.1997. Verð 250 þús. Uppl. í s. 692 0858.

Til sölu málverk og bækur. Uppl. í s. 552 3851.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Ég er svartur og hvítur 2 ára kisustrákur og bráðvantar heimili. Vill einhver taka mig að sér svo mér verði ekki lógað. Síminn hjá mömmu er 690 0084.

Öryrki óskar eftir dömureiðhjóli með fótbremsu. Uppl. í s. 553 4050 e. kl. 13.

## Óskast keypt

Kaupum gamlar vínylplötur, gott verð, góð tilboð. Uppl. í s. 698 8629.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Höfum til afgreiðslu strax, Weelu C32 járnaklippur, Weelu E320 beygjuvél og Bendof DBD 25 beygjuvél. Nánari upplýsingar : 544 4490 Mót ehf., Bíldshöfða 16

## Til bygginga




Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

Vantar lóð sem er tilbúin til bygginga á stór Reykjavíkursvæðinu eða nágreni. S. 822 7299.

Til sölu rafdrifin, hvít, tvíbreið bílskúrshurð. Spónlagðar loftaþiljur úr kirsuberjavið, breidd 20 cm, lengd 2,40 cm, ásamt gylltum innfelldum halógenljósum. Panelofnar níu stk. af mismunandi stærðum. Upplýsingar í síma 8999 705.






FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

**Flísar og pípulagnir**
Við bjóðum upp á flísalögn og pípulagnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Öll vinna í einni hendi. Skjót þjónusta, gott verð og fagmennska í fyrirrúmi.
**Hringið í okkur og við gerum ykkur verðtilboð. EZ ehf, símar 555 1807 (einnig fax), 897 5072 & 897 5073.**

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna allt að 100% hreinsun. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tökum að okkur m.a. niðurrif innréttinga, aftekt gólfefna og flísa, ísetningu innihurða ofl. Uppl. í s. 820 5210.

Get bætt við mig verkefnum, vönduð vinnubrögð. Tilboð / tímavinna. S. 820 1974, Gummi.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stíflulosun
Röramyndun
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Vefumsjónakerfi. 8.is

Vefhýsing. 8.is

## Snyrting

Stelpur! Stelpur! Opnunartilboð ICY-neglur.

Opnunartilboð! ICY-neglur

Stelpur takið eftir. Opnunartilboð. ICY-neglur.

## Spádómar

ALSPÁ
908 6440
FINN TÝNDA MUNI

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spái í spil!**
Spái í spil, tek fólk heim, gef góð ráð, ræð einnig drauma. Tímap. í s. 891 8727, Stella.

Skyggni og huglæg hjálp hjá Daddý í s. 846 6364.

## Iðnaður

Ryðfríir vinklar, Málmtækni.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

SG sólpallar
Pantanir í síma 820 4720 og 896 1976

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta

**Stafræn framköllun**
Tilboð á stafrænni framköllun myndin frá 33kr. Framköllun á filmu 24myndir með CD aðeins 1390kr. Suðurlandsbraut 52, s.588 3700, www.pixlar.is

Byggingarnefndarteikningar, burðarþolsteikningar og lagnateikningar. Tækniþjónusta GR s. 567 5066 og 896 9998.

Hillukerfi. Sindri.

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg

Hillur í geymskuna. Sindri.

Loftpressur. Sindri.

GP Alkaline rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Sirry 897 8886.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 3 bókahillur og vegghúsgagn. Uppl. í s. 699 0354.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi**
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## TIL SÖLU



## TILKYNNINGAR





FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton / SÍA


## ATVINNA



GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

# Húsvakt

Óskum eftir hjúkrunarfræðingi, hjúkrunarnema eða læknanema á húsvaktir í sumar. Möguleiki á framtíðarstarfi. Viðkomandi þarf að hafa gott sjálfstraust í starfi. Góð laun í boði

# Sjúkraliðar

**Fjölbreytt og sjálfstætt starf! Hvernig væri að prófa?**

Okkur á Grund langar að bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem þegar er starfandi við heimilið. Sjúkraliðar starfa sem hópstjórar sem býður upp á mikið sjálfstæði og góða reynslu. Starfshlutfall samkomulagsatriði.

Verið velkomin í heimsókn að skoða.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 8.30-15.00.

## FASTEIGNIR

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is
Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali - Þyrí Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali.
Andri Sigurðsson sölustjóri - Ólafur Finnbogason sölumaður
Við erum í Félagi fasteignasala

# Hólahverfi-Breiðholti

Okkur á DP FASTEIGNUM hefur verið falið að finna 2ja-3ja herbergja íbúð í Hólahverfi í Breiðholti fyrir mjög ákveðinn kaupanda sem er búinn að selja sína eign. Um er að ræða góðar greiðslur og afhendingu í síðasta lagi í lok júlí 2006. Allar nánari upplýsingar veitar hjá DP FASTEIGNUM í síma 561-7765.

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

Frum

## TILKYNNINGAR

### Aðalfundur Heilsuhringsins 2006

verður haldinn þriðjudaginn 9. maí kl. 20 í Norrænahúsinu, ath. breyttan fundarstað. Að loknum aðalfundastörfum kl. 20:30 verður fyrirlestur. Fyrirlesari er Sigmundur Guðbjarnason prófessor, ,,*hvernig virka náttúruefni úr lækningajurtum.*" Aðgangur ókeypis. – Allir velkomnir.

Stjórnin


2 2+ 2 BÍÓ NFS SIRKUS SÝN




SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI



Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?
– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland
OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS


Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing

## um tillögu að breyttu deiliskipulagi hringtorgs við Ölfusárbú á Selfossi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi hringtorgs við Ölfusárbrú og á Austurvegi að Sigtúni á Selfossi.

Gerðar eru eftirfarandi breytingar á deiliskipulaginu á þeim hluta sem er innan uppgefinna marka breytts deiliskipulagssvæðis og ná breytingarnar aðeins til umferðaþátta. Markmið með breytingum er að bæta umferðarflæði í og við hringtorgið.

Hringtorgið er breikkað úr 36 m í 46 m þvermál ytri hrings. Sebrabrautir fyrir gangandi vegfarendur við arma torgsins við Austurveg og Eyrarveg eru lagðar af. Syðri akbraut Austurvegar er breikkuð milli hringtorgs og Sigtúns og akgreinalínur málaðar á akbrautina. Ný gangbraut er sett í framhaldi gönguleiðar milli Austurvegar 2 og 4 og bílastæðum við Austurveg 1-5 fækkað í framhaldi gönguleiðarinnar. Gönguleið yfir Austurveg vestan við Sigtún er lögð niður. Á Sigtún norðan Austurvegar er sett einstefna til norðurs og innkeyrsla í götuna þrengd í samræmi við einstefnuna.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda – og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með mánudeginum 8. maí til og með mánudagsins 6. júní 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 20. júní 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 2. maí 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

# Kynningarfundur

## Setbergsland í Garðabæ

### í hátíðarsal Flataskóla, laugardaginn 13. maí kl. 13.15-15.00

**Kynntar verða tillögur í hönnunarsamkeppni um skipulag Setbergslands í Garðabæ**




## Setbergsland í Garðabæ

Setbergsland er byggingarland í Garðabæ þar sem fyrirhugað er að reisa hágæða íbúðahverfi með sérstakri áherslu á sérbýli.
Ekki er gert ráð fyrir þéttri byggð heldur er markmiðið að þróa aðlaðandi samfélag þar sem verður að finna nægt landrými fyrir íbúana.
Skipulagi svæðisins er ætlað að stuðla að innbyrðis samfélagsvitund og auknum félagslegum samskiptum íbúanna. Gert er ráð fyrir grunnskóla í Setbergslandi og tveimur leikskólum.
Náttúrufegurð Setbergslandsins er einstök, sem og útsýnið yfir Urriðakotsvatn. Gert er ráð fyrir góðum gönguleiðum frá íbúðarbyggðinni að vatninu sem auðvelda íbúunum aðgengi að þessari náttúruperlu og því fjölbreytta lífríki sem þar er að finna.
Í næsta nágrenni við Setbergslandið má finna ýmsa spennandi afþreyingar- og útivistarmöguleika, t.d. golfvöll, reiðleiðir, gönguleiðir og einnig má nefna að friðlandið Heiðmörk er í göngufæri við Setbergsland.

ee.is [útlit&umbrot]







## Eftirtaldar arkitektastofur kynna tillögur sínar:

kanon arkitektar



Halldóra K. Bragadóttir | Helgi B. Thóroddsen | Þorkell Magnússon | Þórður Steingrímsson

Kanon arkitektar ehf. hafa starfað frá árinu 1994 á sviði hönnunar og skipulags. Eigendur eru arkitektarnir Halldóra Kristín Bragadóttir, Helgi B. Thóroddsen, Þorkell Magnússon og Þórður Steingrímsson. Á teiknistofunni starfa sex arkitektar að eigendum meðtöldum.
Kanon arkitektar ehf. sinna öllum almennum arkitektastörfum, s.s. hönnun bygginga, skipulagi, innréttingum, endurbótum eldra húsnæðis og húsnæðis- og byggingaráðgjöf. Mikilvægur þáttur í starfsemi Kanon arkitekta er þátttaka í samkeppni um arkitektúr og skipulag og hefur fyrirtækið unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga. Markmið fyrirtækisins er að vinna að góðri byggingarlist og skipulagi. Kanon arkitektar ehf. leggja áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með það að leiðarljósi að markviss hönnun sé lykillinn að vel heppnuðum lausnum.



Bílanaustreiturinn



Breiðagerðisskóli



Kristnibraut 2-12



Skipulag: Grafarholt - vestursvæði

schmidt hammer lassen



Morten Schmidt | Kristján Örn Kjartansson | Lars Holt

Schmidt hammer lassen er ein stærsta arkitektastofa Danmerkur, með höfuðstöðvar í Árósum og útibú í Kaupmannahöfn. Fyrirtækið var stofnað 1986 og í dag starfa hjá því um 120 reyndir arkitektar, landslags- og innanhúsarkitetkar, hönnuðir, grafíklistamenn, líkanasmiðir og yfirmenn sem allir standast miklar kröfur fyrirtækisins um hæfni og sköpunargáfu.
Í verkum stofunnar blandast saman norrænar hefðir og nýir alþjóðlegir straumar og leitast er við að hafa bein áhrif á þróun arkitektúrs í alþjóðlegu samhengi. Lykiláhersla stofunnar frá uppafi hefur verið á ítarlega þekkingu sem spannar allt sviðið í heimi arkitektúrs. Vítt svið og vandaðar starfsaðferðir hafa ekki aðeins skilað stofunni aragrúa viðurkenninga og verðlauna, heldur einnig skipað henni háan sess, bæði á heimavelli og alþjóðlegum grundvelli.



Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn



Skuggahverfi í Reykjavík



Íbúðahverfi í Jelling



Nýlistasafnið í Árósum

LEDERER+RAGNARSDÓTTIR+OEI



Arno Lederer | Jórunn Ragnarsdóttir | Marc Oei

Arkitektastofan Lederer + Ragnarsdóttir + Oei á rætur að rekja til ársins 1979. Í dag vinna um 30 manns hjá fyrirtækinu. Til að skapa hverju viðfangsefni stofunnar sína eigin sérstöðu vinnur starfsfólkið í litlum vinnuhópum og sami hópurinn fylgir hverju einstöku verkefni frá upphafi til enda. Frá stofnun 1979 hefur stofan tekið þátt í yfir 140 samkeppnum og unnið til yfir 60 verðlauna.
Mikil áhersla er lögð á hönnun sem er í takt við nánasta umhverfi. Byggingahefð svæðisins er skoðuð og kafað djúpt ofan í eiginleika þeirra bygginga sem fyrir eru.
Jórunn Ragnarsdóttir, meðeigandi í stofunni, hefur verið búsett í Þýskalandi síðan hún kláraði arkitektanám í Stuttgart og hefur getið sér gott orð þarlendis og víðar.



Gustav-von-Schmoller skólinn í Heilbronn



Hessian State leikhúsið í Darmstadt



Höfuðstöðvar Helvetia tryggingafélagsins í Frankfurt



Salem háskólinn í Überlingen

## Dagskrá kynningarfundar, 13. maí:

**Kl. 13.15** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, setur fundinn.

Arkitektar kynna tillögur sínar.

**Kl. 15.00** Veitingar – Arkitektar afhjúpa líkön af skipulagstillögum sínum og tækifæri gefst til að ræða við þá um skipulagshugmyndir þeirra fyrir Setbergsland.



**Fundarstjóri verður**
**Gunnar Einarsson**
**Bæjarstjóri Garðabæjar**

**Verkefnisstjórnun þróunarverkefnisins í samvinnu við landeigendur:**

**VSÓ RÁÐGJÖF**

## SKEMMTILEGAST & LEIÐINLEGAST

# *Leiðindi að koma fram í tilgangslausum dálkum*



**Skemmtilegast?**
...að horfa á fótboltaleik sem Leeds er að vinna með konunni minni og sonum, þar sem X-ið 977 er í botni í bakgrunni.

**Leiðinlegast?**
...að þurfa að svara svona spurninga dálkum um nákvæmlega ekki neitt. Bara til þess að fá mynd af sér í blöðunum og kannski smá plögg fyrir útvarpsstöðina sem maður er að vinna á, þvílík leiðindi. Af hverju getur fólk ekki bara notað í sér heilann og hlustað á X-ið 977?

**ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON, ÚTVARPSMAÐUR Á X-INU 977.**

allt tilboð
Alla föstudaga

## VISSIR ÞÚ...

...að víkingaöldin er almennt talin byrja árið 793 og enda árið 1066?

...að rétt fyrir aldamótin 800 fór að bera á víkingum víðs vegar í Evrópu?

...að samskipti þeirra við aðrar þjóðir voru ekki einungis fjandsamleg?

...að þeir voru miklir verslunarmenn?

...að eins og við Íslendingar vitum voru þeir miklir landkönnuðir?

...að víkingar námu land ekki bara á Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og Norður-Ameríku heldur einnig á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum?

...að enn fremur settust þeir að víðs vegar að í Evrópu meðfram ám og ströndum?

...að þeir voru síðasti hlekkurinn í þjóðflutningunum miklu 300-900?

...að verslunarveldi og áhrifasvæði þeirra náði frá Nýfundnalandi í vestri að Kænugarði í austri og frá Íslandi í norðri að Norður-Afríku og Konstantínópel í suðri?

...að norskir víkingar leituðu í vestur og norður, Danir til Bretlands og sænskir víkingar til austurs?

...að á þeim tíma batt samnorrænt tungumál þessar þjóðir saman?

...að gullöld víkinganna lauk með bardaganum við Stamford Bridge árið 1066?

...að þá sigraði Harold Englandskonungur Harald Noregskonung?

...að sagan segir að eftir að Haraldur hafði sigrað heri bæði Edwin af Merkíu og Morcar af Norður-Umbríu náði Harold að koma honum á óvart?

...að menn Haralds voru ekki tilbúnir í bardaga og voru ekki brynjaðir?

...að úti í hinum víða heimi er ímynd víkingsins skítugur maður með hyrndan hjálm drekkandi blóð úr höfuðkúpu?

...að aðeins örfáir viðhafnarhjálmar með hornum hafa fundist?

...að þeir eru flestir frá bronsöld og því líkast til ekki í notkun á víkingatímanum?

...að hyrndi hjálmurinn er uppfinning Götiska Förbundet sem var klúbbur skálda og rithöfunda í Svíþjóð árið 1811? Markmið klúbbsins var að stuðla að hærra siðgæði með vísun í forna glæsta tíma.

...að víkingar voru mjög snyrtilegir?

...að þeir voru Evrópuþjóða fyrstir að nota sápu?

...að einn algengasti forngripur víkingaaldarinnar er greiða eða kambur?

...að misskilningurinn um höfuðkúpudrykkju er fenginn úr latínskri þýðingu á Krákumáli frá 1636? Textinn segir að drukkið sé: ór bjúgviðum hausa. Bjúgviðir hausa eru horn en í þýðingunni er það einfaldlega hauskúpa.




# Veiðistangir og stangapakkar í ótrúlegu úrvali

## Verð við allra hæfi

### Sníðum tilboðspakka að þínum óskum



**Scierra Avalanche**
tvíhendupakki á hreint frábæru verði.
4ra hluta hágæða stöng. Scierra „large arbour"
hjól með góðri diskabremsu. Scierra skotlína ásamt baklínu og sökktaum.
Kastkennsla á DVD með snillingnum Henrik Mortensen og gjöful veiðihúfa í kaupbæti.
**Fullt verð 44.800. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 35.880 eða aðeins 3.435 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Scierra Avalanche**
einhendupakki á fínu verði.
9 feta einhenda í þrem hlutum. „Large arbour" hjól með diskabremsu,
flotlína, baklína og taumur. Kastkennsla á DVD með Henrik Mortensen.
**Fullt verð 25.900 Vortilboð Veiðihornsins aðeins 19.990**



**Scierra EDP kaststöng í þrem hlutum.**
Stönginni fylgir poki og góður hólkur. Hægt að velja um 9, 9.3 eða 9.9 feeta stöng. Okuma Centurion kasthjól með 5 legum og aukaspólu.
**Fullt verð 19.985. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 15.985.**



**Ron Thompson Quartz Concept kaststöng.** Sterk stöng í 3 hlutum. Poki fylgir. 8, 9 og 10 feta stangir fyrir silung og lax.
**Verð aðeins 8.995**



**Ron Thompson Steelhead II kaststöng.** Vinsælar stangir fyrir silung og lax. 2 hlutar. Poki fylgir. 7, 8 og 9 feta stangir.
**Verð aðeins 6.995**



**Ron Thompson Carbonstick kaststöng í 3 hlutum.**
Stönginni fylgir poki og góður hólkur. Hægt að velja um 8, 9 eða 10 feta stöng.
Okuma Undertaker kasthjól með 3 legum og 2 aukaspólum.
**Fullt verð 12.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 9.995**



**DAM Forrester Speed flugustöng í 4 hlutum.**
Vandaður hólkur. Scierra IC3 „large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu og legu. 3 aukaspólur fylgja og hjólataska.
**Fullt verð 19.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 15.990**



**Ron Thompson X-Symmetry kaststöng.**
Léttar og skemmtilegar stangir fyrir silung og lax. 8, 9 og 10 fet.
**Verð aðeins 8.995**



**Ron Thompson Carbonstick kaststöng.** Sterkar og skemmtilegar stangir. 3 hlutar. Poki og hólkur. 8, 9 og 10 fet. **Verð aðeins frá 7.995**



**Scierra EDP kaststöng.**
3ja hluta vönduð stöng. Poki og góður hólkur. 9, 9.3 og 9,9 fet.
**Verð aðeins frá 12.995**



**Scierra Ti+ kaststöng.**
Sterk og hröð stöng í stærri silung og lax. Poki og hólkur. 9.3 og 10.8 fet.
**Verð aðeins frá 25.900**



**DAM E-motion kaststöng.**
stöng í silung og lax. 7, 8, 9 og 10 fet. 2 hlutar. Poki fylgir.
**Verð aðeins frá 6.995**



**DAM Green Cross Power.**
Sterkar stangir í silung og lax. 7, 8, 9 og 10 fet. 2 hlutar. Poki fylgir.
**Verð aðeins frá 8.995**



**DAM EffZet kaststöng.**
Léttar og skemmtilegar stangir fyrir silung og lax. 3 hlutar. Poki og hólkur. 8, 9 og 10 fet.
**Verð aðeins frá 11.995**



**DAM Sumo Royal kaststöng.**
Vinsæl, nett stöng í lax og silung. 8, 9 og 10 fet. 2 hlutar. Poki og plasthólkur. **Verð aðeins frá 8.995**

**Stakir stangarhólkar**
**aðeins frá 1.995**



**DAM Allround TeleSpin kaststöng.**
Útdraganlegar stangir í ferðalagið og bakpokann. 7, 8 og 9 fet.
**Verð aðeins 2.995**

**Scierra sætaáklæði í bílinn.**
**Fullt verð 4.880 pr. stk eða 9.760 parið.**
**Vortilboð Veiðihornsins aðeins 6.990 parið.**



**Barnavöðlur**
**aðeins 3.995**



**Barnaveiðisett**
**aðeins frá 1.595.**

Öll verð eru með fyrirvara um prentvillur og gengisbreytingar.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.465 **-0,72%** **Fjöldi viðskipta:** 217 **Velta:** 1.993 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Flaga | 3,02% | FL Group | 2,16% |
| Actavis | 0,81% | Landsbankinn | 1,89% |
| Marel | 0,57% | Glitnir | 1,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,00 +0,81% ... Alfesca 3,82 +0,00%... Atorka 5,80 +0,00% ... Bakkavör 49,50 +0,41% ... Dagsbrún 5,27 +0,00% ... FL Group 18,10 -2,16% ... Flaga 4,10 +3,02% ... Glitnir 16,70 -1,18% ... KB banki 739,00 -0,94% ... Kögun 74,00 +0,00% ... Landsbankinn 20,80 -1,89% ... Marel 70,30 +0,57% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,80 -0,59% ... Össur 112,00 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## MARKAÐSPUNKTAR...

LME ehf., sem er í eigu Marel hf., Eyris Invest ehf. og Landsbanka Íslands hf., hefur í gegnum dótturfélag sitt Ioliet Beheer B.V. aukið hlut sinn í hollenska félaginu Stork NV. Eignarhlutur LME ehf. er nú 5,1 prósent.

Niðurstaða VBS fjárfestingarbanka úr verðmati á Kögun er að heildarvirði fyrirtækisins sé 20.204 milljónir króna og heildarvirði eiginfjár sé 13.195 milljónir króna sem gefur gengið 69,45 sem er 7,4 prósentum undir núverandi markaðsgengi.

Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar samþykkti tillögu stjórnar um að greiða út 65 milljóna króna arð að nafnvirði í hlutabréfum í Vinnslustöðinni og 200 milljónir króna í peningum til hluthafa.

# Bréfin hækka hægar vestra

Bandaríska hlutabréfavísitalan S&P 500 hefur hækkað um 5,1 prósent frá áramótum. Þar af hækkaði vísitalan um 1,2 prósent í apríl. Greiningardeild Glitnis banka segir að sérfræðingar spái því að jafnaði að vísitalan verði 1.360 stig í árslok sem táknar 8,9 prósenta hækkun yfir árið og 3,6 prósenta hækkun frá því sem nú er.

Hlutabréf orkufyrirtækja hafa hækkað mest frá áramótum eða 16,5 prósent. Fyrirtæki í iðnaðar-, efnaiðnaðar- og fjarskiptageiranum hafa öll hækkað um rúm 11 prósent frá áramótum. Aðeins heilbrigðisfyrirtæki hafa lækkað í verði á sama tíma eða um 3,8 prósent.

Þá segir að gangi spá sérfræðinga eftir um þróun S&P 500 séu líkur á að mesti drifkrafturinn í verðhækkun hlutabréfa í Bandaríkjunum sé að baki í bili. - jab


ÁRSFUNDUR 2006



Ársfundur **Sameinaða Lífeyrissjóðsins** verður haldinn þriðjudaginn 23. maí 2006, kl. 16.00, á Nordica hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar sjóðsins og rétthafar rétt til setu á fundinum.

Þeim sjóðfélögum sem hafa áhuga á að kynna sér tillögur til breytinga á samþykktum eða ársreikning sjóðsins fyrir fundinn er bent á að hægt er að nálgast þær á eftirfarandi hátt:

- Á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30, Reykjavík
- Fá þær sendar með því að hafa samband í síma 510 5000
- Fletta þeim upp á vefsíðu sjóðsins, **www.lifeyrir.is**

Reykjavík, 8. maí 2006.
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Borgartún 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000
F. 510 5010 • mottaka@lifeyrir.is • lifeyrir.is

Lífeyrir Sameinaði lífeyrissjóðurinn



Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 27.177 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



STÓRI HM LEIKURINN

Félag íslenskra fótboltaáhugmanna www.soccer.is

Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- **4 VIP** miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- **2 miðar** á leik í undanúrslitum
- **2 miðar** á leik í 16-liða úrslitum
- **2 miðar** á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- **10** helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- **400** máltíðir frá McDonalds
- **500** Hyundai HM-leðurboltar

HYUNDAI i'm lovin' it

HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,5%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006

Fíton/SÍA

**TENZING NORGAY (1914-1986) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ef það er synd að vera annar maðurinn á tindinn á Everest, þá er það synd sem ég verð að lifa með.“*

***Tenzing Norgay var  sjerpi og aðstoðarmaður Edmunds Hillary. Þeir félagar voru þeir fyrstu til að klífa Mount Everest.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 9. MAÍ 1978

# *Aldo Moro finnst látinn*



Á þessum degi árið 1978 fannst sundurskotið lík Aldos Moro, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, í skotti á bíl í miðborg Rómar.

Honum hafði verið rænt af hryðjuverkasamtökum Rauðu herdeildunum þann 16. mars eftir blóðugan skotbardaga fyrir utan heimili Moros.

Stjórnvöld á Ítalíu neituðu að semja við hinn öfgasinnaða vinstri hóp þar sem þau töldu að það myndi grafa undan trúverðugleika og stöðugleika í landinu. Lögreglan og herinn handtóku hundruð grunaðra hryðjuverkamanna og fínkembdu landið í leit sinni að „fangelsi fólksins“ þar sem talið var að Moro væri í haldi. Stjórnvöld reyndu að fá hryðjuverkamennina til leynilegra viðræðna en um miðjan apríl neituðu Rauðu herdeildirnar að halda viðræðunum áfram og tilkynntu að Moro hefði verið fundinn sekur af „dómstóli fólksins“ og dæmdur til dauða. Í lok apríl reyndu ræningjarnir að semja við stjórnvöld um að sleppa þréttán félögum í Rauðu herdeildunum í skiptum fyrir Moro. Hinn 7. maí sendi Aldo Moro kveðjubréf til fjölskyldu sinnar. Hann var tekinn af lífi hinn 9. maí. Lík hans fannst skammt frá höfuðstöðvum Kristilegra demókrata og höfuðstöðvum Kommúnistaflokksins.

Moro hafði gegnt forsetisráðherraembætti í fimm kjörtímabil og var talinn sigurstranglegur í forsetakosningum sem halda átti í desember þetta ár.

Hann var af mörgum talinn hæfasti stjórnmálamaður eftirstríðsáranna.

## MERKISATBURÐIR

1671 Hinn írski Thomas Blood, eða Blood kapteinn eins og hann var kallaður, reynir að stela krúnudjásnunum úr Tower of London. Hann er gómaður en náðaður af konungi vegna bíræfninnar.

1855 Prentfrelsi er lögleitt á Íslandi að tilskipun konungs.

1926 Richard Byrd and Floyd Bennett fljúga fyrstir manna yfir norðurpólinn.

1955 Vestur-Þýskaland fær inngöngu í NATO.

1974 Rithöfundar sameinast í einu stéttarfélagi, Rithöfundasambandi Íslands.

1974 Sverrir Hermannsson talar í rúmar fimm klukkustundir á Alþingi til að mótmæla fyrirhuguðu þingrofi.

2001 Frímerki með súkkulaðiilmi eru gefin út í Sviss.



†

*Elskuleg systir okkar,*

**Dagbjört Davíðsdóttir**

frá Borgarlandi,

andaðist á Grund við Hringbraut laugardaginn 6. maí.

**Halldóra Davíðsdóttir**
**Kristín Davíðsdóttir**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og virðingu vegna andláts frænda okkar og vinar,*

**Guðlaugs Guðmundssonar**

Hringbraut 50, áður Baldursgötu 17,

er lést 22. apríl.

| | |
|---|---|
| **Erla Strand** | **Einar Strand** |
| **Ása Sólveig Þorsteinsdóttir** | |
| **Soffía H. Bjarnleifsdóttir** | **Snorri S. Konráðsson** |
| **Bjarnleifur Á. Bjarnleifsson** | **Lilja Gunnarsdóttir** |
| **Ólafía Kr. Bjarnleifsdóttir** | **Magnús L. Sigurðsson** |
| **og fjölskyldur.** | |



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Ólafsdóttir**

Mánatúni 4, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. maí kl. 13.

| | |
|---|---|
| **María Friðjónsdóttir** | **Ástmundur Kristinn Guðnason** |
| **Ólafur Héðinn Friðjónsson** | **Auður Gunnarsdóttir** |
| **Kristín Lára Friðjónsdóttir** | **Erlendur Helgason** |
| **og barnabörn.** | |

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS: 40 ÁRA Á MORGUN, 10. MAÍ

# Vísindasafn fær veglegan styrk

Í tilefni af fjörutíu ára afmæli Raunvísindastofnunar ákvað stjórnin að gefa eina milljón króna til tæknivæðingar stofnunar sem hlotið hefur nafnið „Tilraunahús“ og byggir á erlendri fyrirmynd að vísindasafni fyrir almenning. Undirbúningsfélag á vegum Háskóla Íslands, Kennaraháskólans og Orkuveitunnar vinnur nú af kappi að því að ýta framkvæmdum hússins úr vör. „Hugmyndin að Tilraunahúsi kviknaði fyrir um tveimur árum síðan en nú fyrst dregur til tíðinda“, segir Ari Ólafsson, prófessor í eðlisfræði, sem fer fyrir nefndinni. „Hér er um ráðstafanir að ræða til að fjölga nemendum í raunvísinda- og tækninámi en straumar af þessu tagi ganga nú ljósum logum um alla Evrópu,“ heldur Ari áfram. „Evrópusambandið er enda uggandi yfir að ekki verði unnt að manna tæknisamfélagið eftir tuttugu ár.“

Hugmyndin að baki eflingar raun- og tæknivísinda byggir á þremur stoðum. „Sú fyrsta er safnið sjálft, sem miðar að leik vísindalegra hugtaka og fyrirbæra,“ segir Ari. „Með öðrum orðum er hugmyndin ekki sú að fólk horfi aðeins á hluti úr heimi vísindanna, heldur fái tækifæri til að fikta með þá og læri þannig og skilji betur í hverju tilgangur þeirra er fólgin. Þannig verður safnið vettvangur fyrir unga og aldna til að svala vísindaforvitni sinni. Eins munu skýringar fylgja hverju fyrirbæri og hlut til nánari útlistunar.“ Ari segir aðra stoð felast í aðgangi grunnskólakennara í náttúruvísindum að ráðgjöf og kennsluefni sem safnið mun veita. „Hér er á ferðinni stuðningskerfi kennara í starfi. Kennarar standa einir og allt of einangraðir í skólunum en safninu er ætlað að bæta úr þeirri meinsemd,“ bætir Ari við. Þriðja stoðin er endurmenntunarvettvangur í raunvísindum fyrir alla kennara landsins. „Þetta kemur til af því að Aðalnámskráin er mikið breytt og mikið bæst á kröfur kennara. Um ræðir endurmenntunarnámskeið sem skipta mánuðum og misserum en ekki nokkrum dögum eða vikum eins og tíðkast í dag. Þetta eru þær þrjár stoðir sem mynda burðarliðinn í byggingu Tilraunahússins,“ segir Ari að endingu. Viðar Guðmundsson, prófessor í eðlisfræði og formaður stjórnar Raunvísindastofnunar, bætir við „að vísindalæsi landsmanna, sérstaklega yngri kynslóðarinnar sem enn á eftir að velja sér starfsvettvang, hlýtur að teljast mikilvægt. Það er jú sú kynslóð sem á eftir að efla raunvísindi og tækniþekkingu í landinu og byggja upp hátækni- og þekkingariðnað ef byggð á að haldast í landinu.“

Hátíðardagskrá Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands fer fram hinn 10. maí í stofu 132 í Öskju og hefst klukkan 15:00. Rektor skólans flytur ávarp og Áslaug Geirsdóttir prófessor og Oddur Ingólfsson dósent flytja framsöguerindi á sviði efnafræði og jarðvísinda. Páll Theodórsson vísindamaður kynnir brot úr sögu Raunvísindastofnunar en framsaga hans nefnist „Frá basli til bjargálna.“

Boðið verður upp á léttar veitingar.



**VIÐAR GUÐMUNDSSON PRÓFESSOR** Skipuleggur hátíðardagskrá Raunvísindastofnunar á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ANDLÁT

**Sonja Werner Guðmundsdóttir**, Fossheiði 62, Selfossi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 2. maí.

**Jón Bergþór Arngrímsson**, vélstjóri, Skarðshlíð 18, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 5. maí.

**Guðmundur Ágúst Kristjánsson**, andaðist laugardaginn 6. maí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Helga Sigríður Hannesdóttir**, síðast til heimilis í Jöklaseli 23 í Reykjavík, lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, aðfaranótt 6. maí.

**Ólafur G. Björgúlfsson** hdl., fyrrverandi skrifstofustjóri Tryggingastofnunar ríkisins, er látinn.

## JARÐARFARIR

14.00 **Halldóra Guðmunda Árnadóttir** frá Sóleyjartungu, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

14.00 **Þuríður Hólmfríður Sigurjónsdóttir**, síðast til heimilis á dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík, verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju.

## Leiðrétting

Þuríður Bára Sigurðardóttir, Lækjarsmára 58, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 15. maí klukkan 13.00.

Dagsetning jarðarfararinnar misritaðist í Fréttablaðinu í gær. Er velvirðingar beðist á þessum leiðu mistökum.



†

*Elskuleg kona mín, móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Pálsdóttir**

Ægisíðu 44, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 2. maí, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 10. maí kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Einar Baldvin Pálsson** | |
| **Sigríður Einarsdóttir** | **Gunnar Sigurðsson** |
| **Páll Einarsson** | **Ingibjörg Briem** |
| **Baldvin Einarsson** | **Sigrún Steingrímsdóttir** |
| **Árni Einarsson** | **Unnur Þóra Jökulsdóttir** |



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Þorbjörg Magnúsdóttir**

svæfingarlæknir,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju á morgun, miðvikudaginn 10. maí, kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Sigríður Hrafnkelsdóttir** | **Richard Korn** |
| **Ísak Ríkharðsson** | |



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Sigríður Hannesdóttir**

síðast til heimilis að Jöklaseli 23 í Reykjavík,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, aðfaranótt 6. maí sl. Jarðsett verður frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. maí kl. 14.

| | |
|---|---|
| **Sigurður Hauksson** | **Björk Helgadóttir** |
| **Þorsteinn Hauksson** | **Birgitta Bjargmundsdóttir** |
| **Hrafnhildur Hauksdóttir** | **Bolli Valgarðsson** |
| **Vala Hauksdóttir** | **Þráinn Jensson** |
| **og barnabörn.** | |

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

**25%**
HEIMABÍÓSETT
VERÐ ÁÐUR kr. 19.990
TILBOÐ kr. 14.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000
AKAI DVD VIDEO

**80%**
SJÓNAUKI 10x25
VERÐ ÁÐUR kr. 4.990
TILBOÐ kr. 990
AFSLÁTTUR kr. 4.000
tasco

**15%**
42“ PLASMASJÓNV.
VERÐ ÁÐUR kr. 199.990
TILBOÐ kr. 169.990
AFSLÁTTUR kr. 30.000
THOMSON

**43%**
STAFRÆN MYNDAVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 34.990
TILBOÐ kr. 19.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
MINOLTA 6 MEGA PIXEL

**20%**
STAFRÆN TÖKUVÉL
VERÐ ÁÐUR kr. 74.990
TILBOÐ kr. 59.990
AFSLÁTTUR kr. 15.000
JVC 30 GB HARÐUR DISKUR INNBYGGÐUR

**28%**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 249.990
TILBOÐ kr. 179.990
AFSLÁTTUR kr. 70.000
JVC DIST DynaPix MYNDTÆKNI

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HLJÓMTÆKJUM FRÁ KR. 5.990 PHILIPS JVC Dantax

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Bloggidíblogg

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** BLOGGAR UM BÆRILEGAN LÉTTLEIKA TILVERUNNAR.



Ég ætla að byrja að blogga vegna þess að mér finnst líf mitt svo spennandi, innihaldsríkt og margbreytilegt að það hljóti að eiga erindi við fólk sem ég þekki ekki neitt og mun aldrei hitta.

Internetið er fullt af bloggum alls konar fólks sem lifir svo undursamlegu lífi að það er hrein unun að lesa um hversdagsleg ævintýri þess. Dagarnir eru sko ekki heldur allir eins hjá mér og ég kann vel að fanga fegurð tilverunnar og mun örugglega auðga líf annarra með skrifum mínum. Þessu munu þeir kynnast sem lesa bloggið mitt en fyrsta færslan er svona:

„Ég vaknaði í óvenjugóðu skapi við fuglasöng sem þagnaði skyndilega þegar köttur nágrannans drap morgunsöngvarann. Þá varð ég soldið leiður en hellti mér bara upp á kaffi. Dagurinn versnaði þegar ég fattaði að ég átti ekki fyrir sígarettum og mamma vildi ekki lána mér 500 kall. Ég er að reyna að þyngja mig en ekkert gengur. Ég kemst bara ekki upp fyrir 57 kílóin sama hvað ég ét. Það er samt svo merkilegt að ég hef orðið svo miklu næmari fyrir hinum hárfínu blæbrigðum tilverunnar eftir að ég fór að léttast. Þess vegna er ég farinn að hanga mikið á Mokka. Stari ofan í svart kaffið á milli þess sem ég tala við fræg skáld. Ég held að ég sé að verða skáld sjálfur. Jafnvel betri en sumir þeirra sem ég tala við. Það birtist pistill eftir mig í Fréttablaðinu í dag og annar er væntanlegur fljótlega. Mér finnst gaman að sjá nafnið mitt í blaðinu og les alltaf það sem ég skrifa. Ég er líka búinn að vinna mikið í ljóðinu mínu og er að verða sáttur við það. Vonandi vill Silja birta það í TMM. Fór að sækja jakkafötin mín í fatahreinsun í gær og varð heldur betur hissa þegar þvældur hvítur sportsokkur með rauðum röndum datt úr annarri skálminni. Fannst hann tala til mín en náði ekki skilaboðunum. Já, lífið er skrýtið og uppátæki Guðs oft undarleg. Jæja, farinn út að skokka og sjá hvort ég hitti ekki einhvern frægan sem ég get kastað kveðju á.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 8 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900
HAFNARGÖTU 25 **(áður Ljósboginn)** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

# Stærsti framleiðandinn

## mesta úrvalið – og gæðin frá SAMSUNG

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B

**Háskerpu**
**LCD veggsjónvarp**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005-2006**
6,4 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa 5000:1
Upplausn 1366X768





SAMSUNG

**LE-40M61BX**
**40″ LCD sjónvarp**
Verð: **399.900,-**

**LE-32M61BX**
**32″ LCD sjónvarp**
Verð: **249.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni







imago

SAMSUNG

**LE-46M51B**
**46" LCD sjónvarp**
Verð: **449.900,-**

**LE-40M51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **329.900,-**

**LE-32M51B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **219.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni









SAMSUNG

**LE-40R51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **299.900,-**

**LR-32R41B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **199.900,-**

**LR-26R41B**
**26" LCD sjónvarp**
Verð: **159.900,-**

**LE-23R41B**
**23" LCD sjónvarp**
Verð: **119.900,-**

**Umboðsmenn:**
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Reykjanes:** Ormsson, Keflavík.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

## > Ekki missa af...

því kringlótta á hornóttu, alþjóðlegum teikni- og stuttmyndakvikmyndum gerðum um fótbolta. Myndirnar eru á mörgum tungumálum og með enskum texta. Þær verða sýndar í húsakynnum Leiklistardeildar LHÍ, Sölvhólsgötu 5 og hefjast sýningar klukkan 20.

opnu húsi skógræktarfélaganna í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands klukkan 19.30 til 22.00. Þar fjallar Karl Eiríksson, frumkvöðull í áburðarflugi og síðar forstjóri Bræðranna Ormsson um skógræktina í Stíflisdal.

útskriftartónleikum Jóhanns Nardeau trompetleikara í Salnum í Kópavogi. Meðleikarar eru Bjarni Frímann Bjarnason fiðluleikari og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## ! Kl. 20.30

*Ljóðakvöld á Hressó. Þar leiða saman hesta sína Ljóð.is, Nýhil og List án landamæra. Fjöldi frábærra ljóðskálda með ólíkan bakgrunn koma fram, útgefin og óútgefin, hömluð og óhömluð, fötluð og ófötluð. Hamlanir kvöldsins eru afstæðar, hvort sem er skortur á mætti í fótum eða hamlanir á tilfinningasviðinu en ljóðin verða túlkuð jafnóðum af táknmálstúlkum. Kynnir er Viðar Þorsteinsson.*

# menning

menning@frettabladid.is



**ÚR ÞURÍÐI OG KAMBSRÁNINU** Í áliti dómnefndar segir að sviðssetningin sé mikið leikhús og að tekist hafi að búa til eftriminnilega sýningu. MYND/GUÐMUNDUR KARL

# Áhugamannasýning ársins

**Dómnefnd Þjóðleikhússins hefur valið sýninguna Þuríður og Kambsránið í uppfærslu Leikfélags Selfoss áhugaverðustu sýningu leikársins sem er að ljúka. Stefnt er að því að setja verkið upp á fjölum Þjóðleikhússins 11. maí.**

„Við erum afskaplega glöð og góð með okkur,“ segir Jón Stefán Kristjánsson, leikstjóri sýningarinnar um viðurkenningu Þjóðleikhússins. Verkið er frumsamið af Sigurgeiri Hilmari Friðþjófssyni, formanni Leikfélags Selfoss, en efniviðinn byggir hann á sögulegu efni úr byggðarlagi Árnesinga, ráninu á Kambi í Flóa 9. febrúar 1827. „Sigurgeir skrifaði verkið en leyfði mér að ráðskast með það eins og ég vildi og báðir vorum við ánægðir með útkomuna,“ segir Jón Stefán.

Hann ber leikhópnum vel söguna og segir ótrúlegt hversu mikið allir voru reiðubúnir að leggja á sig. „Þetta gekk ekki vandræðalaust því sýningin er stór og sviðsmyndin flókin. En þetta var frábær leikhópur, innan sem utan sviðs og aginn var ekki minni en í atvinnuleikhúsi.“

Alls komu tólf sýningar eftir tíu leikhópa til greina sem besta áhugamannasýning leikársins, en í úrskurði dómnefndar segir um Þuríði og Kambsránið að öll sviðsetning sýningarinnar sé mikið leikhús og að aðstandendum sýningarinnar hafi tekist að skapa athyglisverða og eftirminnilega sýningu á sögulegu efni. Í áliti sínu hampaði dómnefndin einnig leiksýningunni Systur eftir Þórunni Guðmundsdóttur sem og sýningum Halaleikhópsins, Leikfélags Kópavogs, Skagaleikflokksins og Stúdentaleikhússins.

Stefnt er að því að setja Þuríði og Kambsránið upp á fjölum Þjóðleikhússins 11. júní. „Við eigum eftir að athuga hvort allir verði viðlátnir,“ segir Jón Stefán. „Hugsanlega hnikum við dagsetningunni um viku til eða frá.“

**bergsteinn@frettabladid.is**


LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní. Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
**Frumsýning sun. 14/5 uppselt**, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. **Allra síðustu sýningar.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.
UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
**Frumsýning sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt**, mið. 17/5 , fim. 18/5 , fös. 19/5, lau. 20/5, sun. 21/5. **Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík. Sýningin er ekki við hæfi ungra barna.**

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!
Lau. 13/5 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 14/5 kl. 11:00.
**Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Í kvöld þri. 9/5 og fim. 11/5 kl. 21:00
**Jassklúbbur Múlans - Gítartríóið.** Mið. 10/5 kl. 21:00
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 UPPS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 UPPS. Lau 13/5 kl. 20 UPPS.
Má 15/5 kl. 20 UPPS. Þri 16/5 kl. 20 UPPS.
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 14/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ 1.900

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ

Fi 11/5 kl. 22:30
PÖRUPILTAR OG DRAGDROTTNINGAR
Pörupiltarnir troða upp ásamt óvæntum gestum.
Þeir sem mæta í "dragi" fá frítt inn!
MIÐAVERÐ 1.000

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.
MIÐAVERÐ 1.000.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti
MIÐAVERÐ 1.000.

Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000









allt atvinna



SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR
> SKRIFAR UM LEIKLIST

# Verkefnaval Þjóðleikhússins

Það er varla hægt að halda því fram að leikárið hjá Þjóðleikhúsinu hafi verið líflegt og skemmtilegt. Ef frá eru skildar uppfærslurnar á Eldhúsi eftir máli (Smíðaverkstæði) og Pétri Gauti (Kassinn), hlýtur verkefnavalið að vekja upp spurningar.

Fyrir utan barnasýninguna Klaufar og kóngsdætur (frá fyrra leikári) hafa uppfærslurnar á stóra sviðinu verið nokkuð mislukkaðar og illa valdar saman. Það er furðulegt að raða saman á einu leikári – og hvorri á eftir annarri – sýningum á borð við Túskildingsóperuna og Virkjunina. Það má vel vera að Túskildingsóperan með öllu sínu innihaldsleysi og leiðinlegu tónlist sé einhvers konar söngleikjaklassík en það er svo fátt í verkinu sem höfðar til áhorfandans. Það má líka vel vera að Elfriede Jelinek, höfundur Virkjunarinnar, sé heitasti höfundurinn í Mið-Evrópu þessa dagana og talað sé um leikhúsið „fyrir og eftir Jelinek“ en þetta skelfilega skýrslukennda verk, gerði lítið annað en að fæla gesti úr leikhúsinu. Strax á frumsýningu gekk fólk út í hléi, sem er sjaldgæft. Og ekki þætti mér einkennilegt að frétta að leikhúsið hafi þurft að ráðast í verulegt átak til að selja Túskildingsóperuna. Að setja upp á stóra sviðinu tvær sýningar í röð sem laða ekki fólk í leikhúsið, hlýtur að höggva stórt fjárhagslegt skarð í afkomu þess.

Það virðist hafa gleymst að leikhúsið er ekki einhver róluvöllur þar sem starfsfólkið gerir bara það sem því sýnist. Þjóðleikhúsið er eign þjóðarinnar, þjóðar sem vill fara í leikhús, en hefur ekki fundið sérstaka ástæðu til þess í vetur. Þungavigtarsýningarnar á stóra sviðinu hafa verið sýndar fyrir hálftómum sal – og allt að því auðum. Það hefur verið sorglegt, og alltof algengt, að hitta fólk sem gengið hefur út úr þessum hálftómu sölum í hléi. Líka svekkjandi í ljósi þess að íslenska verkið, Halldór í Hollywood, fékk síður en svo uppbyggjandi viðtökur og var ekki lengi á fjölunum. Lengst af vetri hefur aðeins ein sýning verið í gangi á stóra sviðinu í einu, fyrir utan Klaufa og kóngsdætur, barnasýningu sem ekki var það mikil að ummáli að ekki væri hægt að reka fleiri leikmyndir á sviðinu samtímis henni. Það er því hæpið að sætanýting á stóra sviðinu hafi verið þolanleg.

Mun auðveldara er að skilja uppfærsluna á Átta konum, sem núna er eina sýningin á stóra sviðinu. Skortur á verkefnum fyrir leikkonur er alheimsvandamál og þótt ýmsir agnúar séu á verkinu, verður að segjast eins og er að sýningin er bráðskemmtilega unnin og vonandi að hún nái nægilegri hylli til að halda áfram á haustmánuðum.



**ÚR TÚSKILDINGSÓPERUNNI** Að mati greinarhöfundar var það afleikur að raða saman Túskildingsóperunni og Virkjuninni á stóra sviðið.

Þótt ég bíði spennt eftir Fögnuði eftir Harold Pinter, hef ég efasemdir um réttmæti þess að velja það verk inn á yfirstandandi leikár, ásamt Túskildingsóperunni og Virkjuninni. Pinter hefur hingað til ekki þótt neitt léttmeti, en það hefur svo sem Pétur Gautur ekki þótt heldur. Það er að minnsta kosti hægt að vona að leikstjóri Fagnaðar hafi eins þaulhugsaða og skarpa sýn á verkið og leikstjóri Péturs Gauts hefur. Þá er líka vel.

Svo er bara að bíða og vona að á næsta leikári verði boðið upp á fjölbreyttara leikritaval en á yfirstandandi leikári. Þetta hefur auðvitað verið ósköp gáfumannalegt leikár – en hvernig væri að slaka bara aðeins á og leyfa fólki að njóta þess að sækja leikhúsið?

# Formúlan virkar

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Fullkomið brúðkaup**

Leikfélag Akureyrar /Borgarleikhúsið/ Stóra sviðið

**Höfundur:** Robin Hawdon. **Leikstjóri:** Magnús Geir Þórðarson **Leikarar:** Álfrún Örnólfsdóttir, Esther Talia Casey, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Þráinn Karlsson. **Þýðing:** Örn Árnason. **Leikmynd og búningar:** Frosti Friðriksson. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundson

**Niðurstaða:** Prýðisgóð leikhússkemmtun þar sem allir skila sínu verki eins og til er ætlast.



Hann er ekki efni í djúpa og margræða leiklistarumræðu þessi farsi Leikfélags Akureyrar sem frumsýndur var síðastliðið haust og hefur gengið fyrir fulli húsi síðan norðan heiða og að því er best verður séð hér syðra einnig. Það er ekki nema von að svo sé, því vissulega skemmtu leikhúsgestir sér konunglega meðan á sýningu stóð og allt umtal um sýninguna hefur verið jákvætt. Fyndin, létt og skemmtileg og það kunna áhorfendur að meta. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri hefur rifið Leikhúsið á Akureyri upp úr sögulegri lægð og er það vel. Hér stýrir hann fastráðna leikarahópnum í farsa sem maður hefur séð hundrað sinnum áður. Misskilningur á misskilning ofan, allt fer í flækju, leikarar fljúga um sviðið, fá hurðirnar í andlitið, allir að fara á límingunum en allt endar vel að lokum.

Þýðing Arnar Árnasonar er áheyrileg og greinilegt að leikararnir hafa stælst og vaxið með hverri sýningu og mesta furða hve lítið var um sjúsk. Reyndar hefur það verið lenska í ærslaleikjum af þessu tagi að leikkonurnar lenda einatt í því hlutverki að matreiða brandarana ofan í karlana sem síðan uppskera hlátrasköll áhorfenda. Undantekningin er þó hlutverk Maríönnu Clöru Lúthersdóttur sem tekst að skapa eftirminnilegan karakter úr þjónustustúlkunni sem flækist óvart inn í atburðarásina. Hér er frábær gamanleikkona á ferð. Álfrún Örnólfsdóttir lendir í því að vera bara voða sæt og indæl í hlutverki hinnar óákveðnu Nínu en gerir vel engu að síður. Líklega er hlutverk brúðarinnar vanþakklátasta hlutverkið í þessum farsa. Esther Talia vinnur þó úr því eins vel og hún getur.

Það eru þó aðallega Guðjón Davíð og Jóhannes sem sprikla um sviðið í hlutverkum vinanna Bjarna og Trausta sem báðir berjast fyrir lífi sínu, flæktir í sinn eigin lygavef. Guðjón fer á kostum og þrátt fyrir að vera hátt stemmdur á köflum þá hefur hann allan tímann vald á því sem hann er að gera. Samleikur þeirra félaga var einkar öruggur enda ættu þeir að þekkja vel hvor inn á hinn, voru bekkjarfélagar í leiklistarskóla og hafa unnið mikið saman þess utan. Þráinn Karlsson á stutta innkomu og nærvera hans setur skemmtilegan lit á sýninguna. Það gerðist þó nokkuð oft að mitt í öllum hávaðanum tapaðist eitthvað af texta sem gæti hafa verið gaman eð heyra, en ekki er víst að það hafi skipt nokkru máli í framvindu verksins. Allir skila sínu verki eins og til er ætlast og það er ekki við leikarana að sakast þótt höfundurinn falli í þá gryfju að teygja lopann um of í lokin í stað þess að leysa flækjuna talsvert fyrr. Músíkin á undan og eftir kemur öllum í gott skap og til þess er leikurinn gerður. Prýðisgóð leikhússkemmtun eins og einhver mundi orða það.

Það er engin smáræðis eldskírn sem þessir ungu leikara hljóta þarna fyrir norðan. Það krefst orku einbeitingar og úthalds að leika svona margar sýningar í hverri viku og vera með tvær og þrjár sýningar í gangi á sama tíma. Það er því von á að þetta unga fólk öðlist mikla og mikilvæga reynslu þessi misserin sem á eftir að fleyta þeim áfram til frekari afreka á leiksviðinu.



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

**EUROVISION 2006** GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

## Rétt eins og Silvía hafi fengið ráð frá Lauper og Björk

Lagið hennar Silvíu Nætur hljómar líkt og í ketti, væru lappirnar sagaðar af honum af dönsku hljómsveitinni Aqua. Gæti unnið Eurovision sitji Evrópubúar heyrnardaufir yfir keppninni. Þetta má lesa á breska vefmiðlinum Guardian unlimited.

„Ímyndið ykkur Cyndi Lauper og Björk að leiðbeina hvor annarri um fatastíl, í myrkri," en þannig er útlit Silvíu að mati blaðamanns Guardian. Silvía sér fram á harða keppni frá öðrum kvenflytjendum, þá sérstaklega frá hinni yndislegu Severinu, sem lítur út fyrir að hafa fengið allt það botox sem til var í Króatíu í andlitið.

Silvía er á heimleið. Stefnt var að heimkomu hennar í dag. Lítið hefur heyrst af ferðum söngkonunnar víðfrægu, utan þess er hún spókaði sig á Strikinu í Kaupmannahöfn. Samkvæmt heimildum gekk gríðarlega vel í Eistlandi. Hún kom fram í sjónvarpi og útvarpi í Finnlandi, Lettlandi og Litháen. Hún hitti Fabrizio Faniello, maltneska keppandann og úthúðaði Silvía honum fyrir að koma fram fáklæddur á bar samkynhneigðra í leit að stigum í keppninni.



Staðan í veðmálspotti ESCtoday.com breytist. Ísland fellur um tvö sæti, úr því áttunda í tíunda. Kate Ryan, sú belgíska, vermir enn toppinn og Carola heldur fast í annað sætið. Rússland og Bosnía-Hersegóvína svissa um sætum, en Makedónía tekur stökk úr tíunda í sjötta sætið. Slóvenar eru nýir inni á topptíu listanum, en finnska hljómsveitin Lordi, skrýmslin flottu, detta af topp tíu. Væru þetta úrslitin nægir það okkur áfram í aðalkeppnina, en Finnarnir sitja eftir. Þeir eru vanir því.

Finnska ríkissjónvarpið YLE hitaði upp fyrir Eurovision um síðustu helgi og var kosið á milli framlaganna. Lag Lordi sem kallast Hard rock hallelujah það besta. Lagið La dolce vita, sem Anneli Saaristo söng árið 1989, lenti í öðru sæti og lagið Eläköön elämä sem var í keppninni árið 1985 varð í þriðja sæti. Skrýmslin fengu tæplega 42 prósent atkvæða í fyrsta sætið.

# Ástralskur töffaraskapur

Kirrily Johnston sýndi vetrarlínu sína fyrir komandi vetur er tískuvikan í Ástralíu var haldin nú á dögunum. Hún er ekki heimsþekktur hönnuður en Áströlum þykir hún einn flottasti hönnuður landsins og á hún það fyllilega skilið. Margir féllu fyrir vorlínu hennar árið 2004 og þar á meðal útsendarar frá Harpers Bazaar og Marie Claire.

Kirrily lærði fatahönnun í Melbourne Institute of Textiles og hóf feril sinn í bransanum árið 1999. Markmið hennar er að blanda glæsileika við frumlegheit og leggur hún mikla áherslu á góðan frágang á vörunum auk þess sem hún notar fín og vönduð efni.

Vetrarlína hennar að þessu sinni einkenndist af áhrifum frá sjöunda áratugnum í bland við nútímalegar og töffaralegar rykkingar og fellingar. Efnin voru afar elegant og litasinfónían samanstóð aðallega af gráum, appelsínugulum, kóngabláum, svörtum og hvítum lit. Allar voru fyrirsæturnar með afar töff hárgreiðslu sem setti skemmtilegan svip á heildarmyndina og fékk Kirrily mjög góð viðbrögð við þessari nýju línu.

hilda@frettabladid.is


















Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

## Pantaðu viðtal

Ágæti borgarbúi

Pantaðu viðtal við borgarstjóra
í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.
Bókaðu tíma í síma 411 1600.
Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra.
Heitt kaffi á könnunni..

Með bestu kveðju

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Viðtalstími Föstudaginn 12. maí kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða | Skúlagötu 21 | Sími 411 1600

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háleitis, Síðumúla 39, mánudaginn 15. maí kl. 10 –12

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




**MATTHEW FOX** Hefur ekki staðið sig í pabbahlutverkinu frá því hann hóf að leika í Lost-þáttunum.

## Lélegur faðir

Stjarnan úr þáttaröðinni Lost, Matthew Fox hefur vanrækt skyldur sínar sem faðir síðan hann tók við hlutverki Jacks Shepherd í þessum ofurvinsælu sjónvarpsþáttum sem sýndir eru í Ríkissjónvarpinu. Fox hefur tekið veisluhöld með samleikurum sínum fram yfir foreldrahlutverkið en hann á fjögurra ára strák og átta ára stelpu. Hann segist í samtali við blaðið Now vera meðvitaður um vandamálið og ætla að fara að taka sig á í þessum efnum. ■

# HAFÐU ÞAÐ FLOTTASTA Í STURTUNNI!



## STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

- beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31



## GLER ENDAVEGGIR

80 sm
90 sm
100 sm

## GLER HURÐIR

70, 75, 80, 90, 100, 110, 120, 130 og 140 sm

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is







# Þrekrauninni lokið

Sjónhverfingamaðurinn David Blaine lauk vikulangri þrekraun sinni inni í vatnskúlu í New York seint í gær.

Ætlaði hann að ljúka þrekrauninni með því að bæta heimsmetið í því að halda niðri í sér andanum lengur en átta mínútur og 58 sekúndur. Á sama tíma ætlaði hann að losa sig úr keðjum ofan í vatninu.

Læknar hafa haft áhyggjur af hinum 33 ára Blaine, sérstaklega eftir að hendur hans tóku að bólgna. Einnig hefur hluti af húð hans flagnað af.

Uppátæki Blaines eru margvísleg. Meðal annars eyddi hann 61 klukkustund inni í ísklumpi og fastaði í 44 daga í glerkassa yfir ánni Thames í London.



**DAVID BLAINE** Sjónhverfingamaðurinn David Blaine inni í vatnskúlunni.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Öll réttu verkfærin notuð

**[TÓNLIST]**
**UMFJÖLLUN**

Tíu þúsund dagar eru rúm 27 ár, sem er einmitt aldurinn þegar flestar ekta rokkstjörnur yfirgefa þetta líf. Jim Morrison, Brian Jones, Janis Joplin og Jimi Hendrix. Það er eitthvað mjög fullkomið við þessa tölu. Þannig að frá því sjónarhorni séð smellpassar þetta undarlega nafn við hina nýju plötu Tool, því hún er eins fullkomin og rokkplötur verða í þessum metalgeiranum. Eða þið megið svo sem kalla þetta hvað sem þið viljið, prog-metal, írskt þjóðlagabarrokk-spítt eða stærðfræðirokk.

Tool er nokkurs konar Sigur Rós metalgeirans. Tool hefur, ásamt Nine Inch Nails, komið sér á þann stall að einungis nafn sveitarinnar er ávísun á gæði. Ef nafnið er á vörunni, er varan yfirleitt góð. Nöfn slíkra sveit virka á tónlist á sama hátt og orðið „organic“ á matvörum í dag.

Þetta er eins epísk tónlist og hugsast getur. Klysjulegir hetjukaflar fá að leka með inn á milli þess sem sveitin byggir upp ótrúlega hrynjandi sem minnir mann helst á valtara. Á þessari plötu eru tónsmíðarnar ekki eins flóknar og síðast, en ég er ekki frá því að það fari Tool bara betur. Betra að leyfa Meshuggah að sukka í því að breyta stærðfræðiformúlum í tóna og einbeita sér að því að búa til ævintýraveröld þar sem nær allt er leyfilegt. Í þessum metal roðnar enginn þó svo að didgeridoo eða sogandi hljóðskúlptúrar steli allt í einu senunni. Og ef þið eruð nægilega opin til þess að gefa þessu séns, þá hljómar þetta stórkostlega.

Með svona plötur er ekki hægt að tala um einstaka lög. Því hér eru það ekki lögin sem gera plötuna, heldur platan sem er lagið. Maður verður að hella sér í svona verk með fullu trausti til listamannsins og leyfa honum að stýra geimskipi sínu til þeirra sólkerfa sem hann á erindi til. Titillagið 10.000 Days, er nægilega sterkt til þess að skilja eftir kjálkann á gólfinu það sem eftir er plötunnar.

Já, og umbúðirnar gera einar og sér þess virði að kaupa þessa plötu. Ég hef aldrei séð neitt annað þessu líkt en með í kaupunum fylgja þrívíddargleraugu og bæklingur þar sem stafirnir og myndirnar leka út af pappírnum.

Við eigum eflaust ekki eftir að hlusta á margar plötur á þessu ári sem eru jafn vandaðar og þessi. Þetta er vel slípaður demantur sem á eftir að glitra í aldaraðir eftir að við erum öll löngu dauð og grafin.

**Birgir Örn Steinarsson**




**TOOL:**
10.000 DAYS

**Niðurstaða:** Nýja Tool platan er alveg jafn fullkomin og ég leyfði mér að vonast eftir. Í einu orði sagt, meistaraverk!

# Þúsund sögur í glampandi sól

Myndasöguverslunin Nexus tók þátt í alþjóðlegum myndasögudegi, svokölluðum Free Comic Book Day, á laugardaginn var, en þá gáfu myndasögubúðir úti um víða veröld sérútgáfur myndasögublaða frá ýmsum útgefendum.

Veðurblíðan lék við íslenskt áhugafólk um myndasögur sem taldi það ekki eftir sér að standa í langri biðröð til þess að komast í góssið. Þá sýndi löng biðröðin svo ekki varð um villst að myndasögurnar brúa kynslóðabilið en áhuginn skein jafnt úr andlitum barna og fullorðinna.

Verslunin Nexus gaf yfir eitt þúsund blöð á laugardaginn og gátu gestir og gangandi valið úr sýnishornum af japönskum Mangamyndasögum auk þess sem gamlir kunningjar á borð við Andrés Önd, Batman og Superman voru ekki langt undan.




**STORMSVEITARMAÐUR Í HAM** Þessi góðkunningi Stjörnustríðsaðdáenda lét sig ekki vanta frekar en í fyrra og sá um að smala vegfarendum af Hverfisgötunni niður í Nexusportið.



**VALKVÍÐI Á HÁU STIGI** Úrvalið var ekki af verri endanum við gjafaborðið og margir áttu í mesta basli með að gera upp hug sinn, en myndasögurnar voru að sjálfsögðu skammtaðar í anda jafnaðarhugsjónar þannig að allri fengju eitthvað.



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Myndasögurnar sem gefnar voru gáfu góða mynd af breiddinni í myndasöguútgáfunni og það þurfti því eðlilega að bera saman bækur eftir að biðinni lauk.

# Bítlarnir töpuðu dómsmáli

Hljómsveitin Bítlarnir hefur tapað dómsmáli sem hún höfðaði gegn tölvufyrirtækinu Apple vegna iPod- og iTunes-þjónustu þess.

Sir Paul McCartney, Ringo Starr og fjölskyldur George Harrison og Johns Lennon eiga Apple-plötufyrirtækið. Segja þau að tölvufyrirtækið hafi ekki staðið við samning um að ekki megi vera tvö Apple-fyrirtæki í tónlistarbransanum.

Dómsúrskurðurinn var á þann veg að Apple notaði eingöngu vörumerki sitt í tengslum við verslanir sínar en ekki tónlistina og því hafi það staðið við samninginn. Mun Apple því áfram geta notað vörumerki sín iPod og iTunes í viðskiptum sínum í framtíðinni.

Bítlarnir, sem höfðu krafist hárra skaðabóta, ætla að áfrýja málinu.



**BÍTLARNIR** Hljómsveitin Bítlarnir höfðaði dómsmál gegn tölvurisanum Apple.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES




# Miðarnir á Bubba rjúka út

Aðeins voru um eitt þúsund miðar eftir um miðjan daginn í gær á þriggja tíma afmælistónleika Bubba Morthens í Laugardalshöllinni þann sjötta júní.

Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir miðunum. Um 2.200 miðar seldust í forsölu á laugardag en ákveðið var að halda eftir miðum í stúku fyrir þá sem komust ekki á laugardag þegar netsalan hófst í gærmorgun. Miðar í stúku seldust hins vegar upp á netinu á hálftíma. Í heild eru rúmlega fimm þúsund miðar í boði á tónleikana.

Á afmælistónleikunum mun Bubbi flytja tónlist frá öllum sínum ferli og fá til liðs við sig þær hljómsveitir sem hann hefur spilað með í gegnum tíðina. Má þar nefna Egó, Utangarðsmenn, Das Kapital og GCD. Einnig mun hann koma fram einn með gítarinn og flytja bæði ný og gömul lög.

Bubbi sagðist í spjalli við Fréttablaðið á dögunum hlakka mikið til tónleikanna. Upphaflega ætlaði hann ekki að vera á landinu á fimmtugsafmælinu en ákvað að láta til leiðast þegar hugmyndin um þessa stórtónleika kom upp.

Miðar á tónleikana eru seldir í verslunum Og Vodafone og á www.ogvodafone.is. Þrátt fyrir góða sölu hefur enn sem komið er ekkert verið rætt um að haldnir verði aukatónleikar í Höllinni.



**BUBBI MORTHENS** Rokkkóngurinn Bubbi Morthens heldur afmælistónleika í Höllinni 6. júní. Hér sést hann taka lagið ásamt Bjarna Ármannssyni og Árna Pétri Jónssyni, forstjórum Glitnis og OgVodafone. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Beckham auglýsir bandaríska mjólk

Knattspyrnukappinn David Beckham ætlar að auglýsa mjólk í Bandaríkjunum Þessi fyrirliði enska landliðsins í knattspyrnu lánar andlit sitt í frægu auglýsingarherferðina „Got Milk?“. Talsmenn fyrirtækisins segja að þeir hefðu ekki getað fengið betri mann til að auglýsa þennan kalkríka drykk og segja að þetta sé líka gott fyrir Beckham þar sem hann er að koma á fót fótboltaskóla í Bandaríkjunum. Fyrirrennarar Beckhams í auglýsingunum er ekki af verri endanum en það eru tildæmis Madonna, Naomi Campell og Muhammed Ali.

David Beckham hefur lýst því yfir að hann hyggist ljúka ferlinum í Bandaríkjunum eftir að hafa spilað með bæði Manchester United og Real Madrid. Kappinn er enda með eindæmum vinsæll.



**DAVID BECKHAM** Ætlar að auglýsa mjólk í Bandaríkjunum en kappinn hyggst ljúka knattspyrnuferlinum þar í landi þegar fram líða stundir. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Áverkar Richards sagðir alvarlegir

Dagblað á Nýja-Sjálandi telur líkur á því að Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, hafi fengið væga blæðingu í heilann eftir að hann féll niður úr pálmatré á Fiji-eyjum fyrir tæpum tveimur vikum.

Flogið var með Richards, sem er 62 ára, á sjúkrahús á Nýja-Sjálandi til að kanna ástand hans. Að sögn blaðsins óttuðust læknar um líf hans um tíma og því virðist sem meiðsli hans hafi verið mun alvarlegri en talið var í fyrstu, þegar aðeins var haldið að hann hefði fengið heilahristing.

Orðrómur er uppi um að Richards sé enn á Nýja-Sjálandi og sé að jafna sig eftir aðgerð.

Umboðsmenn The Rolling Stones höfðu áður neitað því að Richards hefði fengið heilablæðingu og segja að hann muni fara ítónleikaferð með sveitinni um Evrópu en hún hefst á Spáni eftir tvær vikur.



**THE ROLLING STONES** Gítarleikari The Rolling Stones er á batavegi eftir að hafa fallið niður úr pálmatré. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút mun hita upp fyrir dEUS í Þýskalandi á föstudaginn.

# Á leið til Þýskalands

Hljómsveitin Mammút er á leið til Þýskalands á næstu dögum til að hita upp fyrir belgísku hljómsveitina dEUS.

Tónleikarnir fara fram á föstudaginn á hinum glæsilega hljómleikastað Werk2 í Leipzig. dEUS bauð Mammút að koma og spila með þeim aftur eftir vel heppnaða tónleika á Nasa í apríl. Tónleikarnir í Þýskalandi verða jafnframt lokatónleikar dEUS í heimsreisu hljómsveitarinnar sem er að kynna sína nýjustu plötu, Pocket Revolution.

Mammút gaf nýverið út sína fyrstu plötu hjá Smekkleysu og hefur hún fengið mjög góðar viðtökur.

# McCartney og Heather skilin?

Bítillinn Paul McCartney og kona hans Heather Mills hafa skilið að skiptum. Parið, sem kynntist á góðgerðarkvöldverði árið 1999, giftu sig árið 2002 og eiga saman tveggja ára dóttur Beatrice. Í sambandi þeirra hafa skipst á skin og skúrir og byrjaði hjónaband þeirra á því að daginn fyrir brúðkaupið kastaði Sir Paul hringunum út um gluggann á hóteli sem þau voru á eftir rifrildi.

Samkvæmt heimildum frá News of the World og The People eru þau flutt í sundur og ætla að taka sér smá hvíld frá samskiptunum.

Mills, sem er fyrrverandi fyrirsæta, vill ekki tjá sig um málið og segir hún þau búa hvort á sínum staðnum vegna þess að hún vilji ekki láta ljósmyndara mynda sig í hjólastólnum, en eins og margir vita missti Mills annan fótinn í slysi. Ákveði hjónin að skilja gæti þetta orðið dýrasti skilnaður sögunnar vegna þess að McCartney skrifaði ekki upp á neinn hjúskaparsáttmála til að vernda fjármuni sína.



**PAUL OG HEATHER** Hjónabandið er á brauðfótum eftir heiftarlegt rifrildi sem endaði með ósköpum. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



## Sigfús framlengir

Sigfús Páll Sigfússon, miðjumaður Fram, sem meðal annars var valinn besti ungi leikmaður DHL-deildarinnar í vetur af þjálfurum deildarinnar, hefur framlengt samning sinn við Safamýrarliðið. Sigfús skrifaði undir þriggja ára samning.

**sport**

sport@frettabladid.is

MARKVÖRÐURINN PÁLMAR PÉTURSSON: SAGÐUR VERA UNDIR SMÁSJÁ HAUKA

# *Var ekki að sýna mig fyrir Haukunum*



Þó að einvígið gegn Haukum í undanúrslitum deildabikarsins í handbolta hafi farið illa hjá Valsmönnum vakti mögnuð frammistaða markmannsins Pálmars Péturssonar verðskuldaða athygli. Hinn 22 ára gamli Húsvíkingur varð 24 skot í tveimur leikjanna og 21 í þeim þriðja og nánast hélt Valsmönnum á floti lengst af, en einvígið endaði með 2-1 sigri Hafnarfjarðarliðsins.

Markvarsla Pálmars í leikjunum var vel yfir hans meðaltali í vetur þó svo að hann hafi inni á milli komist í stuð og varið hátt á þriðja tug skota í einum og sama leiknum. Og í kjölfarið á leikjunum gegn Haukum flýgur sú fiskisaga að Pálmar hafi í raun verið að sýna sig forráðamönnum Hauka, en eins og kunnugt er mun markvörður þeirra, Birkir Ívar Guðmundsson, halda á vit atvinnumennskunnar í sumar og leitar Hafnarfjarðarstórveldið nú logandi ljósi að arftaka hans. Pálmar hló þegar Fréttablaðið bar þessar samsæriskenningar undir hann í gær. „Það er rétt að mér gekk vel en fyrst og fremst var ég að sanna mig fyrir Valsmönnum og stuðningsmönnum liðsins,“ sagði Pálmar. Ég get sagt með hreinni samvisku að meintur áhugi Hauka hafði ekkert að segja,“ bætti hann við.

Margt bendir til þess að Óskar Bjarni Óskarsson verði ekki við stjórnvöllinn hjá Val á næstu leiktíð en hann hefur sjálfur lýst því yfir að tími sé kominn til breytinga. Samningur Pálmars við Val er með klásúlu þess efnis að ef Óskar Bjarni hættir geti Pálmar gert slíkt hið sama. En Pálmar segir að það sé ekkert að óttast. „Framhaldið veltur auðvitað á því hver verður þjálfari en mér líður mjög vel hjá Val og vil helst vera hér áfram.“

## > Logi og Ásgeir í beinni

Landsmönnum gefst frábært tækifæri í kvöld til að sjá eina heitustu handknattleiksmenn Íslands um þessar mundir í eldlínunni. Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson mæta þá Flensburg í þýska úrvalsdeildinni í handbolta. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn og hefst útsendingin klukkan 17.50. Flensburg er í öðru sæti deildarinnar og verða að vinna ætli þeir sér ekki að missa Kiel langt fram úr sér þegar skammt er eftir af mótinu. Nýbakaðir Evrópumeistarar Lemgo eru í sjötta sæti, í harðri baráttu um Meistaradeildarsæti. Logi og Ásgeir hafa verið funheitir með Lemgo undanfarið og er ekki úr vegi að nýta þau fáu tækifæri sem bjóðast til að sjá kappana í essinu sínu.



Þórhallur Dan Jóhannesson:

# Á leið til Fylkis á nýjan leik

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Þórhallur Dan Jóhannesson mun líklega spila með Fylki í Landsbankadeildinni í sumar. Þórhallur fór frá Fylki árið 2004 og gekk í raðir Fram, sem hann er enn samningsbundinn. Þórhallur hefur nú farið fram á að komast aftur í Fylki.

„Ég talaði við Framarana og tjáði þeim að ég væri tilbúinn að spila með þeim í sumar. Samningurinn minn var of hár fyrir 1. deildina en ég bauðst til að ræða við Brynjar framkvæmdastjóra um það. Hann sagðist ætla að hringja í mig en ég hef enn ekkert heyrt. Ég ber samt engan kala til hans né Fram, alls ekki, við erum mjög góðir vinir,“ sagði Þórhallur, sem ætlar að mæta á æfingar hjá Fylki fái hann leyfi til þess.

„Ef Leifur hefur not fyrir mig þá ætla ég að mæta á æfingu og sjá til hvort ég komist í liðið. Ég hef ekki æft mikinn fótbolta en kannski hafa þeir not fyrir mig,“ sagði Þórhallur Dan.

- hþh

# Dómararnir nálgast sitt besta form

**Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambandsins og einkaþjálfari Eiðs Smára Guðjohnsen á Íslandi, hefur verið með helstu knattspyrnudómara sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu undir sinni handleiðslu í vetur. Landsbankadeildin hefst á sunnudaginn og dómararnir eru óðum að komast í form.**

**FÓTBOLTI** Eins og allir þeir knattspyrnumenn sem spila í deildarkeppni KSÍ í sumar þurfa dómararnir í þessum sömu deildum að vera í góðu formi. Dómarar þurfa að geta hlaupið enda á milli á fótboltavellinum í þær níutíu mínútur sem leikurinn stendur yfir og það helst án þess að blása of mikið úr nös.

Að stærstu leyti er það á áhyrgð hvers dómara að vera í fullnægjandi formi þegar tímabilið hefst en að þessu sinni ákvað KSÍ að fara þá leið að setja dómara á höfuðborgarsvæðinu í einkaþjálfun einu sinni í viku. Þjálfarinn sem fenginn var í starfið er Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri FRÍ, en hann er einnig þekktur fyrir að vera einkaþjálfari Eiðs Smára Guðjohnsen yfir sumartímann á Íslandi.

„Ég er nú aðallega að láta þá hlaupa,“ sagði Egill við Fréttablaðið í gær og hló. Um er að ræða rúmlega fjörutíu manna hóp sem telur bæði dómara og aðstoðardómara, sem áður gengu undir starfsheitinu „línuverðir“.



**Á TOPPI ESJUNNAR** Egill Eiðsson sést hér fyrir miðri mynd, umkringdur dómurum, þegar æfingahópurinn fór í göngu upp Esjuna í lok apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/SME

„Við förum í ýmsa þætti, eins og hraða, snerpu og þol,“ útskýrir Egill en æfingar dómaranna hjá honum hófust um miðjan janúar og fara fram í nýju frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þær fara fram öll mánudagskvöld en þó hefur verið breytt út af vananum, eins og til dæmis í lok apríl þegar sást til hópsins í göngu upp Esjuna.

„Mánudaginn 1. maí var frí eins og hjá öðrum og því var ákveðið að fara upp Esjuna deginum áður. Dómararnir fóru létt með það,“ segir Egill.

Að sögn Birkis Sveinssonar, mótastjóra KSÍ, þurfa dómararnir að gangast undir þrekpróf með reglulegu millibili og að í þeim séu gerðar ákveðnar kröfur sem séu í samræmi reglur UEFA. Birkir segir að niðurstöður þeirra prófa sem þegar hafa verið tekin gefi til kynna að æfingar Egils séu að gera dómurunum gott.

„Almennt má segja að niðurstöður þeirra mælinga sem við gerðum í lok apríl séu betri en undanfarin ár. Hins vegar er alltaf eitthvað um meiðsli og til að mynda erum við í þeirri aðstöðu nú að 4-5 dómarar hafa enn ekki lokið þrekprófi og fá þar af leiðandi ekki að dæma.”

- vig

## | 4. SÆTI | VALUR

FRÉTTABLAÐIÐ Sýn besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

### LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Kjartan Sturluson
Sigurður Bjarni Sigurðsson
Kristinn Geir Guðmundsson

**VARNARMENN:**
Atli Sveinn Þórarinsson
Valur Fannar Gíslason
Birkir Már Sævarsson
Örn Kató Hauksson
Steinþór Gíslason

**MIÐJUMENN:**
Barry Smith
Ari Freyr Skúlason
Baldur Aðalsteinsson
Matthías Guðmundsson
Pálmi Rafn Pálmason
Sigurbjörn Örn Hreiðarsson
Þorvaldur Makan
Kristinn Hafliðason
Pálmi Rafn Pálmason

**SÓKNARMENN:**
Guðmundur Benediktsson
Hálfdán Gíslason
Jakob Spangsberg Jensen
Andri Valur Ívarsson
Garðar Gunnlaugsson

**KOMNIR:** Andri Valur Ívarsson (frá Völsungi), Barry Smith (frá Dundee), Jakob Spangsberg (frá Leikni), Kristinn Hafliðason (frá Þrótti), Pálmi Rafn Pálmason (frá KA), Valur Fannar Gíslason (frá Fylki), Þorvaldur Makan (frá Fram), Örn Kató Hauksson (frá KA)

**FARNIR:** Baldvin Jón Hallgrímsson í Þrótt, Bjarni Ólafur Eiríksson (til Silkeborg), Grétar Sigurðsson (í Víking), Kristinn Lárusson (hættur), Sigþór Júlíusson (í Völsung), Sigurður Sæberg (hættur), Stefán Helgi Jónsson (hættur), Þórhallur Hinriksson (í Þrótt).

### ÞJÁLFARINN

**Willum Þór Þórsson**

Hans annað tímabil með Valsliðið en með töluvert breyttan hóp frá því í fyrra. Góður þjálfari með mikla reynslu.

# Höldum áfram okkar striki

**Fréttablaðið og Sýn spá bikarmeisturum Vals fimmta sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Sigurbjörn Hreiðarsson segir að liðið stefni á toppinn í sumar.**

**SPÁIN**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | ? | |
| 2 | ? | |
| 3 | ? | |
| 4 | Valur | 100 |
| 5 | Keflavík | 92 |
| 6 | Fylkir | 69 |
| 7 | Grindavík | 46 |
| 8 | Víkingur | 41 |
| 9-10 | Breiðab. | 32 |
| 9-10 | ÍBV | 32 |

**LANDSBANKADEILDIN** „Við ætlum að halda áfram þar sem frá var horfið og stefnum vitaskuld á toppinn,“ segir Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals.

Valsmenn hafa misst nokkra sterka menn úr hópnum frá því í fyrra, þeirra á meðal Bjarna Ólaf Eiríksson og Grétar Sigfinn Sigurðsson. Þá er Sigþór Júlíusson farinn í Völsung. „Góðir menn fóru en þeir sem komið hafa eru góðir líka. Við höfum verið að slípa þetta saman og það hefur gengið mjög vel. Við erum með öðruvísi hóp í fyrra en hvort hann er sterkari verður bara að koma í ljós,“ sagði Sigurbjörn, sem er þó ánægður með leikmannahópinn.



**PÁLMI RAFN** Stendur í ströngu í leiknum gegn FH í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við erum með góðan átján manna hóp og auk þess eigum við eftir að fá Barry Smith frá Skotlandi og hann ku vera sterkur leikmaður,“ sagði Sigurbjörn.

Guðmundur Benediktsson þarf að eiga gott sumar, eins og flestir í kringum Valsliðið gera sér grein fyrir. „Gummi verður alltaf lykilmaður í liðinu. Þegar sá gállinn er á honum getur hann búið til ýmislegt upp úr engu, sem er eiginleiki sem fáir hafa. Þegar hann er inni á vellinum er alltaf hægt að finna hann. Það má samt segja að flestir í okkar hópi séu lykilmenn eða lyklar að skrám. Þessir lyklar þurfa að vera til staðar og standa sig,“ sagði Sigurbjörn.

Valsmenn unnu FH á sunnudaginn í keppninni um Meistara meistaranna, árlegum leik á milli bikarmeistaranna og Íslandsmeistaranna þar sem Matthías Guðmundsson skoraði eina markið í 1-0 sigri. „Sigurinn gegn FH var okkur mikilvægur. Hann gefur okkur aukið sjálfstraust inn í mótið.“

- hþh

### LYKILMAÐURINN

## Guðmundur Ben.



Valsliðið nánast stóð og féll með hans frammistöðu í fyrra og hann verður að halda sínum klassa áfram í sumar ef Valur ætlar að skora mörk. Garðar Gunnlaugsson nýtur þess að spila fyrir framan jafn hæfileikaríkan leikmann og Guðmund. Guðmundur er gríðarlega mikilvægur fyrir liðið sem helsti arkitektinn í sókninni.

### FYLGSTU MEÐ....

## Pálmi R. Pálmasyni

Hefur lengi verið sagður einn allra efnilegasti leikmaður landsins og nú kemur í ljós hvort hann standist þær væntingar sem gerðar hafa verið til hans. Kominn í gott úrvalsdeildarlið úr 1. deildinni og þarf að sanna sig.

**Sóknin:**
Guðmundur er frábær leikmaður en þarf að vera laus við meiðsli. Garðar er með mikið sjálfstraust frá því í fyrra og þá hefur Spangsberg skorað grimmt í vetur. Lítur vel út fyrir Valsmenn.

**Vörnin:**
Misstu Bjarna Ólaf og Grétar Sigfinn en fá Val Fannar Gíslason. Hann þarf að finna sig með Atla Sveini, ef ekki gætu Valsarar lent í vandræðum. Breiddin í miðri vörninni er lítil.




*Líklegt byrjunarlið 4-4-1-1*

**Miðjan:**
Mjög góður mannskapur. Matthías og Baldur eru eitraðir kantmenn og Sigurbjörn á miðjunni er akkerið í liðinu. Þá verður spennandi að fylgjast með Pálma Rafni og Barry Smith.

**Markið:**
Kjartan er öryggið uppmálað á milli stanganna. Sterkur markmaður sem gerir fá mistök og er vanur að ná góðu sambandi við vörnina.

**Bekkurinn:**
Fínn hópur og ef allir eru heilir er bekkurinn skipaður mönnum sem eru vel frambærilegir úrvalsdeildarleikmenn.



**ÓREYNDUR** Walcott hefur enga reynslu úr úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Bobby Robson:

# Walcott á ekki heima þarna

**FÓTBOLTI** Sir Bobby Robson, fyrrverandi landsliðsþjálfari Englendinga í knattspyrnu, hefur áhyggjur af enska landsliðinu sem spilar á HM í sumar. Það er sér í lagi sóknarlínan sem velgir Robson undir uggum en hinn sautján ára Theo Walcott hefur ekkert spilað með Arsenal á tímabilinu.

„Að mínu mati er það mikil áhætta að taka strákinn á mótið. Ég veit að miklar vonir eru bundnar við hann, vissulega er hann efnilegur, en það skiptir engu máli þegar komið er á HM. Ég held að Walcott sé langt, langt, langt frá því að geta komið að notum á HM," sagði Robson, sem sjálfur sagðist munda hafa tekið Jermain Defoe inn í hópinn í staðinn.

„Defoe hefur góða reynslu af að spila í úrvalsdeildinni og hefur nýtt þau tækifæri sem hann hefur fengið með landsliðinu ágætlega, svo ég hefði alltaf tekið hann inn á undan óreyndum unglingi," sagði Sir Bobby Robson. - hþh

Æfingahópur enska landsliðsins fyrir HM vekur undrun á Bretlandseyjum:

# Eriksson valdi Theo Walcott í hópinn

**FÓTBOLTI** Hinn sautján ára gamli sóknarmaður Arsenal, Theo Walcott, var í gær, öllum að óvörum, valinn í 23ja manna æfingahóp enska landsliðsins fyrir HM í Þýskalandi í sumar. Val Svens-Görans Erikssonar á Walcott vekur mikla furðu á meðal fjölmiðla og almennings í Englandi, en sænski þjálfarinn tók ungstirnið, sem hefur enn ekki spilað leik í úrvalsdeildinni, fram yfir menn á borð við Jermain Defoe hjá Tottenham og Darren Bent hjá Charlton, en sá síðarnefndi var markahæsti enski framherjinn í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

„Þetta er mikil áhætta, ég geri mér grein fyrir því, en ég er mjög



**HÓPURINN KLÁR** Sven-Göran Eriksson sést hér á blaðamannafundinum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

spenntur fyrir honum. Hann er stórkostlegt efni og býr yfir miklum hraða, sem er mikils virði í fótboltanum í dag. Síðan verður maður stundum að hlusta á eðlisávísunina," sagði Eriksson á blaðamannafundi í gær þar sem hann gerði grein fyrir vali sínu.

Walcott er einn af aðeins fjórum framherjum enska hópsins og annar þeirra sem eiga ekki við meiðsli að stríða. Peter Crouch er einnig í hópnum ásamt Wayne Rooney og Michael Owen, sem eru báðir að jafna sig eftir ristarbrot. Ekkert pláss er fyrir Shaun Wright-Phillips í hópnum og eins og í tilfelli Bents kemst hann ekki einu sinni í fimm manna hóp sem Eriksson hefur beðið um að vera til taks ef eitthvað kemur upp á.

Athygli vekur að hinn ungi Aaron Lennon hjá Tottenham er valinn í hópinn sem og Owen Hargreaves hjá Bayern Munchen. „Mér finnst þetta vera góður hópur og mjög áhugaverður sem slíkur," sagði Eriksson í gær en hann kvaðst ekki hafa ákveðið hópinn endanlega fyrr en í gærmorgun. - vig

**ENSKI HÓPURINN**

Paul Robinson (Tottenham), David James (Man. City), Robert Green (Norwich), Gary Neville (Man. Utd), Rio Ferdinand (Man. Utd), John Terry (Chelsea), Ashley Cole (Arsenal), Sol Campbell (Arsenal), Jamie Carragher (Liverpool), Wayne Bridge (Chelsea), David Beckham (Real Madrid), Michael Carrick (Tottenham), Frank Lampard (Chelsea), Steven Gerrard (Liverpool), Owen Hargreaves (B. München), Jermaine Jenas (Tottenham), Stuart Downing (Middlesbrough), Joe Cole (Chelsea), Aaron Lennon (Tottenham), Wayne Rooney (Man. Utd), Michael Owen (Newcastle), Peter Crouch (Liverpool), Theo Walcott (Arsenal).

***Til vara***

Scott Carson (Liverpool), Luke Young (Charlton), Nigel Reo-Coker (West Ham), Jermain Defoe (Tottenham), Andy Johnson (C. Palace).

Steve Nash mikilvægastur:

# Hafði mikla yfirburði

**NBA** Það kom engum á óvart að Steve Nash, leikstjórnandi Phoenix Suns, skyldi hafa verið valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar annað árið í röð í gær. Það eina sem kom á óvart var hversu mikla yfirburði hann hafði í kjörinu.

Nash hlaut 924 atkvæði í kjörinu, þar af 57 í efsta sætið, LeBron James hjá Cleveland kom næstur með 688 atkvæði og 16 í efsta sætið, Dirk Nowitzki, Þjóðverjinn í liði Dallas, hlaut 544 atkvæði og 14 í efsta sætið, Kobe Bryant leikmaður LA Lakers hlaut 483 atkvæði og 22 í efsta sætið og Chauncey Billups hjá Detroit hlaut 430 atkvæði og 15 í fyrsta sætið.

Það þurfti heldur ekki að koma á óvart að Ben Wallace skyldi hreppa hnossið í valinu um besta varnarmann deildarinnar. Þessi sterki leikmaður Detroit Pistons hefur nú hlotið þennan heiður fjórum sinnum á síðustu fimm árum. - hþh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

6 7 8 **9** 10 11 12

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

☐ 19.30 **Haukar** og **Valur** mætast í úrslitum Deildabikars HSÍ í handbolta að Ásvöllum í Hafnarfirði.

**SJÓNVARP**

☐ 22.00 **Gillette**-sportpakkinn á Sýn.

☐ 17.50 **Þýski handboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Lemgo** og **Flensburg.**

☐ 19.30 **Fótbolti** á Sýn. Útsending frá ágóðaleik Roy Keane þar sem Celtic og Manchester United mætast.

☐ 20.15 **Deildabikarinn í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá síðari hálfleik í viðureign **Hauka** og **Vals.**




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sallah, I said „no“ camels. That's „five“ camels. Can't you count?“**

Svar: Indiana Jones úr Indiana Jones and the Last Crusade frá 1989.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER Í VANDRÆÐUM MEÐ ÚTVARPIÐ

## *Handboltarokk og trylltar auglýsingar*

Ég á í vandræðum með útvarpið. Ég get ekki fengið það til að vera skemmtilegt. Sama hvað ég ýti mikið á takkana það bara gengur ekkert. Eftir að Skonrokk og Gullið fóru þá er ekki ein einasta stöð í útvarpinu sem ég get treyst á. Það er helst að ég geti sætt mig við Rás 2 eða Gufuna í smástund.

Ef maður vill ekki hlusta á tryllt tipparokk þá útilokar maður tvær stöðvar: Xfm og X-ið. Ef löngun til að hlusta á píkupopp eða lélegt R&B grípur mann sjaldan þá útilokar maður FM 95,7 og Kiss FM. Ef maður fílar ekki smjaðurslega ástarsöngva þá er hvorki hægt að hlusta á Bylgjuna né Létt. Og þar með eru upptaldar nær allar íslenskar útvarpsstöðvar og sýnir þetta hversu hrikalega lélegt úrvalið er. Ég er ekkert að segja að þessar stöðvar eigi ekki rétt á sér enda fullt af fólki sem fílar þær. En hvað með allt hitt fólkið? Af hverju dettur engum í hug að stofna útvarpsstöð sem spilar skemmtilegt popp og rokk, bæði nýtt og gamalt?


**MICHAEL BOLTON** Ekki líkar öllum við hann og aðra álíka rólega og smjaðurslega ástarlagasöngvara sem eru í hávegum hafðir á stöðvum eins og Bylgjunni og Létt.

Svo eins og það sé ekki nóg hvað lögin eru leiðinleg (með örfáum undantekningum), þá eru auglýsingarnar líka algjör hörmung. Það er eins og þær séu gerðar til að fá mann til að öskra af pirringi og skipta um stöð. Ef ég ætti að nefna eitt dæmi þá myndi ég nefna Herra Hafnarfjarðar-auglýsingarnar. Ég veit ekkert um þá búð enda er ég hvorki herra né bý í Hafnarfirði en eitt veit ég og það er að þeir eru með leiðinlegasta auglýsingalesara heims. Hann er svo æstur og með svo pirrandi rödd að maður tryllist bara við að heyra þennan hroðbjóð.

Og eftir slíka upplifun er nú reyndar alveg dásamlega gott að stilla yfir á Gufuna og heyra auglýsingar lesnar upp sem tilkynningar en ekki með óþarfa látum, öskrum og kjánastælum. Kannski er Gufan bara stöðin mín, að minnsta kosti þangað til eitthvað betra býðst.


▶ 19.35 *Dægurmál*
KASTLJÓS


▶ 21.00 *Drama*
LAS VEGAS


▶ 21.00 *Gaman*
BERNIE MAC


▶ 21.00 *Hönnun*
INNLIT/ÚTLIT


▶ 19.40 *Umræða*
HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**16.30** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (35:52) **18.25** Draumaduft (10:13)

**18.30 Gló magnaða (50:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35 Kastljós**
**20.15 Deildabikarinn í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik leiks í úrslitakeppni karla.
**20.20 Mæðgurnar (10:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Víkingasveitin (1:4)** (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Aðalhlutverk leika Ross Kemp, Jamie Draven, Jamie Bamber og Laurence Fox.

**23.20** Dýrahringurinn (2:10) **0.15** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Jack Osbourne – Adrenaline Rush **14.20** Amazing Race 5 **15.05** Super-nanny **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.50 Strákarnir**
**20.15 Amazing Race (7:14)** (Kapphlaupið mikla 8) Sex keppendur eru eftir og liggur nú leið þeirra um Mið-Ameríku.
▶ **21.00 Las Vegas (11:22)** (Down And Dirty) Lífið gengur sinn vanagang á Montecito spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. Landsmót í póker og klámiðnaðarráðstefna eru haldin samtímis á Montecito-hótelinu – með ansi vandræðalegum afleiðingum. 2005. Bönnuð börnum.
**21.45 Prison Break (15:22)** (Bak við lás og slá) Bönnuð börnum.
**22.30 The Robinsons**

**23.00** Twenty Four (Str. b. börnum) **23.45** Bones **0.30** Clint Eastwood: Líf og ferill **2.10** Super Troopers (Str. b. börnum) **3.50** The Man Who Sued God **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (24:24)**
**20.30 Tívolí**
▶ **21.00 Bernie Mac (5:22)** (Hair Jordan) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans. Bernie tekur að sér þrjú börn og á ekki auðvelt með að aðlagast breyttum aðstæðum.
**21.30 Supernatural (13:22)** (Route 666) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bönnuð börnum.
**22.15 Best Laid Plans** (Heimskra manna ráð) Það virðist ekkert ganga upp hjá Nick þessa dagana. Stranglega bönnuð börnum.

**23.45** Extra Time – Footballers' Wive **0.10** Friends (24:24) (e) **0.35** Tívolí

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House – tvöfaldur lokaþáttur** í Bandaríkjunum.
**20.30 Too Posh to Wash**
▶ **21.00 Innlit / útlit** Innlit útlit hefur skapað sér sess sem vandaðasti hönnunar og lífsstíls þáttur þjóðarinnar. Vönduð nálgun á viðfangsefninu, skemmtilegar aðferðir við framsetningu myndefnis og áhugavert tónlistarval hefur vakið mikla athygli áhorfenda þáttarins.
**22.00 Close to Home** Annabeth reynir að fá móðir meints morðingja til þess að bera vitni á móti syni sínum.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal.

**13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

▶ **19.40 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Mona Lisa Smile **8.00** The Terminal **10.05** Drumline **12.00** De-Lovely **14.05** Mona Lisa Smile **16.00** The Terminal **18.05** Drumline **20.00 De-Lovely** (Dá-samlegt) Stjörnum prýdd stórmynd um líf og ástir tónskáldsins Coles Porters. **22.05 In America** (Í Ameríku) Dramatísk kvikmynd. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Escape: Human Cargo (Bönnuð börnum) **2.00** Intermission (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** In America (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **17.00** Pop Stars Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Number One Single **22.30** Number One Single **23.00** 101 Craziest TV Moments **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **16.00** Fulham – Middlesbrough frá 08.05 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Blackburn – Man. City frá 08.05** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.
**21.00 Arsenal – Wigan frá 08.05** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag. ,5

**23.00** Everton – W.B.A. frá 08.05 **1.00** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Amazing Race **Stöð 2** kl. 20.15

### *Þeyst yfir Mið-Ameríku*



Kapphlaupið mikla er nú hafið í áttunda skipti en þátttirnir hafa hlotið miklu fleiri verðlaun en nokkur annar raunveruleikaþáttur. Markmiðið er sem fyrr að þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það eitt að markmiði að verða fyrstur í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni er keppnisfyrirkomulagið með svolítið öðru sniði því liðin tíu sem mættu til leiks samanstóðu af fjögurra manna fjölskyldum. Kapphlaupið hófst á Brooklyn-brúnni en í þættinum í kvöld sjáum við keppendur kljást í Mið-Ameríku þar sem spennan heldur áfram. Aðeins sex lið eru eftir og er keppnin nú hálfnuð.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 2 |
| | | 4 | | 6 | | 1 | 7 | |
| 5 | 6 | | | | 1 | | | 3 |
| | | | 4 | | | 3 | | |
| 3 | 8 | | | | | | 9 | 5 |
| | | 5 | | | 8 | | | |
| 8 | | | 3 | | | | 6 | 4 |
| | 5 | 6 | | 9 | | 2 | | |
| 7 | | | | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 7 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 2 |



▶ **22.30** *Veiði*

SPORÐAKÖST

SÝN besta sætið

**17.50** Þýski handboltinn 2005-2006 (Lemgo – Flensburg)

**19.30 Roy Keane testimonial**
**21.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**
**22.00 Gillette HM 2006 sportpakkinn** (Gillette World Cup 2006) Öll liðin og leikmennirnir á HM 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega fyrir. Frammistaða einstakra leikmanna í undakeppninni rifjuð upp, viðtöl við lykilleikmenn og þjálfarana, leikvangarnir skoðaðir og sérfræðingar spá í spilin.
▶ **22.30 Sporðaköst II (Stóra-Laxá)** Skemmtilegir veiðiþættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land. Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Börkur Bragi Baldvinsson.

**23.00** Þýski handboltinn 2005-2006 (Lemgo – Flensburg) **0.30** Ensku mörkin **1.00** World Poker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Kjarkur, von og söngur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.30** Þar sem börnin eru fyrir ofan meðallag **21.25** Blessað glamrið **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Fiðlusnillingar barokksins **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*...fá Anna Clausen og Bjarni Einarsson sem hafa opnað búðina Belleville á Laugaveginum en þar fæst allt frá hjólabrettum til listrænna leikfanga.*

**AÐ MÍNU SKAPI: HÖGNI EGILSSON, SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI HJALTALÍN OG NORTÓN**

# *Djass, Murakami, kvikmyndahátíðir og París*

**TÓNLISTIN**
Ég hlusta mikið á djass og tiltölulega nýlega hef ég verið að hlusta á ýmsa nýklassík. En svona í rótinni þá hef ég gaman af góðu og skemmtilegu rokki og poppi. Ég fíla til dæmis hljómsveitirnar Animal Collective og Architecture in Helsinki og svo til dæmis tónskáldið Arvo Pärt.

**BÓKIN**
Þegar ég var lítill þá var Benjamín dúfa í miklu uppáhaldi hjá mér. Núna er ég nýbyrjaður á bók eftir Haruki Murakami sem heitir Norwegian Wood, mér líst ansi vel á hana. Svo les ég bara ýmis veftímarit og svoleiðis.

**BÍÓMYNDIN**
Síðasta mynd sem ég sá í bíó og fannst virkilega góð var Good Night and Good Luck. Mér finnst mjög gaman að fara á kvikmyndahátíðir því þá fær maður tækifæri til að horfa á myndir sem maður myndi ekki endilega sjá annars.

**BORGIN**
París þykir mér mjög skemmtileg borg. Hún er svo falleg og það er svo gaman að ganga um hana. Ég er líka voða hrifinn af Brussel enda bjó ég þar í þrjú ár. Þar þótti mér gaman að taka sporvagninn niður í bæ, labba um og gera ekki neitt. Það er skemmtilegur stórborgarfílingur þarna.

**BÚÐIN**
Mér finnst skemmtilegast að fara í plötubúðina www.dustygroove.com á netinu. Þar er svo mikið af skemmtilegu tónlistardóti og oft er það frekar ódýrt.

**VERKEFNIÐ**
Næsta verkefni er að vera í hljómsveit í skapandi sumarstarfi en hún mun heita Sigríður Hjaltalín. Þar sameinast hljómsveitin Hjaltalín og Sigga Toll en auk þessa spila ég líka á gítar í hljómsveitinni Nortón.

**HÖGNI EGILSSON, SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI HJALTALÍN OG NORTÓN.**





**LÁRÉTT 2** hirðing **6** frá **8** lífshlaup **9** frostskemmd **11** samanburðartenging **12** vanvirðing **14** duglegur **16** fyrirtæki **17** móðuþykkni **18** bókstafur **20** rykkorn **21** málmhúða.
**LÓÐRÉTT 1** drykkur **3** tveir eins **4** kvarta **5** málmur **7** stjónmálastefna **10** landspilda **13** skjön **15** líffæri **16** besti árangur **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** rækt, **6** af, **8** ævi, **9** kal, **11** en, **12** ósómi, **14** iðinn, **16** ms, **17** ský, **18** emm, **20** ar, **21** tina.
**LÓÐRÉTT: 1** kakó, **3** ææ, **4** kveinka, **5** tin, **7** fasismi, **10** lóð, **13** mis, **15** nýra, **16** met, **19** mn.

## VEISTU SVARIÐ

svör við spurningum á bls. 8

1. Michael Schumacher
2. Carlos Azeglios Ciampis
3. Theo Walcott




JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON: Á LÖGLEGUM HRAÐA Í GUMBALLL

# Langri keppni lokið

Kappakstri ríka og fræga fólksins, Gumball 3000, lauk í fyrradag í Los Angeles og var lokapartíið haldið á setri Hughs Hefner í Hollywood.

Fjórir Íslendingar tóku þátt í kappakstrinum, þeirra á meðal Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs. Ók hann glæsilegri Bentley-bifreið ásamt félaga sínum Guðmundi Inga Hjartarsyni.

„Ég keyrði sjálfur 700 mílur. Þetta var erfið keppni og flugin voru mjög löng,“ sagði Jón Ásgeir í viðtali við Fréttablaðið. „Það sem kom mér samt mest á óvart í þessari keppni voru fréttir um það heima á NFS að ég hefði verið stoppaður vegna hraðaksturs oftar en einu sinni eða tvisvar. Það er kolrangt því ég var alls ekki stoppaður,“ sagði hann. „Við þurftum að skrifa undir samning fyrir keppnina um að aka á löglegum hraða og að þeim sem brjóti þær reglur verði vísað úr keppni.“ Jón segir að enginn hafi heldur hringt í sig út til að fá staðfestingu á þessum meinta hraðakstri.

Fjölmargar stjörnur tóku þátt í keppninni, þar á meðal rokkarinn Billy Idol, snjóbrettakappinn Tony Hawk, kynbomban Pamela Anderson og leikararnir Viggo Mortensen og Adrien Brody. Auk þess fóru keppendur meðal annars á tónleika með rapparanum Snoop Dogg í Las Vegas og á frumsýningu hasarmyndarinnar Mission Impossible í Salt Lake City í Utah.

Jón Ásgeir segist hvorki hafa hitt Pamelu né Snoop Dogg, auk þess sem hann fór ekki í teitið á setrinu þar sem Hugh Hefner hefur ráðið ríkjum í fjöldamörg ár. Þar hélt Travis Barker úr hljómsveitinni Blink 182 uppi stuðinu ásamt m.a. klámyndakónginum Ron Jeremy sem þeytti skífum.

Alls tóku 240 keppendur þátt í kappakstrinum á 120 bílum. Byrjunarreitur var London en auk Jóns Ásgeirs og Guðmundar Inga tóku þátt héðan frá Íslandi þeir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, og Ragnar Agnarsson.

Icelandair tók þátt í kapphlaupinu á sinn hátt því fyrir utan þátttöku Hannesar leigði fyrirtækið aðstandendum keppninnar eitt stykki Boeing-þotu til að flytja keppendurna á milli þeirra þriggja heimsálfa þar sem keppnin fór fram.

Gumball 3000 er nútímaútfærsla á kvikmyndinni vinsælu Cannonball Run frá árinu 1981 þar sem Burt Reynolds var í aðalhlutverki. Þátttökugjaldið í keppnina, sem var haldin í áttunda sinn í ár, var 5,5 milljónir króna og því ekki á færi hvers sem er að taka þátt.

freyr@frettabladid.is



**KAPPAKSTURSBÍLL** Einn af bílunum sem tóku þátt í Gumball 3000. Kappaksturinn er nútímaútfærsla á kvikmyndinni vinsælu Cannonball Run frá árinu 1981.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Forstjóri Baugs var einn af fjórum Íslendingum sem tóku þátt í Gumball 3000.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Spennan fyrir **Eurovision–keppninni** magnast með hverjum deginum enda styttist óðum í sjálfa keppnina sem fram fer 18. maí í Aþenu. Veðbankinn esctoday.com samanstendur af yfir tuttugu þúsund gallhörðum aðdáendum keppninnar sem greiða atkvæði um hvernig þeir halda að úrslitin verði. Þessa dagana er gengið til atkvæða um undankeppnina en þar keppir **Silvía Nótt** fyrir hönd þjóðarinnar með laginu Congratulations. Sjónvarpsdívunni var í fyrstu spáð mikilli velgengni en fylgið hefur hrunið af henni að undanförnu. Í þessari viku er lagið komið í 10. sætið sem er síðasti farseðilinni inn í lokakeppnina laugardaginn 20. maí en Silvía og félagar voru fyrir síðustu könnun í áttunda sæti. Mestu athygli vekur þó fall finnsku skrýmslanna sem eru dottnir út af þessum lista en þau þykja óvenjuleg í meira lagi.



Og meira af **Eurovision** og aðdáendum keppninnar því betson.com er einnig með veðbanka fyrir þá sem vilja leggja undir á úrslit í keppninni. Tiltrú fólks á sjónvarpsstjörnunni hrokafullu virðast vera að aukast því Silvía þokast hægt og bítandi upp töfluna en hún er nú komið í hið víðfræga 16. sæti sem þjóðin hefur vermt í ófá skipti. Líkurnar á því að Silvía sigri eru þrjátíu á móti einum en fyrir aðeins örfáum vikum voru þær níutíu á móti einum og því ljóst að drottningin lætur engan bilbug á sér finna. Flestir spá því að Grikkir sigri en fast á hæla þeirra fylgir reynsluboltinn **Carola** frá Svíþjóð en hún sigraði árið 1991. Notendur Betson.com eru í kringum þrjú hundruð þúsund og því ljóst að æ fleiri Evrópubúar virðast vera farnir að ná hinum rammíslenska brandara. Ekkert er þó farið að bóla á vangaveltum þjóðarinnar um hvað hún eigi að gera „þegar“ Silvía sigrar en eins og frægt er orðið var þjóðarsálin heldur betur sár þegar það var aðeins formsatriði að sigra árið 1986.

-fgg

# Hitar upp fyrir The Zutons

Hljómsveitin Ampop mun hita upp fyrir bresku hljómsveitina The Zutons á tvennum tónleikum í Sviss dagana 6. og 7. júní næstkomandi.

„Þetta er stærsta tækifærið okkar „live“ fyrir utan landsteinana,“ segir Birgir Hilmarsson, söngvari og gítarleikari Ampop. „Við höfum verið að spila með hinum og þessum en þetta er allt annað og getur verið mikið ævintýri fyrir Ampop.“

Birgir vonast til að tónleikarnir með The Zutons muni leiða til frekara samstarfs og segir það draum fyrir upprennandi hljómsveitir að hita upp fyrir stærri bönd.

The Zutons, sem spilaði á Iceland Airwaves á síðasta ári við mjög góðar undirtektir, gaf nýverið út sína aðra plötu sem nefnist Tired of Hanging Around. Fyrsta plata sveitarinnar, Who Killed... The Zutons, hlaut mjög góðar viðtökur og er The Zutons talin ein sú efnilegasta í Bretlandi í dag.



**AMPOP** Hljómsveitin Ampop hitar upp fyrir The Zutons dagana 6. og 7. júní.

Þann 5. júní mun Ampop jafnframt halda tónleika í París í tilefni af útkomu plötunnar My Delusions í Frakklandi. Eftir það mun sveitin spila í Kópavogi á 17. júní og á hátíðinni Reykjavík Rocks í Laugardalshöll með David Gray og fleirum.

Birgir og félagar voru í Skálholti á dögunum að semja efni fyrir nýja plötu sem hugsanlega kemur út fyrir næstu jól. Franskir blaðamenn frá tímaritunum Les Inrockuptibles og Tapage komu í heimsókn og birtast stórar umfjallanir um Ampop í tímaritunum á næstunni. „Við erum komnir með nóg af nýju efni og það er aldrei að vita nema við eigum eftir að spila það í Höllinni,“ segir Birgir, sem flytur heim til Íslands í sumar eftir að hafa búið í Glasgow um skeið.

-fb



# Vordagar
# ÁLFELGUR OG DEKK!

## Samsettur gangur á dúndurverði
## 99.900 kr. (~~154.290 kr.~~)

*15x10 Dick Cepek-álfelgur og Chaparral 33" dekk*




**ÁLFELGUR margar stærðir**

*Dick Cepek-álfelgur á tilboði frá 13.700 kr.*

**Samsettir dekkja- og felgugangar á flestar gerðir japanskra jeppa og pallbíla með 15% afslætti á vordögunum!**






**BÁTASPIL**



***DW 3000i 12V***

*Kerruspil fyrir vélsleða- og bátaeigendur (3000 lbs)* ***39.900 kr.***

**SPORTJAKKI með og án hlífa**



*Cordura-slitvarnarefni, Reissa 5000 mm vatnsvarnar- og öndunarefni. Hentugur jakki fyrir sleða- og mótorhjólamenn* ***8.980 kr.***

**Margar gerðir**



*Hanskar fyrir útivistar- og mótorhjólafólk, margar gerðir. Verð frá* ***1.990 kr.***

**NÝTT langt álbox**



*Allar gerðir af álboxum fyrir ferðalagið með* ***20% afslætti.***

06-0014 KC

ARCTIC TRUCKS®

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum á morgun Átt þú miða?



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Klám*

Þegar skoðaðar eru fréttamyndir af mannlífinu í íslömskum löndum eru skilin milli kynjanna skýr. Karlarnir baða sig á almannafæri í sumarhitum, hrópa vígorð og brenna fána. Almúgakonur sjást mun sjaldnar taka þátt í mótmælum heldur tölta friðsamar um markaði. Þær eru klæddar frá toppi til táar, horfa út um rifu og stundum eru jafnvel augun hulin neti.

**ÁÞJÁN** þessara kvenna er fyrir okkur hér í frelsinu eitt skýrasta dæmið um þau myrku öfl sem öfgunum stýra. Að fötin séu fangelsi þeirra þá sjaldan sem þeim auðnast að líta dagsins ljós og eru ekki lokaðar inni á heimilunum. Klæðnaðinn lítum við á sem sönnun þess að múslímakonur séu kúgaðar af karlmönnum, þeir stjórni samfélaginu en þær séu auðmjúkar á meðan. Skiljum ekki hvernig þær geta látið bjóða sér þetta. Að þær skuli ekki gera uppreisn og klæða sig eins og við.

**HÉR** í siðmenningunni er konan fullkomlega frjáls að því að klæðast hverju sem henni þóknast og hún getur átölulaust berað allt sitt hold. Auðvitað þætti fáránlegt ef hún kysi að fara hina leiðina og sveipa sig serk svo rifaði í augun. Að ég tali nú ekki um ef hún fengi sér net fyrir rifuna. Sennilega myndi samfélagið bregðast harkalega við, í besta falli yrði hún að athlægi. Fjölskyldan yrði miður sín, börnin sennilega ekki kát með útganginn á mömmu sinni. Ekki gaman að láta gömlu konuna mæta í tjaldinu með andlitsblæjuna á bekkjarkvöld í skólanum.

**FRJÁLSLYNDI** okkar birtist í umburðarlyndi gagnvart klámi og er þannig einstefna í hina áttina. Ungar stúlkur eiga helst að vera orðnar kynþokkafullar svona tólf ára. Til undirbúnings er víða til sölu fatnaður á litlar telpur sem myndi sóma sér á hvaða súlumey sem er. Bolir með tvíræðum áletrunum fyrir alveg niður í tveggja ára þykja til dæmis dálítið smart. Á seinni stigum grunnskóla geta stúlkur átt von á tilboði um aðgang að góðu partíi ef þær láta blíðu sína í staðinn og komið hefur í ljós að einhverjum finnast það sanngjörn býtti.

**EF** serkurinn er sönnun kúgunar hjá múslimum hlýtur klámið að vera vitnisburður um frelsið hjá okkur. Þegar ekkert þykir ósiðlegt lengur hljótum við að vera orðin rosalega frjáls.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.**

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

*11.807 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



ARGUS / 06-0288



*Hávaxtareikningar*

Háir vextir og mikið öryggi!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi.
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron – frelsi í bankaviðskiptum